FRÍÐA SIGURÐARDÓTTIR

*Miður sín vegna fátæktarinnar í Nígeríu*

• ferðir • heimili • bílar

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS






ÓTTAR FELIX HAUKSSON

*Popparar moka upp laxinum*

Veiðifélagar úr Pops hafa átt gott veiðisumar.

FÓLK 30





SÉRBLAÐ FYLGIR

Europris

FRÁBÆR TILBOÐ!


# FRÉTTABLAÐIÐ


FRÍTT

10. september 2008 — 246. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



### Leið til betra lífs

Fyrsta gregoríska morgunmessan sungin í Hafnarfjarðarkirkju klukkan 8 í dag.

TÍMAMÓT 18

### Krókurinn sem beygist

Einar Már Jónsson segir frá fræknum nautabana sem storkar franskri löggjöf um barnavinnu.

Í DAG 16

### Sokkamokka



Guðmundur Lúðvíksson býður íbúum Reykjanesbæjar kaffibolla í skiptum fyrir sokk.

FÓLK 24

### Skotarnir mættir



Ísland spilar annan leik sinn í undankeppni HM 2010 í dag gegn Skotum á Laugardalsvellinum. Búist er við mikilli stemningu á vellinum.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA VÆTA** Í dag verða austlægar áttir, 5-10 m/s. Rigning eða skúrir víða um land en þó úrkomulítið norðvestan og vestan til í fyrstu. Hiti 10-16 stig.

VEÐUR 4

# Sparisjóðirnir komnir á hættulegar slóðir

**Sumir sparisjóðir eru „óþægilega nálægt“ hættumörkum. Forstjóri Fjármálaeftirlitsins undrast afkomu af grunnstarfsemi og hvetur til sameiningar.**

**VIÐSKIPTI** „Í þessum tölum vekur athygli slök afkoma margra smærri fjármálafyrirtækja af grunnstarfsemi,“ segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME).

Stofnunin sendi í gær frá sér yfirlit um afkomu íslenskra fjármálafyrirtækja í fyrra. Þar kemur meðal annars fram að í hópi sparisjóðanna voru það einungis Sparisjóður Siglufjarðar og Sparisjóður Kaupþings sem högnuðust á grunnstarfsemi, inn- og útlánum, í fyrra. Allir aðrir sparisjóðir töpuðu á grunnstarfseminni. Í heildina nemur tapið næstum fimm milljörðum króna, en mest munar um gríðarlegt tap fjögurra stofnana; SPRON, Byrs, Sparisjóðs Mýrasýslu og Sparisjóðsins í Keflavík.

Eigið fé margra sparisjóða hefur dregist verulega saman á fyrri helmingi þessa árs. Í sumum tilvikum er það orðið „óþægilega nálægt“ lögbundnu átta prósenta hlutfalli, segir Greiningardeild Kaupþings.

Jónas Fr. Jónsson segir tölur frá fyrri hluta þessa árs sýna að þessum fyrirtækjum eigi áfram eftir að ganga illa og eiginfjárhlutfall þeirra fari lækkandi. „Ætla má að rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja verði erfitt á næstunni og því nauðsynlegt að fyrirtækin lækki kostnað og minnki efnahag sinn. Hann bætir því við að mikilvægt sé fyrir hin smærri fyrirtæki að íhuga sameiningarkosti.

Tilkynnt hefur verið um formlegar sameiningarviðræður Saga Capital og VBS fjárfestingabanka. Samkvæmt heimildum Markaðarins kynnu frekari sameiningar að vera framundan. Einkum er litið til Glitnis og Byrs.

Einnig er fullyrt að áhugi sé fyrir samruna Landsbankans og Straums, sem að miklu leyti eru í eigu sömu eða tengdra aðila.

- ikh, bih / Sjá Markaðinn



**SKOSKIR DAGAR Í REYKJAVÍK** Stuðningsmenn skoska landsliðsins í knattspyrnu hafa sett mikinn svip á lífið í Reykjavík í vikunni. Þeir munu væntanlega fara mikinn í Laugardalnum í kvöld þegar Ísland tekur á móti Skotum í undankeppni HM. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Störf Breiðavíkurnefndarinnar frá apríl 2007 fram að skýrslu í febrúar á þessu ári:

# Heildarkostnaður 19 milljónir

**SAMFÉLAGSMÁL** Heildarkostnaður við störf Breiðavíkurnefndarinnar frá apríl 2007 þar til hún skilaði skýrslu sinni í febrúar á þessu ári nemur 18,9 milljónum króna að sögn Páls Þórhallssonar, lögfræðings í forsætisráðuneytinu.

„Það er ekki óeðlilegt að það kosti sitt að rannsaka þessi mál,“ segir Friðrik Þór Guðmundsson, stjórnarmaður Breiðavíkursamtakanna. „En auðvitað yrði það afar sérkennilegt ef meðal-sérfræðingurinn fengi meira greitt en meðal-Breiðavíkurdrengurinn.“

Róbert Spanó, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og formaður nefndarinnar, segir að samkvæmt sínum upplýsingum hafi 158 verið vistaðir í Breiðavík en þar af séu 33 látnir.

„Mín fyrstu viðbrögð eru þau að þó svo að þessi kostnaður virðist nokkuð mikill þá yrði ég manna síðastur til að gagnrýna það,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri græns.

- jse

Silja Hauksdóttir:

# Leikstýrir áramótaskaupinu

**FÓLK** Silju Hauksdóttur hefur verið falið hið vandasama verk að leikstýra áramótaskaupi Sjónvarpsins í ár. Hún skrifar jafnframt handritið ásamt þeim Sigurjóni Kjartanssyni, Ilmi Kristjánsdóttur og Hjálmari Hjálmarssyni.



SILJA HAUKSDÓTTIR

Hjálmar segir að skaupið verði sett fram með öðrum hætti en undanfarið. Málefni líðandi stundar verði þó sem fyrr í fyrirrúmi.

-fb/ sjá síðu 30

Rammaáætlun um virkjanir:

# Geysir metinn og Gullfoss líka

**UMHVERFISMÁL Geysir og Hvítá, sem rennur í Gullfoss, eru meðal þeirra fimmtíu virkjanakosta sem metnir verða í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.**

**Hún á að vera frágengin fyrir árslok 2009, segir í stjórnarsáttmála. En iðnaðarráðherra hefur sagt að vinnunni skuli lokið í júlí 2009.**

**Formaður verkefnisstjórnar um rammaáætlunina stefnir að því að skila einhverjum niðurstöðum í júlí, en miðar frekar við árslokin.**

- kóþ / sjá síðu 12

Skuggabankastjórnin:

# Vill lækka vexti um 25 punkta

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands ætti að lækka stýrivexti um 0,25 prósentustig á vaxtaákvörðunardegi sínum á morgun, samkvæmt áliti skuggabankastjórnar Markaðarins.

Að þessu sinni voru skiptar skoðanir innan bankastjórnarinnar. Tveir vildu halda vöxtum óbreyttum. Hinir tveir vildu hefja lækkunarferli stýrivaxta nú þegar.

-bih, ókh / sjá Markaðinn


DELTALIGHT



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

STÓRÚTSALA
ALLRA SÍÐUSTU DAGAR...
Allt að 80% afsláttur
Parket - Flísar - Hurðir - Hreinlætistæki
Egill Árnason hf
www.egillarnason.is I Sími: 595 0500

muundu eftir mjólkinni!
muu

## SPURNING DAGSINS



*Jens, ertu sáttur við gengið?*

Já, gengi Jens er alltaf á uppleið.

Gengi japanska jensins hefur hækkað gríðarlega undanfarna daga. Jens Andrésson er fyrrverandi formaður SFR.

Allsherjarnefnd fjallar um nálgunarbann:

# Úrskurðarvald ekki til lögreglu

**ALÞINGI** Heimild til að úrskurða mann í nálgunarbann verður áfram hjá dómstólum en ekki flutt til lögreglu eða saksóknara.

Allsherjarnefnd Alþingis ræddi slíkar breytingar í meðferð sinni á frumvarpi dómsmálaráðherra um nálgunarbann en álit hennar lá fyrir síðdegis í gær.

Eftir að hafa hlýtt á fylgismenn beggja sjónarmiða telur nefndin að fram þurfi að fara ítarleg skoðun á kostum þess og göllum að ráðast í flutning á forræði í nálgunarbannsmálum frá dómstólum til lögreglu.

„Þó ég hafi talað fyrir því að heimildin yrði flutt til lögreglu þá stend ég heils hugar á bak við þetta álit nefndarinnar,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingar og varaformaður allsherjanefndar.

„En það komu upplýsingar á borð nefndarinnar frá þungavigtarlögmönnum í réttarfarsnefnd sem bentu á að hugsanlega myndi málsmeðferðin þyngjast og lengjast með slíkum flutningi meðal annars vegna andmælaréttar geranda,“ segir Ágúst Ólafur. „Þá komu upp efasemdir um hvort við værum að taka rétt skref og því köllum við eftir úttekt á hugsanlegri breytingu í þessa átt þannig að við fáum meiri upplýsingar á borðið.“ - bþs/jse



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON** Að sögn varaformanns allsherjarnefndar myndi málsmeðferði hugsanlega þyngjast og lengjast ef úrskurðarvald í nálgunarbannsmálum yrði fært til lögreglu.

Karlmaður á fertugsaldri:

## Kærður fyrir að nauðga barni

**LÖGREGLA** Maður á fertugsaldri er grunaður um að hafa nauðgað þrettán ára stúlku í samkvæmi á heimili sínu á Eyrarbakka aðfaranótt laugardags.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kærðu forráðamenn stúlkunnar manninn á sunnudaginn og í kjölfarið var hann handtekinn en sleppt að því loknu. Annar maður sem var í samkvæminu hefur líka verið yfirheyrður. Meintur brotamaður er grunaður um að hafa veitt stúlkunni áfengi og notfært sér síðan ölvunarástand hennar til að koma vilja sínum fram. Málið er í rannsókn hjá lögreglu. - th

Grunur um kynferðisofbeldi:

## Grettisgötumaður í gæslu

**LÖGREGLUMÁL Karl á fimmtugsaldri hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 23. september. Hann er grunaður um að hafa áreitt barn kynferðislega í miðborginni.**

**Atvikið átti sér stað aðfaranótt síðastliðins laugardags. Kona var ein ásamt sex ára barni í húsi við Grettisgötu. Um nóttina vaknaði hún við mannaferðir í húsinu. Þegar hún fór að athuga málið mætti hún ókunnugum manni. Hann lagði á flótta þegar hann sá hana.**

**Maðurinn er talinn hafa komist inn um glugga. Hann var handtekinn síðdegis í fyrradag og úrskurðaður í gæslu í gær.** - jss

Árni Johnsen fyrirgefur Agnesi:

## Hættur við málshöfðun

**DÓMSMÁL** Árni Johnsen alþingismaður hefur fallið frá stefnu á hendur Agnesi Bragadóttur, blaðamanni á Morgunblaðinu, fyrir meiðyrði. Árni stefndi Agnesi eftir að hún kallaði hann meðal annars „dæmdan glæpamann“, „stórslys“ og „reginhneyksli“ í útvarpsþætti í sumar. Krafðist Árni fimm milljóna króna í miskabætur.



**ÁRNI JOHNSEN**

Í tilkynningu frá Árna segir að þótt Agnes hafi „klárlega brotið lög með orðbragði sínu og skíthroða í minn garð“ ætli hann að fyrirgefa henni, enda eigi ekki „að elta ólar við fólk sem hefur yndi af illmælgi“. Í Silfri Egils á sunnudag áréttaði Agnes að hún stæði við allt sem hún sagði um Árna í útvarpsþættinum. - bs

# Nágrannar ósáttir við turnbygginguna

**Íbúar og veitingamenn óttast skuggavarp og rask vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar við Vegamótastíg. Sjö athugasemdir bárust skipulagsráði þar sem meðal annars er komið inn á fordæmi þess að lyfta gömlu húsi upp á nýbygginguna.**

**SKIPULAGSMÁL** „Það verður skuggavarp hérna á portið hjá okkur,“ segir Andri Björnsson, veitingamaður á Vegamótum um nýsamþykktar deiliskipulagsbreytingar fyrir Vegamótastíg 9.

Skipulagsráð samþykkti breytingarnar á fundi sínum á miðvikudaginn. Þær gera ráð fyrir þriggja hæða nýbyggingu með kjallara og verður eldra hús, sem fyrir er á reitnum endurbyggt sem turn ofan á nýbyggingunni.

Andra sýnist sem svo að skuggi verði á portinu um hádegisbil og segir hann í andmælabréfi, sem hann sendi skipulags- og byggingasviði í sumar, að skuggavarp muni koma til með að hafa mjög neikvæð áhrif á sölu í hádegi á Vegamótum, þegar treyst er á hvað mesta sölu.

„Ég er almennt hlynntur uppbyggingu í miðbænum en þetta er náttúrulega svolítið spes, að hífa húsið þarna upp á,“ segir Andri.

Sjö bréf með athugasemdum bárust skipulagsráði vegna breytinganna. Meðal annars eru gerðar athugasemdir við að nýtt hús verði um 6 metrum hærra en það sem fyrir er.

„Þótt sumum finnist það bráðfyndin hugmynd að setja gamla húsið á Vegamótastíg 9 upp á þak nýbyggingar á horninu [], finnst okkur það jafn galin hugmynd,“ segir meðal annars í athugasemd frá Valdísi Bjarnadóttur arkitekt og Gunnari Inga Ragnarssyni verkfræðingi.

Þá kemur Ögmundur Skarphéðinsson arkitekt inn á fordæmisgildi tillögunnar. „Í því sambandi er rétt að benda á þá staðreynd, að sambærilegar aðstæður – lágreist timburhús á götuhorni, næst háum göflum steinsteyptra húsa má mjög víða finna í miðborg Reykjavíkur. Í ákveðnum tilvikum hafa eigendur slíkra húsa leitað leiða til að komast hjá friðunar- eða verndunarákvæðum, sem hvíla kunna á viðkomandi eignum,“ segir Ögmundur í athugasemdum sínum.

Í drögum að umsögn skipulagsstjóra vegna athugasemdanna segir að ástæðan fyrir því að gömlu húsin séu endurbyggð ofan á nýju húsi sé „einlægur vilji til að leysa þá sjálfheldu sem gömlu húsin og íbúar þeirra eru í vegna þróunar byggðarinnar í kring og breyttrar starfsemi“.

„Ég er mest hræddur við allt raskið í kringum þessa framkvæmd,“ segir Kormákur Geirharðsson, veitingamaður á Ölstofu Kormáks og Skjaldar. Vegna framkvæmdanna þurfi krana og steypubíla. Það þurfi að grafa og sprengja og því verði lokað fyrir aðgengi að veitingastöðum á meðan.

olav@simnet.is



**GÓÐVIÐRISSTEMNING** Fjöldi fólks nýtur veðurblíðunnar í portinu milli Vegamóta og Ölstofu Kormáks og Skjaldar við Vegamótastíg á hverju sumri enda afar skjólsælt í portinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**VEGAMÓTASTÍGUR 9** Tillagan gerir ráð fyrir þriggja hæða húsi með bílakjallara sem ekið er í frá Grettisgötu auk þess sem eldra hús verður endurbyggt ofan á nýbyggingunni.



**EIN ÍSLENSK KRÓNA** Nú þarf fleiri krónur til að kaupa einn Bandaríkjadal en um áramótin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gengisvísitalan í methæðum:

## Krónan aldrei verið veikari

**VIÐSKIPTI Krónan veiktist um 1,7 prósent í gær og endaði í 169 stigum. Vísitalan hefur hækkað um 41 prósent frá áramótum og hefur aldrei verið hærri. Seðlabanki Íslands hóf að skrá gengi krónunnar um áramótin 1993.**

**Krónan hefur nú lækkað verulega þrjá daga í röð. Á föstudag féll hún um tvö prósent eftir birtingu talna Seðlabankans um viðskiptahalla en um eitt prósent á mánudag. Lækkun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum skýrir lækkunina í gær að mestu.**

**Bandaríkjadalur, sem hefur styrkst verulega gagnvart helstu gjaldmiðlum upp á síðkastið, kostaði í gær 90,5 krónur og hefur ekki verið dýrari síðan í byrjun júní 2002.** - jab

Alvarlegt gabb í 112:

## Laug upp morði

**DÓMSMÁL** Reykvískur karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir alvarlegt gabb er hann hringdi í Neyðarlínu.

Maðurinn hringdi í Neyðarlínuna að kvöldi dags úr kortalausum farsíma. Hann tilkynnti ranglega að hann hefði myrt nafngreindan mann í tilteknu húsi á Kleppsvegi í Reykjavík. Símtalið varð til þess að lögreglumenn fóru á vettvang, vöktu íbúa hússins og ræddu við hann vegna tilkynningarinnar. - jss






Eigandi borfyrirtækisins Alvarrs segir vænlegt um að litast á dísilknúinni eyju:

# Hiti finnst í jörðu á Grímsey

**ORKA** „Þetta lítur vænlega út. Holan er orðin 460 metra djúp og botnhitinn er 65 gráður,“ segir Friðfinnur Daníelsson verkfræðingur um boranir fyrirtækisins Alvarrs í Grímsey.



**FRIÐFINNUR DANÍELSSON**

Eyjan í norðri hefur hingað til ekki notið þess að nýta jarðvarma. Rafmagn og húshitun eyjarskeggja fæst með brennslu dísilolíu.

„Ég tel að borinn hafi skorið 55 gráðu æð á 400 metra dýpi en þetta er erfitt að meta. Ætlunin er að bora töluvert dýpra,“ segir Friðfinnur.

Hann kveðst efins um að hann hafi fundið nægilega mikið af heitu vatni enn sem komið er.

„Nú erum við enn að reyna að staðfesta að hér sé nógu mikið heitt vatn og ég myndi segja að í sjálfu sér væru 55 gráður ásættanlegur hiti. Þetta er trúlega sjór hér undir og neysluvatnið yrði hitað upp í varmaskipti með honum. En miðað við fjarlægðir er allt í lagi ef vatnið leggur af stað 50 gráðu heitt,“ segir hann.

Friðfinnur vonast til að ljúka rannsóknum sínum fyrir næstu helgi og fara niður fyrir 600 metrana. „Þá kemst þetta á hreint. Hitinn eykst hlutfallslega hratt fyrir neðan 400 metra dýpi. Ég get því ekki annað en verið vongóður.“ segir hann. - kóþ



**FJÖLMUNDUR TRAUSTASON BORSTJÓRI VIÐ JARÐBORINN BJARMA** Grímsey er dísilsamfélag og væri því mikill ávinningur fyrir eyjarskeggja að ná að virkja jarðhita. MYND/ALVARR



Okkur langar
til London
Það skiptir ekki máli á hvaða aldri þú ert eða hver áhugamál þín eru. London að hausti iðar af lífi frá morgni til kvölds og þar geturðu gert nákvæmlega það sem þig langar – hver sem þú ert.
Ef þig langar til London í haust skaltu bóka þína ferð á www.icelandexpress.is
Iceland Express
með ánægju
Okkur langar að fara á Mamma mia! á West End. Það er víst algjörlega brilljant sýning.
Okkur langar að fá okkur indverskt á Brick Lane. Vindaloo-kjúklingur, naan brauð, raita og gott rauðvín... mmm...
Okkur langar að rölta um á fallegum degi á Suðurbakkanum. Detta kannski inn á tónleika í Royal Festival Hall og kíkja á kaffihús. Njóta útsýnisins og fylgjast með mannlífinu.
Okkur langar að eyða góðum tíma á söfnunum. Muna bara að ætla sér ekki um of. Taka þetta bara í smáskömmtum á hverjum degi.
Okkur langar að versla smá. Um að gera að fara á markaðinn í Camden. Oft hægt að gera góða díla þar.
www.icelandexpress.is

## GENGIÐ 09.09.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 88,98 | 89,40 |
| Sterlingspund | 157,09 | 157,85 |
| Evra | 126,17 | 126,87 |
| Dönsk króna | 16,916 | 17,014 |
| Norsk króna | 15,738 | 15,830 |
| Sænsk króna | 13,326 | 13,404 |
| Japanskt jen | 0,8224 | 0,8272 |
| SDR | 137,23 | 138,05 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
166,3355

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kröfu lögreglu um áframhaldandi gæsluvarðhald synjað:

# Fíkniefnasala sleppt úr haldi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur hafnað kröfu lögreglustjórans á Suðurnesjum um að maður, sem hefur viðurkennt hjá lögreglu að vera fíkniefnaneytandi í töluverðri neyslu og hafa stundað sölu og dreifingu fíkniefna, sitji áfram í gæsluvarðhaldi.

Héraðsdómur hafnaði kröfu um áframhaldandi gæsluvarðhald til 6. október. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn.

Í kröfu lögreglustjóra kemur fram að brotaferill mannsins sé nær óslitinn frá vormánuðum 2007. Hann hafi viðurkennt sautján fíkniefnabrot, þar af átta á þessu ári. Maðurinn hefur haft í fórum sínum allar mögulegar tegundir fíkniefna, þegar lögregla hefur haft afskipti af honum, auk stungulyfja og ofskynjunarsveppa.



**HÆSTIRÉTTUR** Staðfesti úrskurð héraðsdóms.

Maðurinn var meðal annars tekinn með fimmtíu og sjö töflur af ofskynjunarlyfinu LSD og 392 e-töflur til söludreifingar. Að því er fram kemur virðist hann hafa verið nokkuð stórtækur í fíkniefnasölu. Mikil umferð hafi jafnan verið í kringum heimili hans og hann virðist vera mjög tengdur undirheimum fíkniefna.

Maðurinn hefur fimm sinnum sætt viðurlögum vegna fíkniefnabrota og var í byrjun sumars ákærður einn ganginn enn. - jss

Fjármálakreppan vestanhafs:

# Bréf Lehman Brothers hrynja

**VIÐSKIPTI Hlutabréf í Lehman Brothers, fjórða stærsta fjárfestingabanka Bandaríkjanna, hrundu í verði í kauphöll New York í gær. Gengi bréfanna féll um allt að 40 prósent í viðskiptum dagsins.**

**Óttast er að gjaldþrot blasi við fyrirtækinu ef stjórnendum þess tekst ekki að finna nýja eigendur sem gætu lagt fram nýtt hlutafé. Í gær var tilkynnt að viðræðum við kóreska þróunarbankann hefði verið slitið. Lehman, sem á meira fé bundið í illseljanlegum skuldvafningum en hinir stóru fjárfestingarbankarnir, mun birta árshlutauppgjör þriðja ársfjórðungs í næstu viku.** - msh

# Íslendingarnir strax teknir í nám í arabískum dönsum

**Ánægðar en þreyttar flóttakonur hittu stuðningsfjölskyldur sínar á Akranesi í gær. Börnin kynntust nýjum heimkynnum og ekki síður leikföngum. Ein konan byrjaði strax að kenna arabíska dansa.**

**FLÓTTAFÓLK** Flóttakonurnar átta, sem komu til Akraness aðfaranótt þriðjudagsins, voru ánægðar með nýju heimkynnin sín. Að baki áttu þær heilmikið ferðalag ásamt börnum sínum en þær hafa í raun verið á ferð í þrjá daga.

Heilmikið var um að vera hjá nýjum íbúum Akraness strax fyrsta daginn. Leysa þurfti úr ótal smáatriðum og var starfsfólk Rauða krossins og Akraneskaupstaðar á þönum með þeim. Klukkan 16 hittu palestínsku fjölskyldurnar þær íslensku sem munu verða þeim til stuðnings.

Elínborg Guðmundsdóttir og Kjartan Þorsteinsson, maður hennar, eru meðal stuðningsfjölskyldnanna og sögðu Fréttablaðinu í síðustu viku frá undirbúningnum fyrir komu fólksins. Elínborg segir gærdaginn hafa verið spennandi.

„Ég var bara eins og hálf manneskja í vinnunni allan daginn og beið með fiðrildi í maganum eftir að hitta Linu og börnin hennar. Það var svo æðislega gaman að taka í höndina á henni og hitta hana augliti til auglitis í stað þess að horfa bara á hana á mynd,“ segir Elínborg.

Lina á tvo drengi, tíu og sex ára, og þriggja ára stúlku. Þrátt fyrir langt og strangt ferðalag vaknaði fjölskyldan klukkan átta í nýjum heimkynnum og fór í göngutúr. „Þau voru búin að ganga niður að Langasandi og leist bara vel á sig. Þetta eru greinilega drífandi konur með bein í nefinu og ætla sér að gera það besta úr aðstæðum sínum hér.“

Fundurinn í dag fór fram í félagsmiðstöð barna og unglinga, Þorpinu, og þar var margt nýtt að sjá fyrir börnin. „Litla stelpan var nú orðin uppgefin og svaf, en strákarnir gátu ekki setið kyrrir. Þeir hlupu um allt og skoðuðu billjarð- og borðtennisborðin, tölvurnar og allt það dót sem þeir hafa aldrei séð áður. Við ákváðum að vera ekki að trufla þá og leyfa þeim bara að njóta sín.“

Þrátt fyrir ferðaþreytu voru allir mjög ánægðir með að vera komnir til landsins. Sumar kvennanna voru strax byrjaðar í skipulaginu. „Við erum öll með ensk/arabískar orðabækur og ætlum að vera dugleg að læra málið og þær íslenskuna. Þá vildi ein konan strax fara að kenna okkur arabíska dansa og kom með tónlist. Ætli hún verði ekki bara með dansnámskeið hér í vetur,“ segir Elínborg og hlær.

kolbeinn@frettabladid.is



**FYRSTI FUNDURINN** Elínborg og Kjartan hittu Linu í fyrsta skipti í gær. Hún var ánægð með nýju heimkynnin sín og strákarnir hennar ekki síður ánægðir með öll nýju leikföngin sem þurfti að skoða. MYND/SKESSUHORN



**FERÐAÞREYTA** Ferðalangarnir voru þreyttir við komuna til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**UTANRÍKISRÁÐHERRAR** Utanríkisráðherrar Abkasíu, Rússlands og Suður-Ossetíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússaher fer frá Georgíu:

# Áfram í Abkasíu og S-Ossetíu

**RÚSSLAND, AP** Rússar byrjuðu í gær að flytja hersveitir sínar frá Georgíu, en ætla þó að hafa hermenn áfram í Abkasíu og Suður-Ossetíu um fyrirsjáanlega framtíð.

„Þeir verða þar í langan tíma,“ sagði Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, í gær. Hann sagði það nauðsynlegt til að „koma í veg fyrir afturhvarf til árásarhegðunar“.

Rússar féllust á mánudag á að Evrópusambandið sendi friðargæsluliða til Georgíu, sem taki við af rússneska hernum þar. - gb

64 grömm af amfetamíni:

# Karl Bjarni aftur ákærður

**DÓMSMÁL Ákæra á hendur Karli Bjarna Guðmundssyni var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudaginn. Hann er ákærður fyrir að hafa undir höndum rúm 64 grömm af amfetamíni þegar hann var handtekinn á Hótel Vík í Síðumúla 28. mars síðastliðinn.**

**Karl Bjarni afplánar nú tveggja ára fangelsisdóm á Kvíabryggju fyrir tilraun til að smygla tveimur kílóum af kókaíni til landsins.**




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**VÆTUSAMT** Við erum og verðum í rigningarlofti næstu daga. Þetta verður þó ekki samfelld rigning alla þessa daga heldur dúrar á milli og úrkomumagnið mismunandi eftir landshlutum og dögum. Við getum sagt að fram að helgi verði heldur þurrara vestan til en um eða eftir helgi verður þurrt norðaustan og austan til.




Á MORGUN 5-10 m/s

FÖSTUDAGUR 3-8 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 17° |
| Ósló | 13° |
| Stokkhólmur | 16° |
| Gautaborg | 19° |
| London | 21° |
| París | 24° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Berlín | 20° |
| Alicante | 28° |
| Mallorca | 31° |
| Basel | 25° |
| Eindhoven | 24° |
| Las Palmas | 26° |
| New York | 22° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Amerískir dagar






## Starbucks kaffi

Starbucks kaffi - Flutt inn sérstaklega frá Ameríku fyrir okkur. Mikið úrval af möluðu og einnig baunum.

Eingöngu í Hagkaup




TILBOÐ 299 kr/pk
Verð áður 369




Eingöngu í Hagkaup

## Soft baked chunk

- Soft baked chunk súkkladibitakökur




Eingöngu í Hagkaup

## Taco Bell

– frábærar vörur í ameríska matseld




Eingöngu í Hagkaup

## Snyder´s of Hanover

- amerískt snakk, algjört lostæti!




## Oreo kex

– Oreo extra amerískt súkkulaðikex

TILBOÐ 99 kr
Verð áður 159



## Skreyttir kleinuhringir

– ekta amerískt

TILBOÐ 699 kr/pk.
Verð áður 820




## Coke 4 í pk.

– Coke 2 L 4 flöskur saman

Gildir til 21. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Á að beita brottvísunum á erlenda brotamenn meira en nú er gert?*

| | |
|---|---|
| Já | 98% |
| Nei | 2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fylgist þú með Ólympíuleikum fatlaðra?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Leiðtogaskipti í danska Íhaldsflokknum eftir að Bendt Bendtsen sagði af sér:

# Espersen tekur við forystunni

**DANMÖRK, AP** Bendt Bendtsen sagði af sér í gær sem leiðtogi danska Íhaldsflokksins og hættir jafnframt sem varaforsætisráðherra í ríkisstjórn Anders Fogh Rasmussen.

Við formennsku í Íhaldsflokknum tók Lene Espersen, sem hefur verið dómsmálaráðherra ríkisstjórnarinnar. Búist var við að Fogh Rasmussen myndi gera frekari breytingar á ráðherraliði sínu í kjölfar brotthvarfs Bendtsens, en danskir fjölmiðlar héldu því fram í gær að þær breytingar yrðu litlar. Bendtsen ætlar að bjóða sig fram til Evrópuþingsins á næsta ári, en hann hefur verið leiðtogi Íhaldsflokksins síðan 1999. Hann ætlar að halda sæti sínu á danska þinginu þangað til Evrópuþingkosningarnar verða haldnar.

„Það er kominn tími til að breyta um forystu í Íhaldsflokknum," sagði hann í gær. „Ég hef verið að hugsa um þetta um skeið, og nú er rétti tíminn kominn." Íhaldsflokkurinn er minni flokkurinn í tveggja flokka minnihlutastjórn með Venstre-flokknum, sem er flokkur frjálslyndra hægrimanna undir stjórn Foghs Rasmussen forsætisráðherra. Danski þjóðarflokkurinn, sem er flokkur þjóðernissinna, hefur varið ríkisstjórnina falli á kjörtímabilinu. **- gb**




**LENE ESPERSEN** Dómsmálaráðherra í stjórn Anders Fogh Rasmussen tekur við formennsku í Íhaldsflokknum. NORDICPHOTOS/AFP

Árásin í Breiðholti:

## Sambýlismaðurinn laus

**LÖGREGLUMÁL Sambýlismaður konu, sem liggur enn þungt haldin á sjúkrahúsi eftir að gengið var í skrokk á henni, var látinn laus úr gæsluvarðhaldi í gær. Lögregla gerði ekki kröfu um að maðurinn sæti áfram inni.**

**Atvikið átti sér stað á heimili fólksins 1. september. Áfengi hafði verið haft um hönd, sem endaði með ofangreindum afleiðingum. Grunur beindist að sambýlismanni hennar. Konan var meðvitundarlaus þegar hún var flutt á sjúkrahús á mánudagskvöld eftir atvikið. Hún hlaut blæðingu á heila og þurfti að gangast undir bráðaaðgerð. - jss**



**KIM JONG IL** Leiðtogi Norður-Kóreu talinn alvarlega veikur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kim Jong Il talinn veikur:

## Mætti ekki á hátíðarhöldin

**NORÐUR-KÓREA, AP** Leyniþjónustustofnanir á Vesturlöndum telja að Kim Jong Il, leiðtogi Norður-Kóreu, geti verið alvarlega veikur.

Hann hefur ekki sést opinberlega síðan um miðjan ágúst, og mætti ekki á hátíðarhöld í gær í tilefni af 60 ára afmæli landsins. Þetta er mjög óvenjulegt og þykir benda til þess að hann gæti hafa veikst alvarlega, hugsanlega fengið heilablóðfall. Erfitt er að fá áreiðanlegar fréttir af því sem er að gerast í N-Kóreu, þar sem mikil leynd hvílir yfir öllu. **- gb**

Íbúafjöldi sveitarfélaga:

## Lögunum hugsanlega breytt

**STJÓRNMÁL Hugsanlegt er að frumvarp um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga verði lagt fram á haustþingi. Kristján L. Möller samgönguráðherra sagði á þingi Fjórðungssambands Vestfirðinga um helgina að ætlun stjórnvalda væri að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og efla sveitarstjórnarstigið. Fyrir dyrum stæði að færa til þeirra málefni aldraðra og fatlaðra en til að svo mætti verða þyrftu sveitarfélögin að vera öflug. Benti hann á að á Vestfjörðum væri aðeins Ísafjörður með yfir þúsund íbúa. Tíu sveitarfélög eru í fjórðungnum og er Árneshreppur fámennastur, þar búa innan við 50 manns. - bþs**



**KRISTJÁN L. MÖLLER**



**Á ALÞINGI** Ásta Möller, formaður heilbrigðisnefndar, mælti fyrir sjúkratryggingamálinu við þriðju umræðu. Ögmundur Jónasson er því algjörlega andvígur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Dulbúin einkavæðing

**Vinstri græn segja að í frumvarpi um sjúkratryggingar sé ríkisstjórnin að pakka einkavæðingu heilbrigðiskerfisins inn í söluvænar umbúðir. Þessu hafna stjórnarliðar og segja heilbrigðiskerfið verða félagslegt hér eftir sem hingað til.**

**ALÞINGI** Þriðja umræða um frumvarp heilbrigðisráðherra um sjúkratryggingar fór fram á Alþingi í gær. Frumvarpið gerir ráð fyrir kostnaðargreiningu í heilbrigðiskerfinu og að fjármagn fylgi sjúklingum. Þá á hlutverk ríkisins sem kaupanda heilbrigðisþjónustu að styrkjast. Í greinargerð frumvarpsins segir að allir sjúkratryggðir eigi hér eftir sem hingað til að njóta umsaminnar þjónustu, óháð efnahag.

Umræðurnar einkenndust af tortryggni og andstöðu þingmanna VG sem telja frumvarpið greiða fyrir einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. „Tilgangurinn er alveg augljós og menn eru að pakka þessu inn í söluvænar umbúðir gagnvart almenningi," segir Álfheiður Ingadóttir, þingmaður VG. „Þeir segja að þetta séu bara tæknilegar aðgerðir og spurning um aðferðir. En það sem aflaga fer vegna fjársveltis og mikils vinnuálags verður ekki lagað með slíkum tæknilegum lausnum. Það verður bara gert með því að auka fjármagnið til starfseminnar," segir hún.

Ásta Möller, formaður heilbrigðisnefndar, hafnaði oft og ítrekað ásökunum VG um að í frumvarpinu fælist einkavæðing. „Kerfið er félagslegt og verður félagslegt. Þetta frumvarp breytir engu um það," sagði Ásta.

Hún sagði breytingarnar sem fylgja lögum um sjúkratryggingar jákvæðar fyrir heilbrigðiskerfið, kostnaðargreining væri mikil bót og eins að fjármagn fylgi sjúklingum.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sagði frumvarpið fyllilega í samræmi við stefnu flokks síns í málaflokknum en um það efuðust vinstri græn. Töldu jafnaðarmennskuna fyrir borð borna.

Framsóknarflokkurinn ætlar að sitja hjá við atkvæðagreiðslu en frjálslyndir styðja málið að settum fyrirvara.

VG er hins vegar algjörlega á móti. „Það er verið að skipta heilbrigðisþjónustunni upp í tvo aðskilda þætti, kaupendur og seljendur. Það er verið að búa til markaðstorg svo markaðsaðilarnir komist að.

Lögmál frumskógarins mun gilda en ekki kröfur um gæði," segir Álfheiður Ingadóttir.

bjorn@frettabladid.is

Forsætisráðherra Taílands sagði af sér samkvæmt dómsúrskurði:

# Matseldin var stjórnlagabrot

**TAÍLAND, AP** Samak Sundaravej neyddist til að segja af sér sem forsætisráðherra Taílands í gær, eftir að stjórnlagadómstóll hafði kveðið upp þann úrskurð að hann hafi gerst brotlegur við stjórnskipan landsins.

Brotið fólst í því að Samak, sem árum saman hafði verið þekktur sjónvarpskokkur í Taílandi, hélt áfram að elda mat í sjónvarpi og þáði laun fyrir eftir að hann tók við embætti forsætisráðherra.

Flokkur Samaks hefur þó enn meirihluta á þingi, og sögðust stuðningsmenn hans staðráðnir í að hann yrði forsætisráðherra á ný. Áður en dómstóllinn kvað upp úrskurð sinn hafði Samak þó sagt að hann mundi virða niðurstöðuna.

Þingið kemur saman á föstudag til að kjósa nýjan forsætisráðherra, en þangað til situr ríkisstjórn Samaks.

Andstæðingar Samaks hafa nú í nokkrar vikur efnt til daglegra mótmæla gegn honum á götum höfuðborgarinnar. Mótmælendur hafa krafist afsagnar hans og segja hann ganga erinda fyrrverandi forsætisráðherra, Thaksin Shinawatra, sem hrökklaðist frá völdum fyrir tveimur árum og býr í sjálfskipaðri útlegð í Bretlandi.

Þeir Thaksin og Samak eru flokksbræður og hafa jafnan haft yfirgnæfandi stuðning meðal landsmanna utan höfuðborgarinnar, þótt andstaða við þá báða hafi verið hörð meðal borgarbúa. **- gb**



**FÖGNUÐUR Í BANGKOK** Andstæðingar Samaks, sem hafa krafist afsagnar hans vikum saman, fögnuðu ákaft í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Hver er stefna meirihlutans í borgarstjórn?

Hádegisverðarfundur í Valhöll

í dag, 10. september, kl. 11.45 – 13.15

Frummælendur:
Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri og Óskar Bergsson formaður borgarráðs.



Fundarstjóri:
Sólveig Pétursdóttir fyrrverandi forseti Alþingis og formaður sveitarstjórnar- og skipulagsnefndar.



Að fundinum stendur sveitarstjórnar- og skipulagsnefnd.



Allir velkomnir!

XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

# ÓDÝRT Í HAUST

**SÉRTILBOÐ KORTHAFA VIÐSKIPTAKORTS BYKO!**

vnr. 74810010 Háþrýstidæla
**7.990**

Hægt er að sækja um viðskiptakortið í verslunum BYKO og á heimasíðu BYKO, www.byko.is. Athugið að ekki er veittur afsláttur af tilboðsvörum (TB) og sérverðsmerktum vörum (SV)

BOSCH
Vnr. 74810010
### Háþrýstidæla
BOSCH AQUAT 100 háþrýstidæla, 100 bör, 1400W, 330 l./klst. Þyngd 6 kg.
**8.990**

**3.990**

FRÁBÆR HAUST TILBOÐ

Einhell
Vnr. 74804114
### Rafhlöðuborvél
EINHELL rafhlöðuborvél, 14,4 V. Ódýr og góð borvél sem hentar vel fyrir heimilið. Er með 17 herslustillingar sem kemur í veg fyrir það að herða eitthvað of mikið.

**24.900**
Fullt verð: 39.900

Vnr. 67587000
### Verkfæravagn
TORIN verkfæravagn, 6 skúffur með legubrautum. Stærð: 69x46x74 cm.

## Nýtt BYKO blað er komið út
Þú geturðu skoðað nýja BYKO blaðið og fullt af fleiri frábærum tilboðum á www.byko.is

**3.490**
Fullt verð: 5.609

Vnr. 86620040/3737
### Innimálning
KÓPAL glitra, gljástig 10, allir litir, 4 ltr.

**4.990**
FRÁBÆRT VERÐ!

- 10 LÍTRAR
- GLJÁSTIG 10

Vnr. 85540083/1083
### Innimálning
BYKO innimálning, gljástig 10, ljósir litir, 10 l.

BYKO

Þar sem fagmennirnir versla er þér óhætt!

EXPO • www.expo.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hverjir eru taldir líklegir til að taka við framkvæmdastjórastöðu hjá Íslendingaliðinu West Ham?*
2. *Hver vann þrenn verðlaun fyrir myndband við lagið Piece of Me á verðlaunahátíð MTV-sjónvarpsstöðvarinnar?*
3. *Hvað heitir forsætisráðherra Taílands?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Skipulagsfulltrúi leyfir viðbótarhús við gamla borgarbókasafnið á Þingholtsstræti:

# Tengibygging mun rísa við Esjuberg

**SKIPULAGSMÁL** Fjárfestirinn Ingunn Wernersdóttir hefur fengið leyfi skipulagsfulltrúans í Reykjavík til að reisa tengibyggingu við húsið á Þingholtsstræti 29a.

Ætlun Ingunnar er að byggja tveggja hæða hús norðan við núverandi hús og tengja húsin saman. Í nýja húsinu verður meðal annars vegleg baðstofa á neðri hæðinni og bílskúr á efri hæð með aðkomu frá Grundarstíg.

Engar athugasemdir við framkvæmdina bárust meðan hún var í grenndarkynningu fram til 4. september. Stækkunin nemur 245 fermetrum og verður eignin með henni samtals 713 fermetrar. Auk nýja hússins verða gerðar breytingar á eldra húsinu, meðal annars á gluggum og á dyraopum er snúa íl austur að garðinum.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hefur Ingunn Wernersdóttir verið að gera upp hið sögufræga hús á Þingholtsstræti sem upphaflega var byggt sem einbýlishús en er þekktast fyrir að hafa þjónað í áratugi sem aðalsafn Borgarbókasafns Reykjavíkur. Húsið hefur lengst af gengið undir nafninu Esjuberg en var á sínum tíma kallað Villa Frida eftir eiginkonu þáverandi eiganda. **- gar**





**BREYTINGARNAR** Á ljósmyndinni er húsið á Þingholtsstræti 29a en teikningin sýnir hvernig baðhúsi og bílskúr er bætt til hliðar við húsið.

# Bandarískur herafli í Írak verður óbreyttur

**Demókratar segjast gáttaðir á því að Bush ætli ekki að kalla fleiri hermenn heim frá Írak og senda fleiri til Afganistans. Bush lætur eftirmanni sínum eftir að taka ákvarðanir um brottflutning herliðs frá Írak.**

**BANDARÍKIN, AP** George W. Bush Bandaríkjaforseti ætlar ekki að fækka hermönnum í Írak að ráði meðan hann er við völd, heldur lætur hann eftirmanni sínum, sem tekur við í janúar næstkomandi, það eftir að hefja brottflutning herliðsins frá Írak.

Hann ætlar þó að kalla átta þúsund hermenn heim frá Írak í febrúar, en segir að unnt verði að kalla fleiri hermenn heim á fyrri hluta næsta árs ef aðstæður í Írak leyfa. Nú eru um 146 þúsund bandarískir hermenn í Írak.

Hann ætlar ekki að senda fleiri hermenn til Afganistans, í bili, en segir að bandarískum hermönnum þar hafi hvort eð er fjölgað á síðustu tveimur árum úr 21 þúsund í 31 þúsund.

„Ég er gáttaður á því að Bush forseti hafi ákveðið að kalla svo fáa hermenn heim frá Írak og senda svo lítinn herafla til Afganistans,“ sagði Harry Reid, leiðtogi meirihluta Demókrataflokksins í öldungadeild Bandaríkjaþings.

Barack Obama, forsetaefni Demókrata, segir að þessi áform Bush um aukinn herafla til Afganistans nægi engan veginn: „Þetta eru ekki nógu margir hermenn, ekki nógu mikill herafli, ekki nógu miklir peningar,“ sagði Obama í gær.

Hann segir að Bush hafi engan skilning á því að víglínur stríðsins gegn hryðjuverkum séu í Afganistan og Pakistan, en ekki í Írak.

Obama notaði einnig tækifærið að spyrða mótframbjóðanda sinn, John McCain, enn á ný saman við Bush forseta og hina óvinsælu stríðsstefnu hans.

Samkvæmt skoðanakönnunum hefur fylgi Obama minnkað nokkuð en fylgi McCains aukist síðan sá síðarnefndi tilkynnti um að Sarah Palin, ríkisstjóri í Alaska, yrði varaforsetaefni sitt.

McCain og Palin hafa lagt áherslu á að boða breytingar á starfsháttum stjórnmálamanna í Washington og hafa þar með reynt að taka upp helsta áhersluatriði Obamas í kosningabaráttunni.

Obama hefur hins vegar einnig sagst ætla að kalla herinn heim frá Írak innan 16 mánaða frá því hann tekur við sem forseti, verði hann kosinn. Yfirlýsingar Bush í gær gefa Obama tækifæri til að draga athyglina frá Palin og að stríðsrekstri Bandaríkjanna í Írak og Afganistan.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**GEORGE W. BUSH** Bandaríkjaforseti skýrði í gær frá áformum sínum varðandi herafla Bandaríkjanna í Írak og Afganistan út kjörtímabilið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**EINN LÍTRI EÐA TVEIR** Hörður er með myndavél í símanum og gat því lagt fram sönnunargagn.

Árvekni borgar sig í búðinni:

## Stærri einingar eru ekki alltaf hagkvæmari

Maður skyldi ætla að hagkvæmara væri að kaupa matvöru og annað í stærri einingum en minni. Svo er þó aldeilis ekki einhlítt og enn og aftur gildir að vera með fullri meðvitund í búðinni.

Hörður Ágústsson skrifar: *„Ég og konan vorum í Krónunni í gær að versla inn í ansi tóman ísskáp. Ekkert er betra en góður ávaxtasafi á morgnana svo ég ákvað að kaupa mér Happy Day appelsínusafa. Ísskápurinn okkar er rúmgóður og gríp ég því tveggja lítra fernuna enda er það augljóst mál að maður sparar á að kaupa stærri einingar... eða hvað? Ekki í þessu tilviki! Ég sendi með mynd af Happy Day djúsfernunum hlið við hlið. Einn lítri er á 149 krónur, tveir lítrar á 339 krónur eða 170 krónur lítrinn!“*



**Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is**



**UMFERÐ** Óreyndir ökumenn valda stórum hluta umferðarslysa innan OECD-landanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Óreyndir ungir ökumenn:

## Valda um þriðjungi dauðaslysa

**UMFERÐ Ungir ökumenn valda alls 27 prósentum banaslysa í umferðinni í OECD-löndunum þrátt fyrir að vera aðeins 10 prósent mannfjöldans.**

**Þetta kom fram í fyrirlestri Divera Twisk á fundi Lýðheilsustöðvar, slysavarnaráðs og umferðarráðs um áhættuhegðun ungra ökumanna í gær. Twisk er sviðsstjóri rannsókna á mannlegri hegðun hjá SWOV, stofnun um umferðarrannsóknir í Leidchendam í Hollandi. Hún segir umferðarslys vera helstu dauðaorsök fólks á aldrinum 15 til 24 ára innan landa OECD. Helstu ástæðuna segir hún vera reynsluleysi ungra ökumanna.** - ovd



**PRINSESSAN** Tólf menn stýrðu risakóngulónni með fjarstýringum. NORDICPHOTOS/AFP

Menningarhöfuðborg Evrópu:

## Risakónguló í Liverpool

**TÆKNI Talið er að yfir 200.000 manns hafi safnast saman í miðborg Liverpool á Englandi um helgina til þess að verða vitni að risakónguló ganga um götur bítlabæjarins.**

**Hinni tölvustýrðu kónguló, sem er rúmlega fimmtán metrar á hæð og vegur yfir 37 tonn, var gefið nafnið „Prinsessan“. Hópur af frönskum listamönnum sem kallar sig „La Machine“ vann að gerð ferlíkisins. Var göngutúrinn um Liverpool hluti af mikilli tækniráðstefnu sem fer fram í borginni í tilefni af því að Liverpool er menningarhöfuðborg Evrópu í ár.** - kg



**AZIF ALI ZARDARI** Við mynd af hinni myrtu eiginkonu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekkill Benazir Bhutto:

## Zardari orðinn forseti Pakistan

**PAKISTAN, AP** Asif Ali Zardari sór í gær embættiseið sinn sem forseti Pakistans. Hann er ekkill Benazir Bhutto, fyrrverandi leiðtoga Þjóðarflokks Pakistans, en hún var myrt seint á síðasta ári.

Zardari hóf embættisferil sinn á að lýsa því yfir að stríðið gegn hryðjuverkamönnum geti gefið landinu tækifæri til að sigrast á efnahagsörðugleikum.

Hamid Karzai, forseti Afganistans, var viðstaddur þegar Zardari tók við embætti sínu. Hann sagðist vona að samstarf þeirra yrði gott. - gb

Ögmundur Jónasson gagnrýnir fyrirkomulag við Stokkhólmsför heilbrigðisnefndar:

# Ráðgjafi heilbrigðisráðherra skipulagði ferð þingnefndar

**STJÓRNMÁL** Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður VG, gagnrýnir að ráðgjafarfyrirtæki hafi skipulagt vinnuferð heilbrigðisnefndar Alþingis til Stokkhólms.

Fyrirtækið heitir InDevelop og vinnur ráðgjafarstörf í heilbrigðisráðuneytinu vegna fyrirhugaðra breytinga á sjúkratryggingakerfinu. Ögmundur sagði í grein í Fréttablaðinu í gær að ferðin hafi verið „farin undir handarjaðri verktakafyrirtækisins sem skipuleggur markaðsvæðingarátak heilbrigðisráðherrans“. Í samtali við Fréttablaðið sagði Ögmundur óeðlilega að málum staðið. „Það er mjög óeðlilegt að fyrirtæki sem hugsanlega hefur hagsmuna að gæta er fengið til að hafa milligöngu um samtöl þingmanna og viðmælenda þeirra.“

Ásta Möller, formaður heilbrigðisnefndar, segir fyrirtækið hafa annast skipulagningu funda eftir forskrift hennar sjálfrar. Fyrirtækið hafi aðgang að því fólki sem kom að innleiðingu nýs sjúkratryggingakerfis í Svíþjóð auk þess sem það kom á fundum með stjórnmálamönnum úr ólíkum flokkum. „Það er ekkert óeðlilegt við þetta, þvert á móti var ferðin gagnleg og ekki annað að heyra á nefndarmönnum en að þeir væru ánægðir með fyrirlestrana og fundina.“ - bþs



**ÁSTA MÖLLER**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

# Fullur salur af nýjum sófum



COSTA tungusófi á
**Aðeins 379.860,-**
Verð áður 479.800,-

Tungusófi með skemli
Til í svörtu og hvítu
með hægri eða vinstri tungu

# Fyrir nótt sem nýtan dag



30% afsláttur
af svefnsófum
í september







Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16
Sími: 588 8477



**PALIN OFURHETJA** Sarah Palin, ríkisstjóri Alaska, átti óvænta innkomu í bandarísk stjórnmál sem varaforsetaefni repúblikana. Nú er farið að framleiða leikfangadúkkur þar sem hún er í gervi ofurhetju. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Velferðarráð Reykjavíkur samþykkir stefnu í málefnum utangarðsfólks:

# Vill koma í veg fyrir útigang

**REYKJAVÍK** Velferðarráð Reykjavíkur hefur samþykkt nýja stefnu í málefnum utangarðsfólks fram til ársins 2012. Megináherslan er á að efla samstarf og forvarnir, auka reglubundna þjónustu, styrkja tímabundin úrræði og fjölga langtímaúrræðum.

„Með því að skapa skýra stefnumótun í málefnum utangarðsfólks er Reykjavíkurborg að setja sér það markmið að leitast við að koma í veg fyrir útigang, meðal annars með því að efla þjónustu við þá sem eru eða eiga á hættu að verða utangarðs og að tryggja öllum viðunandi húsaskjól,“ segir í tilkynningu frá borginni.



**ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON**

„Utangarðsfólk glímir iðulega við margháttaðan félags- og heilbrigðisvanda, er félagslega einangrað og á oft að baki fangelsisvistir og sjúkrahúsdvalir,“ segir í fréttatilkynningu frá borginni.

„Samhliða stefnumótunarvinnunni hefur verið tekið á bráðavanda þessa fólks. Á einu ári hefur skammtímagistirýmum fjölgað um fjögur og langtímagistirýmum um átta. Á næstu vikum verða fleiri rými tekin í notkun og verður aukning gistirýma þá alls sextán til tuttugu rými.

Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi gagnrýnir að ekki sé tekið á húsnæðismálum útigangsmanna í vetur auk þess sem fólki verði ekki hjálpað til að koma undir sig fótunum og lifa eins og venjulegir þegnar. Stefnumótunin taki aðeins mið af því að koma fólkinu í áfangahús. Þorleifur hefði viljað að stefnudrögin hefðu verið send til umsagnar. - ghs

Hellisheiðarvirkjun:

# Sjö mótmælendur sektaðir

**DÓMSMÁL Sjö mótmælendur sem tóku þátt í mótmælaaðgerðum Saving Iceland á Hellisheiði í sumar hafa verið dæmdir til sektargreiðslna.**

**Fjórir einstaklinganna voru einnig fundnir sekir um húsbrot. Þeir fóru í heimildarleysi inn á lokuð vinnusvæði þar sem unnið var að virkjanaframkvæmdum á heiðinni. Þeir voru dæmdir til að greiða hundrað þúsund króna sekt til ríkissjóðs. Hinir þrír voru dæmdir til að greiða fimmtíu þúsund króna sekt. Fólkið sem um ræðir er frá Íslandi, Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Belgíu og Hollandi.** - jss



**FRÁ ALÞINGISHÚSINU** Silja Aðalsteinsdóttir, formaður íslensku dómnefndarinnar, og Karl V. Matthíasson, varaformaður Vestnorræna ráðsins, afhenda Kristínu Helgu verðlaunin.

Vestnorræna ráðið:

# Kristín Helga verðlaunuð

**MENNING** Kristín Helga Gunnarsdóttir hlaut í gær Barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins fyrir bók sína Draugaslóð.

Í rökstuðningi dómnefndar segir að bókin sé kærkomin fyrir unglinga á öllum aldri, sagan sé full af mótsögnum þar sem draumur og veruleiki skarist áþreifanlega, en samspil þeirra hjálpi til við að leysa leyndardóminn í bókinni. Draugaslóð er sögð auðug saga af líflegum og sterkum persónum sem lesendur trúa á, stíllinn leikandi og fagmannlegur, tilgerðarlaus en þó ávallt fallegur. Verðlaunin, ein milljón króna, eru veitt annað hvert ár og þetta er í fjórða sinn sem þau eru afhent. - ovd

Borgarfulltrúi í Helsinki:

# Kærir prest fyrir kvikmynd

**FINNLAND Finnlands-sænskur stjórnmálamaður, Birgitta Dahlberg, hefur kært aðstoðarprestinn, séra Halvar Sandell, fyrir að hafa sýnt ungu fólki kvikmynd gegn fóstureyðingum.**

**Verið er að fara yfir það hvort til dómsmáls getur komið, að sögn Hufvudstadsbladet, en aðstoðarpresturinn var útilokaður frá fermingarundirbúningi í sumar vegna þessa máls.** - ghs

# Varaformaður frjálslyndra sakar Kristin um fordóma

**Magnús Þór Hafsteinsson segir Kristin H. Gunnarsson skrifa af fáfræði og fordómum um innflytjendamál. Kristinn segist skrifa í samræmi við samþykkt þingflokksins. Guðjón Arnar ætlar að miðla málum.**

**STJÓRNMÁL** „Það kemur ekki á óvart að Kristinn H. Gunnarsson komi í bakið á samherjum sínum. Hann hefur gert það margoft áður,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, varaformaður Frjálslynda flokksins.

Kristinn H. Gunnarsson, þingflokksformaður Frjálslynda flokksins, skrifaði pistil á heimasíðu sína í gær þar sem hann býður flóttafólk, sem nú er nýkomið til Akraness, velkomið til landsins.

Þar segir hann meðal annars að stjórnmálamenn hafi mikilvægt hlutverk við móttöku flóttamanna, „að fræða og vinna bug á bábiljum og fákunnáttu“. Það versta sem hægt sé að gera sé að nálgast málin á neikvæðan hátt og vekja upp „ótta í garð þeirra sem hingað koma frá ólíkum menningarheimum“.

Kristinn segir að þessum orðum sé ekki sérstaklega beint gegn Magnúsi. „Hins vegar kom í ljós í vor að við höfum ekki sömu sýn á komu flóttamanna og hlutverk íslenskra stjórnvalda í þeim efnum,“ segir Kristinn. Hann sé hins vegar að skrifa í samræmi við samþykkt þingflokksins frá því í vor, þar sem fram kom að auka eigi aðstoð við flóttamenn, bæði með því að taka á móti fleira fólki og auka aðstoð á vettvangi. „Ef Magnús Þór er efnislega ósammála mér, þá er hann efnislega ósammála ályktuninni,“ segir Kristinn.

Magnús Þór segist aldrei hafa talað illa um flóttafólkið, bara spurt eðlilegra spurninga. „Ég hef kynnt mér þessi mál mjög vel fyrir 400 síðna bók um innflytjendamál sem kemur út í haust,“ segir Magnús. „Kristinn skrifar þarna af fordómum og fáfræði, en hann verður að eiga það við sjálfan sig. Það verður að vera hægt að ræða þessi mál og spyrja spurninga.“

Í undirbúningi fyrir bókina segist Magnús hafa kynnt sér vel þróun innflytjendamála á hinum Norðurlöndunum og það sé mikilvægt að Íslendingar læri af þeirri reynslu. „Við erum tuttugu árum á eftir þeim í þessari þróun. Ef þessi straumur innflytjenda fer líka að liggja hingað, þá þurfum við að vera undirbúin.“

„Þeir hafa greinilega sína skoðun á því hvernig hinn talar,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. „Ef menn eru ósammála þarf að leysa það innan flokksins. Mitt hlutverk er að láta fólk ræða saman.“ Hann segist munu ræða bæði við Kristin og Magnús um deilur þeirra á milli. svanborg@frettabladid.is

## STJÓRNMÁLAMENN OG INNFLYTJENDUR

„Stjórnmálamenn hafa mikilvægt hlutverk í þessum málum. Þeir hafa þær skyldur umfram marga aðra að fræða og vinna bug á bábiljum og fákunnáttu. ...

Það versta sem hægt er að gera er að nálgast málin á neikvæðan hátt með því að efast um þetta og hitt og vekja þannig upp ótta í garð þeirra sem hingað koma frá ólíkum menningarheimum. Slíkt reisir múr óttans gagnvart útlendingunum sem þarf svo að leggja mikla vinnu í að fella til jarðar svo vel til takist með móttöku þeirra og aðlögun. Jákvæð nálgun er betri og líklegri til þess að tryggja góðan árangur og hún er líka líklegri til þess að vinna bug á slæmum ranghugmyndum sem kynnu ef til vill að vera á kreiki.“

Af www.kristinn.is



**KRISTINN H. GUNNARSSON OG MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON** Varaformaður og þingflokksformaður Frjálslynda flokksins eru enn ósammála um innflytjendamál. Magnús Þór segist hafa nýlokið við 400 blaðsíðna bók um innflytjendamál sem komi út í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

„Það er auðvitað

best

Tvöfaldir Vildarpunktar í september
Gildir af allri veltu

að fá alltaf Vildarpunkta þegar maður notar kortið sitt, bæði heima og erlendis.“

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Háskólinn í Helsinki:

## Geymdi dópið á skrifstofunni

**FINNLAND** Dósent við Háskólann í Helsinki hefur verið handtekinn grunaður um fíkniefnabrot. Dósentinn er grunaður um að hafa starfað með alþjóðlegu glæpagengi sem hefur flutt inn mikið magn af e-töflum til Finnlands og geymt í húsnæði háskólans.

Um leið hefur lögreglan í Finnlandi komið upp um glæpagengi sem talið er að hafi flutt inn 35 þúsund e-töflur til Finnlands. Glæpagengið teygir anga sína til Rússlands og Eistlands og er talið að söluvirði taflnanna nemi yfir 30 milljónum króna. Ekki er ljóst hvort samband er á milli málanna, að sögn Hufvudstadsbladet. **- ghs**



**BETRI AÐSTAÐA** Nýtt húsnæði var opnað við hátíðlega athöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

BUGL við Dalbraut:

## Vígir nýtt viðbótarhúsnæði

**HEILBRIGÐISMÁL** **Ný bygging göngudeildar Barna- og unglingageðdeildar Landspítalans, BUGL, var formlega tekin í notkun í gær. Nýja byggingin er 1.244 fermetrar, tvær hæðir og jarðhæð, og stórbætir hún aðstæður skjólstæðinga og starfsfólks, að sögn Ólafs Guðmundssonar yfirlæknis.**

**„Gamla húsnæðið var orðið slitið og lélegt, of þröngt og aðkoman erfið, þannig að með þessari nýbyggingu verður bætt úr og um leið verður það lyftistöng fyrir starfsfólkið. Þetta virkar sem vítamínsprauta í göngudeildina og eflir okkur til dáða. Ekki veitir af, því að margir þurfa á þjónustu okkar að halda,“ segir Ólafur Guðmundsson, yfirlæknir á BUGL.**

**Komur á göngudeild hafa verið allt að sjö þúsund á ári. Rúmlega hundrað manns starfa á BUGL.** **- ghs**

Unnið að fjárlögum 2009:

## Opnað fyrir styrkumsóknir

**ALÞINGI** Fjárlaganefnd Alþingis tekur nú við erindum frá félögum, samtökum og einstaklingum sem varða fjárlög næsta árs.

Skal skila umsóknum um styrki til nefndarinnar fyrir 1. október. Þá er þeim sem vilja gefinn kostur á að fylgja erindum sínum eftir á nefndarfundi. Í umsókn um styrk skal lýsa verkefnum og gera grein fyrir kostnaðaráætlun, auk þess sem geta skal hversu háum styrk óskað er eftir. **- bþs**


Heilbrigðisráðuneytið og lagadeild Háskóla Íslands efna til alþjóðlegrar ráðstefnu **föstudaginn 12. september** í ráðstefnusal Þjóðminjasafnsins

# SAMKEPPNI OG LYFJASTEFNA Í LJÓSI EVRÓPSKRAR LÖGGJAFAR

## – vandi lítilla markaðssvæða

**Dagskrá föstudagur 12. september**
Þjóðminjasafn

COMPETITION AND PHARMACEUTICAL POLICY IN EUROPEAN LAW – THE CHALLENGES FOR SMALL EUROPEAN MARKETS

8.30 Þátttakendur boðnir velkomnir, kaffiveitingar

8.50 **Björg Thoraarensen** prófessor og forseti lagadeildar Háskóla Íslands, flytur ávarp

09.00 **Guðlaugur Þór Þórðarson,** heilbrigðisráðherra

**A new public pharmaceutical policy for Iceland:** future challenges in the framework of the European Economic Area and the Nordic Area

09.20 **Ms. Irene Sacristan-Sanchez**, sérfræðingur í lyfjalöggjöf hjá Evrópusambandinu

**European Commission goals for the 21st century in the field of pharmaceuticals:** a regulatory point of view

09.50 **Mr. Kees de Joncheere**, forstöðumaður lyfjamála á Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar

**Health and pharmaceutical policies from an international perspective. The Role of the WHO**

10.20 **Dr. Stefaan Van der Spiegel**, sérfræðingur á skrifstofu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins

**Availability of medicines in small markets:** an economic point of view

10:50 Kaffihlé

11.20 **Rannveig Gunnarsdóttir**, forstjóri Lyfjastofnunar

**The current regulatory environment in Iceland. The European Market Authorisation. Challenges for small markets**

11. 40 **Sigurður Óli Ólafsson**, forstjóri ACTAVIS

**Views from an Icelandic pharmaceutical company operating in international and European markets**

12.00 **Dr. María Elvira Méndez Pinedo**, lektor við lagadeild Háskóla Íslands

**European Economic Area. Selected rulings from the European Court of Justice and the EFTA Court on the pharmaceutical sector**

12.20 **Dr. Patricia Vella Bonnano**, forstjóri Lyfjastofnunar Möltu

**Availability of medicines. A case study for Malta**

12:40 Almennar umræður og fyrirspurnir

Ráðstefnan fer fram á ensku.

**Ókeypis aðgangur, allir velkomnir.**

*Fundarstjóri: **Einar Magnússon**, lyfjamálastjóri á skrifstofu lyfjamála heilbrigðisráðuneytisins*



Guðlaugur Þór Þórðarson
heilbrigðisráðherra

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

LAGADEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS
100
svarar kröfum tímans






Kortið sem kemur þér út

www.americanexpress.is

**FRÉTTASKÝRING:** Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

# Gullfoss og Geysir á rammaáætlun

**Flestallir þekktir virkjunarkostir eru undir í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Þetta mun vera gert til að hægt sé að bera þá saman og raða eftir fýsileika. Svo segja megi að betra eða verra sé að virkja á einum stað en öðrum. En þetta þýðir einnig að tíma og fé er eytt í að meta svæði sem ekki verða nýtt. Formaður verkefnisstjórnar segir að meiri peninga hefði mátt nota í verkið.**

„Þótt virkjunarkostur fari inn á rammaáætlun er það engin ávísun fyrir því að hann verði nýttur,“ segir Svanfríður Inga Jónasdóttir, formaður verkefnisstjórnar um annan áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Ákveðið hafi verið í upphafi starfsins, árið 1999, að hafa inni á áætlun alla kosti. Þeirra á meðal er Geysir, Landmannalaugar og Hvítá, sem rennur í Gullfossgljúfur.

„Þessi aðferðafræði er nokkuð sem við tökum í arf úr fyrsta áfanga. Það má deila um hana, en svo má segja að ef einn kostur er tekinn út, hvar ætlar þú þá að enda? Þá þyrfti að ákveða fyrst hvaða svæði eru fýsileg til að nýta og hver ekki,“ segir Svanfríður.Hins vegar séu ákveðin svæði „klárlega heilög“ að hennar mati.

Yfirlýst markmið rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er að „skapa faglegar forsendur fyrir ákvörðun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafls- og jarðhitasvæði“.

Árið 1999 gerði þáverandi iðnaðarráðherra, Finnur Ingólfsson, grein fyrir vinnunni við áætlunina í greinargerð sem heitir Maður - Nýting - Náttúra. Þar er forgangsröðun í markmiðslýsingu eilítið önnur:

„Markmið rammaáætlunarinnar er að leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina, meta og flokka áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar svo og á hagsmuni allra þeirra sem nýta þessi sömu gæði,“ segir Finnur þar.

Svanfríður segir þennan greinarmun veigamikinn, nú sé „ekki bara fjallað um nýtingu, heldur er áhersla á verndun náttúrusvæða.“

Meira máli skipti þó að fyrsti áfangi hafi ekki haft neina formlega stöðu.

„Það var gefin út skýrsla og svo gátu menn umgengist hana eins og þeim sýndist. Niðurstöður annars áfanga fá hins vegar þinglega meðferð og verða leiðbeinandi eða ákvarðandi að einhverju leyti. Það eykur á trúverðugleika þessarar vinnu.“

Bergur Sigurðsson hjá Landvernd telur jákvætt í sjálfu sér að meta alla þessa kosti, og út frá öllum sjónarmiðum.

„En maður getur spurt sig um tímarammann. Það stendur víst til að skila niðurstöðunum í júlí á næsta ári. Maður spyr sig því um raunhæfi aðferðafræðarinnar, frekar en aðferðafræðina sjálfa.

Væri ekki vinnusparnaður að láta eiga sig að taka inn þessa hluti sem eru alveg óraunhæfir? Það eru bara nokkrir mánuðir í þetta,“ segir hann.

Svanfríður svarar því ekki beint út hvort tímaeyðsla sé að setja tíma og peninga í að meta háhitasvæði í kringum Geysi.

„Fyrir okkur vakir að niðurstaðan verði trúverðug og til gagns í framtíðinni. Þá göngum við þá leið til enda,“ segir hún.

En tekst að meta um fimmtíu virkjanakosti fyrir júlímánuð?

„Við munum auðvitað skila eins fljótt og mögulegt er og við munum skila einhverju þann 1. júlí. En mér finnst líklegra að við skilum fyrir árslok 2009,“ segir hún og bendir á að í stjórnarsáttmálanum, sem saminn var vorið 2007, sé kveðið á um að vinnunni ljúki fyrir árslok 2009.

Í lok ágústmánaðar tilkynnti iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson um skipan verkefnisstjórnarinnar. Þar segir:

„Verkefnisstjórnin skal ljúka störfum og skila skýrslu til iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra með heildarmati og flokkun á þeim kostum sem teknir hafa verið til umfjöllunar fyrir 1. júlí 2009.“

Ráðherra muni síðan leggja tillögu að rammaáætlun fyrir Alþingi fyrir árslokin.

Svanfríður segist telja að þessi stytting sé „sjálfsagt bara til að undirstrika hversu mikilvægt er að við ljúkum þessari vinnu“. Hún bendir á að tíma taki frá því að verkefnisstjórnin skili niðurstöðum uns hún verði sett í þinglegan búning.

Spurð um fjármögnun verkefnisins segir Svanfríður að um 90 milljónir fari í vinnuna á þessu ári.

„Og þær hafa verið að jafnaði 50 á ári frá 1999, en það er ljóst að þú rannsakar ekki mikið fyrir 50 milljónir,“ segir hún.

En eru 90 milljónir ekki í minna lagi líka?

„Það er alveg ljóst að það hefði verið hægt að nota meiri peninga. En okkur hefur tekist að halda utan um ýmsar mikilvægar rannsóknir og einkum og sér í lagi á háhitasvæðunum,“ segir hún.




## VATNSVIRKJANIR FYRSTA ÁFANGA

1. Skatastaðavirkjun A
2. Skatastaðavirkjun B
3. Villinganesvirkjun
4. Fljótshnjúksvirkjun
5. Hrafnabjargavirkjun A
6. Hrafnabjargavirkjun B
7. Jökulsá á Fjöllum*
8. Kárahnjúkavirkjun
9. Fljótsdalsvirkjun
10. Skaftárvirkjun
11. Hólmsárvirkjun
12. Markarfljótsvirkjun A
13. Markarfljótsvirkjun B
14. Skaftárveita
15. Norðlingaölduveita
16. Búðarhálsvirkjun
17. Núpsvirkjun A
18. Núpsvirkjun B
19. Urriðafossvirkjun
20. Hverfisfljót**
21. Djúpá í Fljótshverfi**

Í fyrsta áfanga rammaáætlunar voru teknir fyrir kostir í stærri vatnsföllum og er talið að með þessu móti hafi hann náð til allra helstu möguleika til virkjunar í jökulám.

*Jökulsá á Fjöllum verður bætt við Vatnajökulsþjóðgarð, segir í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

** Ekki náðist að ljúka við lýsingu á tilhögun þessara vatnsorkukosta í tæka tíð fyrir lokaáfanga skýrslunnar.

Heimild: Viðauki 1a við skýrslu verkefnisstjórnar um 1. áfanga rammaáætlunar.

## HÁHITASVÆÐIN

1. Reykjanes
2. Svartsengi/Eldvörp
3. Krýsuvík
a. Seltún/Sveifluháls, Austurengjahver
b. Trölladyngja
c. Sandfell
4. Brennisteinsfjöll*
5. Hengill
a. Hverahlíð
b. Hellisheiði
c. Nesjavellir/Þverárdalur
d. Hveragerði/Grændalur
e. Ölkelduháls
6. Geysir
7. Kerlingarfjöll*
a. Hveradalir
b. Efri-Hveradalir
c. Hverabotn (Kerlingardalur)
8. Hveravellir*
9. Hágöngur
10. Vonarskarð
11. Torfajökull*
a. Blautakvísl
b. Vestur-Reykjadalir
c. Austur-Reykjadalir
d. Ljósártungur
e. Kaldaklof
f. Landmannalaugar
12. Kverkfjöll*
13. Askja*
14. Hrúthálsar
15. Fremrinámar
16. Námafjall (Bjarnarflag)
17. Kröflusvæði
a. Krafla
b. Leirhnúkur
c. Vestursvæði
18. Gjástykki
19. Þeistareykir

Í öðrum áfanga rammaáætlunarinnar verður lögð meiri áhersla á háhitasvæði en vatnsorkukosti, sem þó gætu verið tólf talsins.

* Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar eru tiltekin sex háhitasvæði að auki sem ekki á að raska fyrr en í fyrsta lagi þegar rammaáætlunin verður tilbúin. Þau eru Askja, Brennisteinsfjöll, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Kverkfjöll og Torfajökull. Einnig segir þar að ekki verði farið inn á óröskuð svæði.

Heimild: Framvinduskýrsla annars áfanga og stjórnarsáttmálinn.

## VATNSVIRKJANIR ANNARS ÁFANGA

1. Bjallavirkjun í Tungnaá
2. Djúpá
3. Gláma
4. Hágönguvirkjun
5. Hólmsá, efri hluti
6. Hvalá, Ófeigsfirði
7. Hvítá í Árnessýslu og Jökulfall
8. Jökulsá á Fjöllum
9. Lagarfossvirkjun
10. Fjarðarárvirkjun
11. Íshólsvatn/Hrafnabjörg
12. Virkjanir í Blönduveitu
13. Ótilgreind virkjun

Annar áfangi rammaáætlunar er ekki tilbúinn en þessir kostir eru tilgreindir í viðauka framvinduskýrslu um hann, sem „nýir og endurskoðaðir“. Jökulsá á Fjöllum er til að mynda einnig á lista yfir vatnsaflsvirkjanir fyrsta áfanga.

Heimild: Viðauki Orkustofnunar við framvinduskýrslu um undirbúning að öðrum áfanga rammaáætlunar.



FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is



Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Tölvunám haustið 2008 Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa fleiri en 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner — PEARSON VUE — PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 79.900.

**Veldu kvöld- eða morgunnám!**

### Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

*Gerðu sumarleyfismyndirnar ennþá betri!*

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

*Kvöldnám hefst 9. september (19:00-22:00)*

### Vefhönnun og myndvinnsla



Einstakt nám fyrir þá sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

**Helstu kennslugreinar**

- HTML forritun ásamt meginatriðum góðrar vefsíðugerðar og myndvinnslu fyrir vefi með forritunum DreamWeaver, Flash og Photoshop

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900 • Nám hefst 18. september.

### MCSA og MCP nám



Við bjóðum fjölbreytt MCP og MCSA nám fyrir þá sem vilja taka að sér umsjón tölva og neta með því að ljúka námi hjá okkur með alþjóðlegum gráðum frá Microsoft.

**Nánar á www.tv.is.** Microsoft CERTIFIED Partner

### Flash margmiðlun

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með forritinu sem er staðallinn hjá fagfólkinu.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 27.900

*Nám í boði á ýmsum tímum!*

### Tölvuþekking fyrir konur

Einstakt námskeið til að ná færni í notkun tölvu í leik og starfi. Stígðu rétta skrefið og lærðu á Windows, ritvinnslu í Word, Excel, Internetið og tölvupóst á skemmtilegu námskeiði í notalegu umhverfi.

**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 54.900

### Hagnýt verkefnastjórnun

Veldu þér nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná hámarks árangri við öll verkefni. Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina, gerð hugarkorta og notkun MS Project við gerð verkáætlana og stjórnun.

**Lengd**: 54 st./36 klst. **Verð**: 99.900

### Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara á námskeiðinu.

*Kennslugreinar:*

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 64.900

**Vertu með tvisvar í viku kl. 16:15-19:15!**

### Photoshop

Komdu í nám um ljósmyndavinnslu og grafík með Photoshop sem er vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir margmiðlun, vefi, ljósmyndun og prentun.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 32.900

*Nám í boði á ýmsum tímum!*

### DreamWeaver

Búðu til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við á einfaldan hátt.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 32.900

*Nám í boði á ýmsum tímum!*

### Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

**Lengd**: 94 stundir/63 klst. **Verð**: 159.900

*Nám hefst 29. september (19:30-22:30)*

## Bókhald, tölvur og skrifstofa

**Hagnýtt bókhaldsnám**

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Þátttakendur fá innsýn í alla algengustu þætti daglegrar bókhaldsvinnu og eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni að loknu námi.

**Helstu kennslugreinar**

- Fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti
- Laun, afstemningar, undirbúningur uppgjörs og margt fleira

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 108.900

**Skrifstofu- og bókhaldsnám**

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

**Lengd**: 300 stundir/200 klst. **Verð**: ~~249.900~~ *229.900*

**Skrifstofu- og tölvunám**

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel. ECDL hæft nám.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst. **Verð**: ~~169.900~~ *159.900*

**Tölvu- og bóhaldsnám**

Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur.

**Helstu kennslugreinar**

- Upplýsingatækni, Excel, Access, Outlook, PowerPoint og Word
- Verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál o.fl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

**Lengd**: 225 stnd./150 klst. **Verð**: ~~199.900~~ *179.900*

**Bókaðu þig strax í kvöld- eða morgunnám**

* Tilboð gildir í takmarkaðan tíma

### Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

### Stutt námskeið

*Skoðaðu vefsíðuna okkar þar er að finna mikið úrval stuttra Office, Internet og annarra námskeiða sem henta öllum, byrjendum sem lengra komnum!*

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi** Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

## Nokkur eintök á frábæru verði.

Með sérstöku samkomulagi við Land Rover getum við nú boðið afar hagstæð rekstrarleigukjör á nokkrum Range Rover bílum. Kynntu þér möguleikana – þú gætir komist í hóp hinna útvöldu. **Hafðu samband strax í dag.**



### Range Rover Sport

Flottasti bíllinn á götunum segja margir. Lægri og þéttari en stóri bróðir. Rennilegur og stílhreinn í senn. Þetta er sportbíll Range Rover eigandans. Hefur notið gríðarlegra vinsælda á Íslandi. Bíll sem sýnir að hönnuðir Range Rover horfa til framtíðar. Range Rover Sport býður upp á klassíska hönnun og hagkvæman lúxus. Fáanlegur á hagkvæmri tímabundinni leigu í bæði TDV6 og TDV8 útfærslu.

### Lávarður götunnar

Range Rover er fyrsti valkostur þeirra sem vilja hámarks þægindi og óskorað afl utan vega og innan. Terrain-response kerfið er alvöru torfærukerfi sem vinnur með loftpúðafjöðruninni til að gefa fullkomna akstursánægju við allar aðstæður. Ökumaður situr hátt og vel fer um farþega í leðuklæddu og björtu innanrýminu. Enginn bíll skákar Range Rover þegar kemur að tækni, gæðum og rækt við smáatriði. Það er ástæða fyrir því að þessi sögufrægi breski jeppi heldur sínum sess, ár eftir ár. Spurðu bara eigendurna!

Með bílinn handa þér

# ÞEIR BERA AF

## NÚ ER EINFALDARA EN ÁÐUR AÐ EIGNAST RANGE ROVER!



**Range Rover**
Hann er stóri bíllinn. Efstur í fæðukeðjunni. Klassískt útlit. Enginn sem átt hefur Range Rover vill sleppa af honum hendinni. Hann á orðsporið skilið. Flestir hugsa „lúxus" en eigendurnir hugsa „praktískur". Nýja Turbo Diesel V8 vélin er 15% kraftmeiri og 30% sparneytnari en forveri hennar. Hann er hagkvæmari en þú heldur. Kynntu þér leigukjörin í samningnum við Land Rover.

60 YRS

GO BEYOND

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Merkileg tilraun í gangi á vinnumarkaðinum.

## Hreyfanlega vinnuaflið

JÓN KALDAL SKRIFAR

Íslenskt samfélag er þessar vikur og mánuði að ganga í gegnum merkilega tilraun sem aldrei hefur verið reynd áður hér á landi. Það má kalla hana: Hvernig hegðar hreyfanlegt vinnuafl sér í hnattvæddum heimi?

Í byrjun þessa árs var hlutfall útlendinga um tíu prósent af vinnumarkaðinum og var hvergi hærra á Norðurlöndunum. Talið í hausum voru þetta um 18.000 manns. Á sama tíma var skráð atvinnuleysi um eitt prósent.

Eftir látlausar fréttir af uppsögnum, stöðvun framkvæmda og niðurskurði mætti ætla að vinnumarkaðurinn væri hart leikinn þetta haust. Tilfellið er þó annað, að minnsta kosti enn sem komið er.

Púlsinn er sterkur. Atvinnuauglýsingablöð dagblaðanna eru stútfull af auglýsingum eftir fólki í fjölbreytt störf. Og atvinnuleysi er í sögulegu lágmarki, aðeins rétt ríflega eitt prósent. Það er athyglisvert, sérstaklega þegar höfð er í huga sú gamla þumalputtaregla að atvinnuleysi undir tveimur prósentum á að vera vísbending um þenslu; að þá séu fleiri að störfum vegna þrýstings en vilja í raun og veru vinna.

Þegar Ísland varð aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið á sínum tíma urðu margir til þess að vara við afleiðingum skilyrðisins um frjálst flæði vinnuafls. Svipaðar raddir heyrðust aftur fyrir ríflega tveimur árum þegar íbúar Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands bættust í hóp þeirra þjóða sem geta komið og stundað hér atvinnu án takmarkana.

Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar voru meðal annars uggandi yfir þessari þróun. Menn óttuðust að kjarasamningar yrðu brotnir á útlendingunum, með þeim afleiðingum til lengri tíma að kjör versnuðu almennt og atvinnuleysi ykist meðal heimamanna.

Þessi tilraun er í gangi um þessar mundir. Enn sem komið er bendir flest til þess að erlenda vinnaflið sé mjög hreyfanlegt og hafi ekki eyðileggjandi áhrif á atvinnulíf innfæddra.

Þegar allt lék hér í lyndi, krónan var sterk og framkvæmdagleðin allsráðandi, svöruðu þúsundir einstaklinga frá Póllandi, Litháen, Lettlandi og fleiri löndum kallinu eftir fleiri höndum til starfa. Þessir karlar og konur dreifðust víða um atvinnulífið. Fjölmargir fóru í byggingaiðnaðinn, aðrir í ýmis þjónustu- og umönnunarstörf, þar á meðal störf sem Íslendingar hafa gerst fráhverfir.

Við erum nú stödd á því stigi tilraunarinnar að margt af þessu fólki hefur haldið heim á nýjan leik. Fall krónunnar hefur minnkað muninn á launum hér og í heimalöndum þessa fólks, þar sem verð á mat og öðrum nauðþurftum er auk þess mun lægra.

Fjölmargir útlendingar eru hér enn að störfum. Flest bendir til þess að þegar kreppir að þá kjósi þeir að fara heim til sín fremur en hokra hér. Þeir sem eftir verða hafa tengst landinu öðrum böndum en fjárhagslegum. Við skulum bjóða þá velkomna í hópinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Guðlaugur og Líbíuforseti

Grátt grín Ögmundar Jónassonar, þar sem hann útbjó mynd af Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðisráðherra að heilsa Gaddafí Líbíuforseta, hefur farið fyrir brjóstið á mörgum, þar á meðal Guðlaugi Þór, sem finnst lágt lagst að vera spyrt við mann sem hefur látið myrða konur og börn. Skýring Ögmundar á brandaranum er sú að þeir Gaddafí og Guðlaugur eigi það sameiginlegt að þurfa ekki að færa djúp rök fyrir því þegar ráðist væri í djúpar samfélagslegar breytingar.



### En hvað finnst Gaddafí?

Hins vegar má gera því skóna að ef Gaddafí vissi af uppátækinu kynni hann Ögmundi ekki miklar þakkir heldur; hann á að minnsta kosti meira sameiginlegt með Ögmundi en Guðlaugi í ýmsum málum. Gaddafí hefur til dæmis lagt blátt bann við áfengi og fjárhættuspili í Líbíu. Ögmundur vill að vínsala sé takmörkuð við ríkisrekstur og hugnast ekki spilavíti. Guðlaugur vill aftur á móti vín í kjörbúðir og er ekki á móti því þótt menn haldi pókermót fyrir opnum tjöldum. Fengi Gaddafí ráðið kysi hann líklega frekar lúkuna á Ögmundi en Guðlaugi.



### Sjaldnast fullnægjandi

Jakob Björnsson, fyrrverandi orkumálastjóri, svaraði Andra Snæ Magnasyni rithöfundi í Morgunblaðinu í gær, um hvenær sé komið nóg af virkjunum. Svar Jakobs er stutt og snöfurmannlegt: „Þá er komið nóg þegar smávegis viðbót af því sem sóst er eftir er nákvæmlega étin upp af því sem þarf að fórna til að ná henni.“ Jakob bætir við í sömu andrá að þetta svar sé þó „sjaldnast fullnægjandi“.

bergsteinn@frettabladid.is

## Krókurinn sem beygist



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Nautaat

Í Frakklandi hélt agúrkutíðin innreið sína í sumarbyrjun, þegar haldinn var síðasti ríkisstjórnarfundurinn. Við það tækifæri færði Carla Bruni öllum ráðherrunum, þrjátíu og átta að tölu, nýjasta geisladisk sinn „Eins og ekkert hafi gerst“, og skýrðu fjölmiðlar frá þessari höfðinglegu gjöf. Að því búnu héldu ráðherrarnir á braut með geisladiskana í hendinni, og mælti hver og einn þeirra fáein spakleg orð að lokum, líkt og hústakarnir framliðnu í Fróðá eftir duradóminn.

Þeir fréttamenn sem sjá um innlend málefni skrásettu þau samviskusamlega sem vera ber, en fóru síðan að taka saman föggur sínar. Því þótt mikilla tíðinda væri að vænta úti í hinum stóra heimi, ef að líkum léti, bjóst enginn við því að nokkur skapaður hlutur myndi gerast í Frakklandi meðan forsetinn og allir ráðherrarnir væru í fríi. Án Sarkozys eru fréttir í útvarpi og sjónvarpi ekki annað en hljómandi málmur eða hvellandi bjalla eins og mönnum er kunnugt.

En óvæntur gestur kom nú öllu í uppnám. Varla voru ráðherrarnir byrjaðir að koma sér fyrir í sumardvölinni til að hlusta á geisladiskinn, þegar tilkynnt var að innan skamms væri von á mexíkanska nautabananum „Michelito“ og myndi hann sýna listir sínar á ýmsum þeim stöðum þar sem nautaat fer fram. En í Frakklandi er sú íþrótt einungis leyfð þar sem rótgróin hefð er fyrir henni, í gömlum borgum í suðurhluta landsins, ekki ýkja langt frá landamærum Spánar, gjarnan í bæjum sem geta státað af fornum rómverskum hringleikahúsum. Utan þess svæðis er hún bönnuð, það má sem sé ekki taka hana upp þar sem hún hefur aldrei áður tíðkast, en á sínum heimaslóðum er hún allvinsæl.

Því var nú uppi fótur og fit, enda fór miklum sögum af afreksverkum Michelitos, ekki aðeins í hringleikahúsum í heimalandi hans, heldur líka víðar í Rómönsku Ameríku. Á þessum slóðum var hann stórstjarna. En eitt var þó óvenjulegt við feril Michelitos: nautabaninn mikli frá Mexíkó var sem sé tíu ára gamall – tíu og hálfs árs sögðu reyndar blaðamenn sem vildu hafa allt á hreinu.

Hvergi varð þó séð að bernskan stæði honum fyrir þrifum. Á myndum mátti sjá hvernig hann tiplaði léttilega kringum illvíga tudda, aðeins 1,36 m hár, með sverðið og rauðu duluna, áður en hann lagði til lokaatlögunnar. Sagt var að hann hefði byrjað að stunda nautaat fjögurra ára og banað fyrsta bolanum sex ára gamall. Eftir það hófst svo frægðarferillinn.

Það var því ekki nema von þótt eftirvæntingin væri mikil. En þó voru ekki allir jafnhrifnir. Í Frakklandi eru til samtök manna sem gera sig alls ekki ánægða með þá tilhögun að leyfa nautaat með þessum mjög svo ákveðnu takmörkunum heldur vilja láta banna það með öllu, og þau fóru þegar á stúfana. Reyndar var það ekki auðvelt, því mönnum hefur alveg láðst að setja nokkurt aldurstakmark í þessari íþrótt, en formaður samtakanna dró þá fram lög sem leggja blátt bann við barnavinnu af hvaða tagi sem væri og heimtaði að sýningar Michelitos yrðu stöðvaðar á þeim forsendum.

Þessu mótmæltu forsvarsmenn sýninganna hástöfum. Þeir sögðu að Michelito væri venjulegur nemandi í nautabanaskóla, sem myndi koma fram ókeypis eins og venja væri um slíka lærlinga, enda yrði hann einungis látinn eiga við 120 kg kálfa, án þess að bana þeim.

En formaður samtakanna lét ekki sannfærast. „Hver getur trúað því að Michelito sem berst við 250 kg naut í Mexíkó eða enn þyngri og hefur þegar orðið sextíu þeirra að aldurtila, sé ekki annað en nemandi og komi hér fram borgunarlaust?“ sagði hann, og kærði málið þegar til ýmissa yfirvalda. En þau brugðust við með ýmsum hætti, ýmist bönnuðu þau sýningarnar eða leyfðu. Þannig bannaði sýslumaðurinn í Arles sýningu þar í borg, reyndar ekki með tilvísun til laga um barnavinnu heldur af einhverjum öryggisástæðum sem enginn hafði áður heyrt nefndar, og til að árétta það sendi hann vaska sveit lögregluhermanna til að meina litla snáðanum með duluna og korðann aðgang að vellinum þar sem nautin biðu. En borgarstjórinn í þessum sama bæ var á öðru máli, hann hótaði að kæra sýslumann fyrir valdníðslu og fann annan leikvang þar sem nautabaninn ungi gat komið fram. Var sú sýning eins og sagt hafði verið, með ungum bolum sem fengu grið.

Þannig leið nú ágústmánuður, að Michelito hoppaði kringum kálfana og yfirvöldin kringum Michelito ýmist til að stöðva hann eða til að hrópa „óle“ og hvetja hann til dáða. Svo fór að lokum að hann gat nokkurn veginn haldið sinni dagskrá, enda var varla við öðru að búast af þessum unga snillingi sem aðdáendurnir eru þegar farnir að líkja við Mózart.

## Aðför að póstþjónustu

UMRÆÐAN

Bjarni Jónsson skrifar um póstþjónustu



BJARNI JÓNSSON

Sú aðför að póstþjónustu í dreifbýli sem nú á sér stað með lokun póstafgreiðslustaða og fækkun póstburðardaga fer fram í skjóli og á ábyrgð núverandi samgönguráðherra Samfylkingarinnar sem fer einn með 100% hlut ríkisins í Íslandspósti. Mér er til efs að jafnvel fyrrverandi samgönguráðherra Sjálfstæðisflokksins hefði liðið að svo freklega væri gengið á rétt landsbyggðarinnar. Ástæða er til að þau byggðarlög sem nú er ráðist gegn leiti réttar síns vegna þessarar fordæmalausu framgöngu.

**Dregið úr þjónustu**

Með lokun póstafgreiðslna er verið að draga úr þjónustu á viðkomandi svæðum og þjónusta landpósta mun ekki geta mætt þeirri þjónustuskerðingu að öllu leyti. Markmið laga um póstþjónustu er meðal annars að tryggja lágmarksfjölda afgreiðslustaða, og viðskiptaleg rök og meint hagræðing geta ekki eingöngu ráðið för þegar lagt er til að póstafgreiðslum vítt og breitt um landið sé lokað.

**Samfylkingin gengur hreint til verks**

Í ályktun flokksráðsfundar VG 29.-30. ágúst síðastliðinn er þess krafist að póstþjónusta sé rekin með almannahagsmuni í huga og án þess að íbúum á einstökum landsvæðum sé mismunað. Með því að skerða þjónustu við atvinnurekendur og almenning á fámennari svæðum er jafnræðisregla brotin. Einnig er vakin athygli á því að forsætisráðherra hafi þegar lýst því yfir að hann vilji selja póstþjónustu landsins til einkaaðila og ljóst er að með niðurskurði í póstþjónustunni er verið að sníða hana að markaðslögmálum og setja í söluvænlegar umbúðir. Horfið er frá því að reka póstinn sem grunnþjónustu og arðsemissjónarmið eru tekin við. Samfylkingin hefur nú það hlutverk að fylgja þeirri stefnubreytingu gagnvart landsbyggðinni úr hlaði og er óhætt að segja að hún gangi hreint til þess verks.

*Höfundur er sveitarstjórnarfulltrúi VG Skagafirði.*



ROLEX
Franch Michelsen
ÚRSMÍÐAMEISTARI
LAUGAVEGI 15 • SÍMI 511 1900
WWW.SVISS.IS



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 10. september 2008 – 37. tölublað – 4. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



Vistvænn kostur!
Guðjón Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


**Þóra Helgadóttir**
Verðleiðrétting ekki alslæm



6

**Smærri fjármálafyrirtæki**
Þrengingar kalla á samþjöppun



2

**Starfsmenn vilja kaupa**
Heitt í holunum hjá Enex



2

## Eimskip í frjálsu falli

Hlutabréf í Eimskipafélaginu voru færð á athugunarlista í Kauphöllinni í gær, vegna umtalsverðrar óvissu varðandi verðmyndun vegna hættu á ójafnræði meðal fjárfesta, líkt og segir í tilkynningu.

„Þetta er ábending til fjárfesta um að verðmyndun sé óvenju óviss um þessar mundir og felur því í sér hvatningu til þeirra að kynna sér málið vel áður en ákvarðanir eru teknar,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, í samtali við Markaðinn.

Verð á hlutabréfum í Eimskip hefur nánast verið í frjálsu falli síðustu vikur og mánuði. Á einni viku hefur gengi bréfanna til að mynda lækkað um ríflega þriðjung. Fyrir um ári var gengið um 43, en var komið niður fyrir 10 kr. á hlut í gær.

Eins og fram hefur komið í Markaðnum situr Eimskip enn uppi með ábyrgð upp á 25 milljarða króna vegna sölu á bresku ferðaskrifstofunni XL Leisure Group fyrir tveimur árum. Unnið hefur verið að endurfjármögnun, en henni er ekki lokið og herma heimildir Markaðarins að skyndilegt fall nú geti tengst óvissu um lyktir þeirrar vinnu. - bih


TrackWell



Tíma - og verkskráning
Flotastýring og eftirlit
www.trackwell.com


### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Olíuverð lækkar** | Verð á hráolíu hefur lækkað nokkuð hratt upp á síðkastið og lá við 102 dali á tunnu þegar best lét í gær. Í júlí stóð verðið í hæstu hæðum, fór í rúma 147 dali á tunnu.

**Kauphöllin sprakk** | Fjárfestar í Bretlandi komu að lokuðum dyrum hjá Lundúnamarkaðnum í Bretlandi á mánudag. Tvöfalt meiri velta með hlutabréf en aðra daga varð til þess að kauphallarkerfið brann yfir. Þetta er alvarlegasta kerfisbilun á breskum hlutabréfamarkaði í átta ár.



**Þjóðnýting gleður** | Gengi hlutabréfa tók kipp upp á við víða um heim á mánudag eftir að Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, greindi frá yfirtöku ríkisins á hálfopinberu fasteignalánasjóðunum Fannie Mae og Freddie Mac á sunnudag. Þetta eru umfangsmesta björgunaraðgerðir í sögu fjármálageirans.

**Mikið atvinnuleysi** | Atvinnuleysi mældist 6,1 prósent í Bandaríkjunum í síðasta mánuði, samkvæmt nýjustu tölum bandarísku vinnumálastofnunarinnar. Atvinnuleysi hefur ekki verið meira í tæp fimm ár.

**Óbreyttir vextir** | Bæði Englandsbanki og evrópski seðlabankinn ákváðu í síðust viku að halda stýrivöxtum óbreyttum. Aðstæður í efnahagslífinu og yfirvofandi samdráttur í hagvexti lá til grundvallar ákvörðununum.



**SKUGGABANKASTJÓRNIN RÆÐUR RÁÐUM SÍNUM** Skuggabankastjórn Markaðarins kom saman á Hótel Holti, til fundar í þriðja sinn, árdegis síðasta mánudag. MARKAÐURINN/STEFÁN

# Skuggabankastjórnin vill 25 punkta lækkun

## Skuggabankastjórn Markaðarins áréttar að tími sé kominn á lækkun stýrivaxta. Hættara sé við kreppu en verðbólgu.

**Óli Kristján Ármannsson og Björn Ingi Hrafnsson**
skrifa

Seðlabanki Íslands ætti að lækka stýrivexti um 0,25 prósentustig á vaxtaákvörðunardegi sínum á morgun, samkvæmt áliti skuggabankastjórnar Markaðarins. Að þessu sinni voru skiptar skoðanir innan bankastjórnarinnar. Tveir vildu fremur horfa til væntinga erlendra greinenda og hættunnar á frekara gengisfalli og halda vöxtum óbreyttum. Hinir vildu hefja lækkunarferli stýrivaxta nú þegar og forða með því frekara kreppuástandi.

Sameiginleg niðurstaða er svo varfærnisleg lækkun sem undirbyggja þarf rækilega með gögnum, svo sem með því að birta nýjan stýrivaxtaferil.

Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir stöðuna í efnahagslífinu einkennast af mikilli óvissu og hættu, meðal annars vegna skorts á lánsfé. Þá hafi ekki tekist að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans nema að takmörkuðu leyti. „Það lán sem tilkynnt var um í síðustu viku, en hefur reyndar ekki enn verið tekið, er auðvitað aðeins sem lítið skarð í stórri ísaldarstæðunni og var af kurteisisástæðum ekki hlegið beint út af borðinu,“ segir hann.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir mestu skipta nú að vega saman verðbólguhættuna annars vegar og hættuna á kreppu hins vegar. Hann horfir meðal annars til reynslunnar af fyrri samdráttarskeiðum, svo sem þegar lækkun stýrivaxta hófst síðla árs 2001, skömmu áður en verðbólga náði hámarki.

Ingólfur Bender, forstöðumaður Greiningar Glitnis, segir verðbólguhorfur jafnframt góðar og líkur á að verðbólgumarkmiði Seðlabankans verði náð á þriðja fjórðungi næsta árs. „Í þessu háa vaxtaumhverfi og í ljósi þessarar verðbólguspár tel ég rétt að bankinn lækki vexti sína í nokkuð stórum stökkum á næstu mánuðum,“ segir hann.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, telur einnig að Seðlabankinn þurfi að bregðast hratt við með örum stýrivaxtalækkunum þegar verðbólgan tekur að hjaðna og þá jafnvel með fjölgun vaxtaákvörðunardaga. Lækkunarferlið segir hann hins vegar kalla á góðan undirbúning og telur vart hægt að hefja það nema í tengslum við útgáfu Peningamála, efnahagsrits Seðlabankans, á vaxtaákvörðunardegi í nóvember. Þar hafi bankinn vettvang til að skýra ákvörðun sína og sýn á efnahagsframvinduna.


Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

ISK
GBP
DKK
USD
EUR

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

Peningabréf Landsbankans

Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

GOTT FÓLK

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | -5,1% | -6,2% |
| Atorka | -5,6% | -52,0% |
| Bakkavör | -3,6% | -56,1% |
| Exista | -12,8% | -66,0% |
| Glitnir | -5,8% | -35,4% |
| Eimskipafélagið | -34,5% | -72,6% |
| Icelandair | 0,2% | -26,7% |
| Kaupþing | -2,1% | -20,9% |
| Landsbankinn | -6,9% | -37,2% |
| Marel | -2,5% | -17,3% |
| SPRON | -8,3% | -63,9% |
| Straumur | -7,3% | -43,7% |
| Össur | -0,7% | -4,3% |

**Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Samruni ræddur

„Sameinaðir getum við orðið mun öflugri en hvor í sínu lagi," segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital.



**ÞORVALDUR LÚÐVÍK**

Tilkynnt var um formlegar samrunaviðræður bankans og VBS fjárfestingarbanka í gær. Þorvaldur segir hugmyndina hafa komið upp annað slagið uns sest var niður um helgina.

Málið verður lagt fyrir hluthafafund eins fljótt og auðið er þótt ekki liggi fyrir hvenær viðræðum ljúki. Samruninn er háður samþykki Fjármála- og Samkeppniseftirlits.

Bankarnir hafa báðir sótt um viðskiptabankaleyfi til Fjármálaeftirlitsins og mun Saga Capital vera lengra komið í því ferli þótt ekkert liggi fyrir um niðurstöðuna.

Þorvaldur segir margt benda til að með sameiningunni verði til banki með sterka fjárhagsstöðu, sextán milljarða eigið fé og eiginfjárhlutfall upp á 31 prósent. Eiginfjárhlutfall Saga Capital er mun hærra, var 53 prósent í lok fyrri hluta árs á móti 16,9 prósentum hjá VBS. **- jab**

## STAÐA BANKANNA*

| Banki | Staðan (í milljónum kr) |
|---|---|
| ***Saga Capital:*** | |
| Hagnaður/-tap | -683 |
| Hreinar vaxtatekjur | 500 |
| Eignir | 38.281 |
| Eigið fé | 9.100 |
| Eiginfjárhlutfall | 53% |
| Afskriftir útlána/varúðarfærsla | 23 |
| **VBS:** | |
| Hagnaður/-tap | -871 |
| Hreinar vaxtatekjur | 334 |
| Eignir | 55.731 |
| Eigið fé | 7.130 |
| Eiginfjárhlutfall | 16,9% |
| Afskriftir útlána/varúðarfærsla | 765 |

** Eftir fyrri hluta árs 2008.*

# Vöxtum ekki breytt að sinni

Vextir af lánum Íbúðalánasjóðs verða óbreyttir enn um sinn, 4,9 prósent og 5,4 prósent án uppgreiðsluákvæðis.

Sjóðurinn birti á vef Kauphallarinnar í gær niðurstöðu útboðs íbúðabréfa.

Tilboð bárust fyrir ríflega 23 milljarða króna, en tilboðum í 5,4 milljarða var tekið.

Vegin heildarávöxtunarkrafa tilboðanna var 4,44 prósent án þóknunar.

Vaxtaákvörðunin byggist á ávöxtunarkröfunni auk fjármagnskostnaðar. **- ikh**

# Starfsmenn kaupi Enex

Rætt er um að starfsmenn orkufyrirtækisins Enex kaupi ráðandi hlut Geysis Green Energy í félaginu.

Stærstu eigendurnir eru Geysir Green Energy (GGE) sem á um 73 prósenta hlut í félaginu, og Reykjavík Energy Invest (REI) sem á um 26 prósent. Aðrir eiga minna.

REI er í eigu Orkuveitu Reykjavíkur sem aftur er í eigu Reykvíkinga. Ekki hefur verið eining um það í borgarstjórn Reykjavíkur undanfarið tæpt ár um hvaða stefnu REI skuli taka.

Starfsmennirnir skrifuðu hluthöfum í Enex harðort bréf í lok ágúst. Þar segir meðal annars að kyrrstaðan skaði fyrirtækið og starfsmenn þess og rýri verðmæti þess. Bréfið má skilja svo að starfsmenn hótuðu að hætta ef ekki fyndist lausn á málum.

Samkvæmt heimildum Markaðarins var ýmislegt rætt til að leysa samskipti stærstu hluthafanna. Meðal annars að REI keypti GGE út, eða að þriðji aðili kæmi að málum. Skriður komst á málið í kjölfar bréfsins og viðræður hófust um kaup starfsmannanna.

Enex mun vera metið á um fjóra milljarða króna, svo ætla má að hlutur GGE færi á þrjá miðað við það. Starfsmenn Enex hér á landi eru 22. Félagið á þriðjung í Enex-Kína, stóran hlut í jarðhitafyrirtæki í Bandaríkjunum og í tveimur fyrirtækjum í Þýskalandi. Starfsemin teygir einnig anga sína víðar um heim.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst er ekki útilokað að eitthvað af starfseminni erlendis fylgi með í kaupunum, eignist starfsmennirnir hlut GGE. **- ikh**

# Fjármagna orkuver í BNA

Glitnir hefur í samstarfi við bandaríska fjárfestingabankann Morgan Stanley haft milligöngu um sextán milljarða króna lánafyrirgreiðslu fyrir orkufyrirtækið Nevada Geothermal Power. Lánafyrirgreiðslan, sem fengin er hjá TCW Asset Management Company, verður nýtt til að fjármagna fyrsta áfanga í byggingu nýs jarðhitavers.

Framleiðslugeta orkuversins verður 49,5 MW og verður raforkan seld til Nevada Power Company með samningi til tuttugu ára. Samkvæmt heimildum Markaðarins markar samningurinn ákveðin tímamót fyrir Glitni sem leiðandi aðila á sviði verkefnaþróunar og ráðgjafar í orkumálum. Glitnir hafi komið að verkefninu á fyrstu stigum, tekið út og veitt til rannsókna og borunar tímabundið brúarlán, en



**ÁRNI MAGNÚSSON**



**MAGNÚS BJARNASON**

jafnframt tekið að sér að finna framtíðarfjármögnun.

„Samningurinn er tímamótaskref í þróun jarðhitaorku, bæði fyrir Nevada Geothermal og Glitni og jarðhitaiðnaðinn allan," segir Árni Magnússon, framkvæmdastjóri orkusviðs Glitnis.

„Við erum mjög stolt af því að taka þátt í hinum sívaxandi jarðhitaiðnaði í Bandaríkjunum," segir Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Glitnis. **- bih**

# Þrengingar kalla á aukna samþjöppun

## Frekari samrunar eru á fjármálamarkaði. Gott uppgjör hjá MP, en víða áhyggjur af eiginfjárlágmörkum og afskriftum.

**Björn Ingi Hrafnsson**
skrifar

„Aðalástæðan fyrir góðri afkomu hjá okkur er sú að við höfðum búist við erfiðum aðstæðum á fjármálamörkuðum og því minnkað eigin viðskipti með hlutabréf verulega. Einnig áttum við von á góðum skuldabréfamarkaði og höfðum byggt upp verulega eign í innlendum ríkiskuldabréfum," segir Styrmir Þór Bragason, forstjóri MP Fjárfestingabanka, en uppgjör bankans sker sig nokkuð úr þegar kemur að smærri fjármálafyrirtækjum á fyrri helmingi ársins. MP skilaði þá hagnaði fyrir skatta upp á hálfan annan milljarð, meðan flest önnur smærri fjármálafyrirtæki glímdu við taprekstur.

Styrmir Þór segir að það hafi hjálpað bankanum að lána einvörðungu til skemmri tíma og eins að beita virkri áhættustýringu til að koma í veg fyrir útlánatöp. „Það hefur komið bankanum vel á þessu ári að vera ekki með stóran hluta eigna sinna bundinn í langtímalánum og hlutabréfum. Bankinn hefur því náð að breyta um áherslur í samræmi við aðstæður," segir hann.



**STYRMIR ÞÓR BRAGASON**

Greiningardeild Kaupþings segir að einkennandi fyrir flest af smærri fjármálafyrirtækjum hér á landi á fyrstu sex mánuðum ársins hafi verið mikið tap af hlutabréfum, aukin virðisrýrnun útlána og samdráttur eigin fjár. „Virðisrýrnun útlána hefur margfaldast frá því í fyrra en háar varúðarfærslur voru færðar nú vegna óhagstæðra markaðsaðstæðna," segir í hálffimmfréttum greiningardeildarinnar og bent á að eigið fé þessara fyrirtækja hafi lækkað umtalsvert frá áramótum, utan MP sem jók eigið fé sitt um fimmtung á tímabilinu.

Greiningardeild Kaupþings telur mikið áhyggjuefni hversu mikið eigið fé sparisjóðanna hafi minnkað og nefnir til sögunnar að eigið fé SPRON, Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs Mýrasýslu hafi dregist saman um meira en helming á fyrri hluta ársins. Eiginfjárhlutfall samkvæmt CAD reglum er 10 til 12 prósent hjá SPRON, Icebank og SpKef, samkvæmt tölum frá greiningardeildinni, sem segir slíkt orðið „óþægilega nálægt" lögbundnu lágmarki um 8 prósenta CAD hlutfall og raunar komið niður fyrir það í tilfelli Sparisjóðs Mýrasýslu, sem Kaupþing tók nýlega yfir.

Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að frekari samrunar séu líklegir á fjármálamarkaði á næstu vikum. Er þá einkum horft til samruna Glitnis og Byrs, en einnig er fullyrt að áhugi sé fyrir því að steypa saman Landsbankanum og Straumi, eins og spáð hefur verið um langt skeið.

Í gær var tilkynnt um formlegar viðræður Saga Capital og VBS um sameiningu bankanna. Markaðurinn hefur heimildir fyrir því að áhugi hafi verið á því að Icebank tæki þátt í þeim viðræðum, en ekkert hafi orðið úr því, m.a. vegna andstöðu stórra eigenda þess banka. Hins vegar er ekki talið ólíklegt að síðar á árinu verði skoðað í alvöru að setja saman í eitt félag Icebank, Frjálsa fjárfestingarbankann og sparisjóðina í Keflavík og Mýrasýslu, enda mun Kaupþing væntanlega þá komið með tögl og hagldir í eignarhaldi þeirra allra og hefur „komið þeim og íslenska fjármálakerfinu til bjargar" eins og einn aðili í bankakerfinu orðaði það.

„Ljóst er að þær þrengingar sem íslenskt fjármálalíf er nú að ganga í gegnum í kjölfar lausafjárkrísunnar kalla á aukna samþjöppun enda eru 34 fjármálafyrirtæki starfandi hér á landi í ekki stærra hagkerfi," segir í Morgunkorni Glitnis í gær. Sú tala gæti átt eftir að breytast verulega á næstunni, eins og fyrr segir.

NETAFRITUN EJS

Lausnasvið EJS býður upp á netafritun á áður óþekktu verði.

ÖRUGG OG TRAUST
Netafritun EJS er 100% sjálfvirk og örugg og engin þörf er á mannlegum afskiptum. Gögnin þín eru varin eldsvoðum, þjófnaði, skemmdarverkum og náttúruhamförum þar sem gögnin eru geymd á öruggum stað í hýsingarsal EJS.

AUÐVELT Í NOTKUN
Uppsetning Netafritunar EJS er auðveld í framkvæmd. Allir sem hafa grunnþekkingu á tölvum geta framkvæmt uppsetninguna án nokkurra vandkvæða.

HENTAR SMÁUM SEM STÓRUM
Netafritun EJS er bæði fyrir útstöðvar og netþjóna og styður öll helstu stýrikerfi og gagnagrunna, þ.m.t. Windows, Linux, Mac, Unix, MS Exchange, MS SQL, My SQL og Lotus Notes.

Það er til lausn á öllu
Opið 9-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
BELLINI
collezione
LLOYD
SARAR
PAL ZILERI
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 12 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
50%
til
70%
afsláttur
af öllum
vörum!
Troðfull verslun af merkjavöru!
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN ( VIÐ FAXAFEN )




KAUPÞING
Hugsum lengra

Skammtímasjóður

Skammtímasjóður er tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

*Nafnávöxtun í íslenskum krónum á ársgrundvelli
fyrir tímabilið 29.08.2007 - 29.08.2008

Skammtímasjóður er fjárfestingarsjóður samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum Kaupþings eða á www.kaupthing.is.



# Kreppuhæ
# þyngra en *ver*

**Skuggabankastjórn Markaðarins leggur til 25 punkta lækkun stýrivaxt
Bankinn ætti um leið að birta nýjan stýrivaxtaferil og rökstyðja ákv
krónunnar. *Óli Kristján Ármannsson* og *Björn Ingi Hrafnsson* fun**

„Staðan í efnahagsmálum einkennist af mikilli óvissu," segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík. „Hætta steðjar að íslensku efnahagslífi, meðal annars vegna skorts á lánsfé sem veldur súrefnisskorti í atvinnulífinu. Stjórnvöld hafa ekki megnað að fylgja eftir mikilvægum skiptasamningum við norræna seðlabanka frá í vor nema að mjög takmörkuðu leyti. Engir aðrir skiptasamningar hafa fylgt á eftir. Ekki hefur tekist að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans nema að takmörkuðu leyti og það lán sem tilkynnt var um í síðustu viku, en hefur reyndar ekki enn verið tekið, er auðvitað aðeins sem lítið skarð í stórri ísaldarstæðunni og var af kurteisisástæðum ekki hlegið beint út af borðinu."

Ólafur bendir á að ekkert hafi verið aðhafst til að styrkja innviði gjaldeyrismarkaðarins, til dæmis með því að fá erlendan banka til að taka að sér viðskiptavakt með krónuna og styrkja verðmyndun hennar með tiltækum ráðum, sem margir hafi þó kallað eftir að yrði gert.

„Fall krónunnar og ofurvextir ógna atvinnufyrirtækjum og heimilum. Stefnan í peningamálum dugir ekki eins og flestum virðist orðið ljóst," segir Ólafur enn fremur og segir brýnt að hefja lækkun stýrivaxta nú þegar efnahagslífið horfist í augu við alvarlega ofkælingu og búi við þrefalda vexti á við það sem gerist í samkeppnislöndum. Hann telur þó að fyrrgreindir óvissuþættir leyfi ekki, að sinni, að hreyft verði við vöxtunum. „Þeir aðilar erlendis sem fylgjast með efnahagsmálum hér á landi myndu við þessar aðstæður telja slíka aðgerð óforsvaranlega og slíkt mat væri fallið til þess að veikja gengi krónunnar enn frekar. Búsifjar fyrir atvinnulífið og heimilin af þeim sökum gætu orðið enn þyngri en jafnvel hinir ofurháu vextir," bendir Ólafur á.

„Ég kalla enn eftir því að stjórnvöld sendi frá sér skýr skilaboð um að í peningamálum verði leitað nýrra leiða með því að styrkja tengslin við Evrópu og leiti eftir því af fullum þunga að Ísland, sem aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, eigi bakhjarl í evrópska seðlabankanum með gjaldmiðlaskiptasamningum við Seðlabanka Íslands," segir Ólafur og telur að ríkisstjórnin hafi skapað nokkrar væntingar um að í fjárlagafrumvarpi og stefnuræðu forsætisráðherra verði mörkuð trúverðug efnahagsstefna og skýr skilaboð um að vörn verði snúið í sókn.

„Fyrsta skrefið er ákvörðun um að hagnýta þau sóknarfæri sem orkuskortur í heiminum færir okkur. Samhliða þarf raunhæfa áætlun um að Ísland fullnægi Maastricht-skilyrðunum sem er viðurkennt heilbrigðisvottorð fyrir efnahagslífið og um leið forsenda fyrir mögulegri aðild að Evrópusambandinu," segir Ólafur Ísleifsson.

**LÍKLEGT AÐ FJÖLGA ÞURFI ÁKVÖRÐUNARDÖGUM**

„Þar sem við sjáum nú verðbólguöldu ganga yfir legg ég við núverandi aðstæður til óbreytta stýrivexti," segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings. Hann áréttar þó um leið að horfa á síðustu tölur sem feli í sér uppsafnaða hækkunarþörf. „Ljóst er hins vegar að næsti einn til tveir mánuðir verða mjög þungir í verðbólgu og við gætum séð hana hækka enn. Jafnframt er rétt að ástand á gjaldeyrismarkaði er mjög viðkvæmt og krónubréf á gjalddaga í september sem horfa þarf til." Ásgeir telur að í fjármálaheiminum séu menn hættir að gera ráð fyrir stórri erlendri lántöku ríkisins til að styrkja gjaldeyrisforðann og verði því að sjá til hvernig til tekst með krónubréfagjalddaga. „Ástandið er því mjög viðkvæmt núna og vart forsvaranlegt að hefja lækkanir nú þegar verðbólgan er komin upp að stýrivöxtunum." Hann bendir um leið á að þessi staða hafi komið upp áður. „Seðlabankanum hefur tvisvar tekist að ná verðbólgu niður úr tveggja stafa tölu í mjög lága tölu á einum til tveimur árum. Þetta gerðist 1992 með tengingu við ECU og svo aftur 2001/2002 þegar krónan styrktist. Við gætum því séð verðbólgu hjaðna mjög fljótt þegar gjaldeyrismarkaður réttir aftur úr kútnum og það verður vonandi árið 2009. Forsendan er að gengi krónunnar hækki aftur."

Ásgeir segir um leið dálítið sérstakt að hlusta á þær skoðanir sem úr Seðlabankanum berast því þar á bæ virðist menn hafa takmarkaða trú á eigin trúverðugleika, þrátt fyrir að hafa í tvígang unnið slíkan sigur á verðbólgu hér. „Þrátt fyrir allt held ég að Seðlabankinn haldi trúverðugleika sínum og að markaðurinn trúi því að verðbólga fari að ganga niður." Vaxtalækkun segir

**SKUGGABANKASTJÓRN MARKAÐ**

**ÓLAFUR ÍSLEIFSSON**



## Óvissuþættir hamla lækkun

Ólafur Ísleifsson segir brýnt að hefja lækkun stýrivaxta nú þegar efnahagslífið horfist í augu við alvarlega ofkælingu og búi við þrefalda vexti á við samkeppnislöndin. Hann telur þó að fyrrgreindir óvissuþættir leyfi ekki, að sinni, að hreyft verði við vöxtunum. „Þeir aðilar erlendis sem fylgjast með efnahagsmálum hér myndu við þessar aðstæður telja slíka aðgerð óforsvaranlega og slíkt mat væri fallið til þess að veikja gengi krónunnar enn frekar. Búsifjar fyrir atvinnulífið og heimilin af þeim sökum gætu orðið enn þyngri en jafnvel hinir ofurháu vextir."

MARKAÐURINN/STEFÁN

**NIÐURSTAÐA: ÓBREYTTIR STÝRIVEXTIR**

**ÁSGEIR JÓNSSON**



## Undirbúa þarf lækkun vaxta

„Við núverandi aðstæður er varla hægt að verja það að lækka vexti miðað við hvernig verðbólgan er, auk þess sem, líkt og bent hefur verið á, að fylgst er með okkur erlendis frá. Þrátt fyrir alla galla er verðbólgumarkmiðið eina markmiðið sem við höfum völ á. Og þrátt fyrir að það hafi að einhverju leyti sprungið getum við ekki yfirgefið það. Það myndi koma mjög illa út í augum útlendinga." Ásgeir segir „gífurlega" kólnun hagkerfisins í vændum og öllu máli skipti að rétt sé staðið að stýrivaxtalækkun. Hún hafi hins vegar ekki verið undirbúin nægilega enn.

MARKAÐURINN/STEFÁN

**NIÐURSTAÐA: ÓBREYTTIR STÝRIVEXTIR**

**ÞÓRÐUR**



## Nú hraðb

Þórður segir vel hafi t
lendingu í hagkerfinu
Vaxtalækkunarferlið h
verðbólga náði háma
lækkunarferlið nú og
um 50 punkta. Það st
og ég óttast að núver
af aðhaldi en er hagk
kreppu er mun meiri
bólgu."

**NIÐURS STÝRIVEXT**

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

Rýmingarsala
á hitaveituskeljum




Arctic Spas • Kleppsvegur 152 • 104 Reykjavík • Sími 554 7755
www.heitirpottar.is



Fríða varð bæði vitni að miklu ríkidæmi og fátækt í Nígeríu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Menningarsjokk í Nígeríu

**Arkitektinn Fríða Sigurðardóttir hefur ferðast vítt og breitt um heiminn bæði með landsliðinu í blaki og á eigin vegum. Ferð til Nígeríu árið 2005 þykir henni eftirminnilegust allra.**

„Ég fór með landsliðinu í blaki til Nígeríu árið 2005 og er sú ferð ólík öllu öðru sem ég hef kynnst. Við upplifðum gífurlegar andstæður og urðum bæði vitni að ofboðslegu ríkidæmi og mikilli fátækt,“ segir Fríða Sigurðardóttir, sem hafði aldrei komið til Afríku áður.

„Við vorum í mjög góðu yfirlæti á Hilton-hóteli inni á afgirtu svæði en utan þess blasti fátæktin við á hverju horni. Íslenski ræðismaðurinn í Abuja keyrði með okkur um borgina og fór meðal annars með okkur í lítið þorp skammt hjá. Þar bjó fólk í moldarkofum og átti ekki annað en spjarirnar sem það bar utan á sér, sem gjarnan voru þróunarhjálparföt með myndum af Madonnu eða Eminem. Við gáfum þeim Smartís og þau bitu það í tvennt til að deila því á milli sín,“ lýsir Fríða og neitar því ekki að hún hafi orðið fyrir menningarsjokki. „Það var ekki óalgengt að sjá kofahreysi úr pappakössum öðru megin við götuna en glæsihallir hinu megin, en auðinum er gífurlega misskipt í landinu.“

Síðasta kvöldið kynntist Fríða síðan syni Kofi Annan, fyrrverandi aðalritara Sameinuðu þjóðanna. „Hann bauð okkur upp í forsetasvítuna í kampavín, sem undirstrikaði enn frekar andstæðurnar.“

Fríða hefur stundað nám í Bandaríkjunum síðastliðin sex ár og þá bæði í Norður-Karolínu og Georgíu. Þar spilaði hún með skólaliðinu í blaki og ferðaðist um Bandaríkin þver og endilöng. Auk þess notaði hún fríin í ferðalög um Evrópu. Hún er nú komin heim í bili en segist ávallt haldin útþrá. „Því meira sem maður ferðast, því þyrstari verður maður.“

*vera@frettabladid.is*

Námskeið fyrir heimsóknavini

**Kópavogsdeild Rauða krossins** óskar eftir sjálfboðaliðum til að sinna heimsóknaþjónustu. Undirbúningsnámskeið verður haldið í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11 þriðjudaginn 17. september kl. 18:00–21:30. Námskeiðið er ókeypis og opið öllum áhugasömum.

**Heimsóknavinir Kópavogsdeildar** rjúfa einsemd og félagslega einangrun fólks með heimsóknum á einkaheimili og stofnanir. Heimsóknavinir veita félagsskap m.a. með því að spjalla, lesa fyrir viðkomandi eða fara í gönguferðir. Auk undirbúningsnámskeiðsins bjóðum við sjálfboðaliðum okkar námskeið í almennri skyndihjálp og sálrænni skyndihjálp án endurgjalds, auk annarrar þjálfunar og fræðslu.

Við hvetjum alla þá sem hafa áhuga á að þiggja þjónustu heimsóknavina að hafa samband.

Skráning og nánari upplýsingar í síma 554 6626 eða með tölvupósti á kopavogur@redcross.is.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

SPORT KLÚBBURINN

Kaupauki að verðmæti 59.000.-
fyrir aðeins 4.990.- á mánuði!

• frítt í allar ÍTR sundlaugarnar
• frír mánuður fyrir vin
• tækjakennsla
• bolur
• brúsi
• 5 tímar í skvass
• 5 tímar í Golf
• máltíð á BK Kjúkling
• 5 tímar í ljós

EFTIR HVERJU ERTU AÐ BÍÐA?

SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
www.sporthusid.is | Dalsmára 9-11 | Kópavogi | Sími: 564 4050 | sporthusid@sporthusid.is

;ALLT MATUR

Alla föstudaga

# ;FERÐIR

**FERÐASKRIFSTOFAN** Afríka ævintýraferðir býður upp á safaríferð til Kenía og górilluferð til Virungafjallanna, á landamærum Úganda, Rúanda og Kongó, í febrúar/mars á næsta ári. Fyrirtækið hefur skipulagt ferðir til Austur-Afríku frá 1995. Sjá www.afrika.is.




Danmörk, Kaupmannahöfn. Til Leigu / Til Sölu/ eða leiguskipti.

*Langar þig til þess að búa erlendis. Núna er tækifærið. Gríptu það meðan tækifæri gefst.*



Til sölu eða leigu, eða jafnvel leiguskipti. Gullfallegt 200 fm einbýlishús í góðu hverfi í Kaupmannahöfn. Heimilisfangið er Enghøjvej 5, 3660 Ganløse, Danmark. ATH. Það tekur aðeins 17 mín að komast í miðbæ Köben. Mjög barnvænt og gott fjölskylduhverfi. Erum jafnframt til í að skoða öll skipti, jafnvel dýrara eignir og/eða atvinnuhúsnæði, í 50 km radíus frá Stórreykjavíkursvæðinu,. Húsnæðið var tekið í gegn fyrir 2 árum, heitur pottur í garði, ásamt 350 fm verönd og fleira og fleira. Áhugasamir hafi samband við Sólveigu sími: **496 0301** eða Kristján sími: **896 0602**, **sollabolla@gmail.com**




Ásta Sól og Arngrímur í Ríó. Þokuslæða umlukti Kristsstyttuna sem gerði hana bara enn tilkomumeiri að sögn Ástu.

MYND/ÁSTA SÓL



Ótrúlegt að sjá hvernig fólk kemst af. Fátækrahverfin höfðu mikil áhrif á Ástu Sól.

# Á slóðum Brasilíufara

**Ásta Sól Kristjánsdóttir og Arngrímur Baldursson ferðuðust til Brasilíu og hittu afkomendur íslenskra Brasilíufara. Ásta bauð þeim upp á hákarl og lakkrís sem þeim líkaði vel.**

Á árunum 1863 til 1873 fluttu 37 Íslendingar búferlum til Brasilíu að freista gæfunnar. Talið er að afkomendur þeirra séu nú um 2000 manns. Ásta Sól Kristjánsdóttir ferðaðist á Íslendingaslóðir í Brasilíu og kynnti sér aðstæður ásamt manni sínum Arngrími Baldurssyni, en hún er verkefnisstjóri Snorraverkefnisins sem heldur utan um komur Vestur-Íslendinga til Íslands. Hugmyndin að Brasilíuferðinni kom til þegar brasilískir bræður af íslenskum ættum komu hingað til lands og spurðu af hverju ekki væri sama þjónusta til fyrir þá eins og Vestur-Íslendingana.

„Við hugsuðum bara já af hverju ekki? Það varð svo úr að við fórum út í nóvember í fyrra til að kanna aðstæður en þau eru með lítið Íslendingafélag í bænum Curitiba,“ útskýrir Ásta Sól.

Þar hittu þau bræðurna aftur og alla þeirra ætt sem ber nafnið Reikdal og einnig hittu þau formann Íslendingafélagsins, Barddal að nafni.

„Þarna var fólk með ættfræðina alveg á hreinu og dreif upp gögn og skrár. Við komum með hákarl að gefa þeim en gleymdum brennivíninu. Þeim fannst hann bara mjög góður og sumum fannst hann betri en lakkrísinn.“

Ásta segir afkomendur Brasilíufaranna hvorki tala íslensku né skilja en tungumálið hafi þó ekki fallið alveg í gleymsku. Gamlar vögguvísur hafi runnið af vörum eldra fólksins og þau buðu góða nótt upp á íslensku.

„Það var ótrúlegt að heyra eldra fólkið kunna bí bí og blaka. Flest af þessu fólki talar bara portúgölsku og ekki ensku og íslenskunni hefur ekki mikið verið haldið við nema einhverjum orðum.“

Ásta og Arngrímur ferðuðust einnig til Ríó sem hún segir nauðsynlegan viðkomustað þegar farið sé til Brasilíu. Kristsstyttan sveipuð þokuslæðu er Ástu eftirminnileg úr ferðinni en einnig höfðu fátækrahverfin áhrif á hana.

„Fyrst vorum við svekkt yfir þokunni en svo varð bara meiri „mystík“ yfir styttunni. Það var líka mjög framandi að labba í fátækrahverfinu og það stendur svolítið upp úr hjá okkur bara hvernig fólk lifir af.“

Fyrsta ferðin á slóðir íslensku Brasilíufaranna verður farin 14. nóvember og ráðgerir Ásta, ef vel tekst til, að farið verði annað hvert ár í slíkar ferðir. Nánar má kynna sér Brasilíuferðina á www.inl.is.

*heida@frettabladid.is*



Þrír ættliðir af afkomendum íslenskra Brasilíufara.



Margs konar handverk er kynnt á Vestnorden.

MYND/SIG.JÖKULL

## Vestnorden aldrei eins vinsæl

ALLT STEFNIR Í AÐ VESTNORDEN KAUPSTEFNAN Í LAUGARDALSHÖLLINNI DAGANA 15. TIL 17. SEPTEMBER VERÐI SÚ UMFANGSMESTA FRÁ UPPHAFI.

Á Vestnorden kynna seljendur ferðaþjónustu á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum sig fyrir kaupendum víða að úr heiminum. Í framhaldinu er um almenna sýningu að ræða. Horfur eru á að kaupstefnan verði fjölsótt sem aldrei fyrr. Sýnendur eru um 330 talsins frá 170 fyrirtækjum og um 220 kaupendur frá um 150 fyrirtækjum hafa boðað komu sína.

Þetta er í 23. sinn sem þessi sameiginlegi viðburður Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga fer fram.


# 2 fyrir 1 til
# Montreal – Kanada
## 26. september
## frá kr. 29.990



### Ótrúlegt helgartilboð – aðeins 30 sæti!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum til Montreal 26. sept. Þú bókar 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Bjóðum líka einstök sértilboð á gistingu t.d. á Travelodge Montreal eða á Best Western Ville Marie hótelinu sem er gott og vel staðsett fjögurra stjörnu hótel. Þetta er einstakt tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytni. Það er frábært að versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og hagstætt verðlag. Gríptu tækifærið og smelltu þér í þriggja nátta helgarferð, þar sem tíminn nýtist einstaklega vel til og njóttu þess besta sem heimsborgin Montreal hefur að bjóða.

Verð kr. **29.990**
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, 26.-29. september. 2 fyrir 1 tilboð.

Gisting frá kr. **4.900**
Netverð á mann á nótt, m.v. gistingu í tvíbýli á Travelodge Montreal með morgunverði. Gisting á Best Western Ville Marie kr. 5.900 á mann á nótt.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



# ;ALLT TÍSKA
## Alla fimmtudaga



# Riga
Lettlandi
## Beint flug frá Keflavík

Gamli og nýi tíminn mætast í borg sem ekki á sinn líka. Miðstöð menningar og lista við Eystrasaltið Úrval veitingahúsa, verslana og kaffihúsa á verði sem slær öllu við. Næturlíf eins og það gerist best

Gamli bærinn er frá árinu 1201 verndaður af Unesco. Þar ber hæst Kastalinn í Riga. Kirkja St Peter's og dómkirkjan. Gamli bærinn í Riga er virkilegt augnayndi hvert sem litið er og setur borgin á stall með fallegri borgum Evrópu.



**Verð 59.900,- Kr**
(flug, hótel, rúta, skattar miðað við tvo í herbergi)
**24. - 28. september**

Trans-Atlantic
Sími 588 8900

Verð miðast við gengi EU 5. sept

www.transatlantic.is


Ferðafélagið Útivist stendur fyrir árlegri haustlitaferð í Bása, en næst verður farið í slíka ferð helgina 19. til 21. september. Gengið verður um svæðið en auk þess verður mikið lagt upp úr grillmáltíð, varðeldi og kvöldvöku.

**Sjá www.utivist.is**

**ÝMIS HANDVERKSNÁMSKEIÐ** verða hjá Handverkshúsinu í haust. Má nefna námskeiðin grunnnámskeið í tréútskurði sem hefst um helgina, silfurleir, sem fer næst fram á Akureyri 20. til 21. september og verkfærabrýnslu 29. til 30. september. Sjá www.handverkshusid.is.





# Lýsing á að skapa vellíðan

**Við val á lýsingu innanhúss þarf ýmislegt að hafa í huga. Sama lýsing á ekki endilega við á vinnusvæði og þar sem á að slappa af. Hægt er að fá ráðleggingar hjá hönnuðum um lýsingu híbýla.**



Ásgrímur Jónasson gefur ráðleggingar um lýsingu híbýla hjá Epal. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Lýsing í híbýlum fólks er ekki bara smekksatriði. Mismunandi lýsingu þarf að velja eftir þeirri starfsemi sem fer á fram á hverju svæði.

„Heimilislýsing snýst um fernt. Þann blæ sem við kjósum að ríki í íbúðinni, vellíðan sem lýsingin skapar, virkni lýsingar og ljósabúnaðar og svo öryggi,“ segir Ásgrímur Jónasson, lýsingarráðgjafi hjá Epal. Hann segir mismunandi eftir því hvar á hnettinum fólk býr hvernig lýsingu það kjósi inni á heimilum sínum. Það felist í muninum á vegalengdinni sem ljósið þarf að ferðast um andrúmsloftið.

„Þannig hefur sjón þeirra sem búa á norðlægum slóðum þróast við hlýrra ljós en þeirra sem búa nær miðbaug. Afleiðingin er sú að við á norðurslóðum kunnum betur við hlýja ljósliti, en þjóðir sunnar í álfunni velja hvítara ljós.“

Ásgrímur segir mikilvægt að samspil ljóss og skugga sé eðlilegt og að stýring lýsingarinnar gefi næga möguleika þegar ákveðinn er sá blær sem húseigendur vilja. Huga þurfi að staðsetningu ljósgjafa og styrk, lit ljóssins og hve vel lýsingin skilar réttum litum frá umhverfinu. Einnig sé mikilvægt að útlit þeirra lampa og ljósgjafa sem valdir eru sé í samræmi við aðra þætti íbúðarinnar.

„Til þess að ná því markmiði að lýsingin skapi vellíðan þarf, auk þess að blær hennar hafi heppnast, að koma í veg fyrir ofbirtu, bæði beina og óbeina. Að birtumunur í sjónsviðinu sé innan ákveðinna marka. Gerður sé greinarmunur á vinnubirtu og þægindabirtu og að lýsingin hafi ekki truflandi áhrif til dæmis við samræður yfir góðum málsverði.“

Virkni er einnig mikilvæg en hún felst í stýringu lýsingarinnar þannig að ávallt sé hægt að stilla lýsinguna á rétta birtu. Búnaður þarf að vera vandaður með lágmarks bilanatíðni og auðveldum peruskiptum. Til að fyllsta öryggis sé gætt þurfa lampar að uppfylla ákveðnar öryggiskröfur eftir því sem við á – vörn gegn innkomu raka og vatns, gegn íkveikju og gegn snertingu við rafleiðandi hluti.

Í Epal getur fólk fengið ráðleggingar hjá Ásgrími um val á lýsingu á heimilið en einnig starfar þar einn af fáum háskólamenntuðum hönnuðum í lýsingarhönnun, Halldór Steinsen. Viðskiptavinir geta komið með teikningu af húsnæðinu eða fengið hönnuðinn heim.

*heida@frettabladid.is*

Eftirfarandi atriði koma sér vel þegar taka á til í hvelli áður en gesti ber að garði: Að tæma eldhúsvaskinn, stafla bókum og blöðum, fjarlægja óæskilegt lesefni, yfirfara baðherbergið og þá sérstaklega klósettið, lofta vel út og gæta þess að vistarverurnar ilmi vel.

**Heimild: Queer Eye for the Straight Guy**


## Til leigu í Skútuvogi 1G

**Skrifstofuhúsnæði—187 fm**



Um er að ræða gott skrifstofurými sem er 187 fm að stærð. Góð lofthæð er í plássinu og í miðju rýminu eru þakgluggar sem gefa góða birtu. Góð eldhúsaðstaða vel búin tækjum.

Miklir möguleikar.

Ítarlegri upplýsingar liggja fyrir á skrifstofu Járn & glers hf - Skútuvogi 1 h– Barkarvogsmegin. Upplýsingar gefur Kjartan s: 585-8900 / 894-4711.
e-mail : kjartan@jarngler.is






CURRENT CONTROLLED DEFIBRILLATION

Hjartastuðtæki Heart Save

PRIMEDIC™ Saves Life. Everywhere.

## Björgum mannslífum!

- Ávallt tilbúið til notkunar
- Einfalt og öruggt
- Einn aðgerðarhnappur
- Lithium rafhlaða
- Íslenskt tal

**Hjartastuðtæki innan seilingar veitir öryggi.** Nauðsynlegt í fyrirtæki, heimahús, opinberar stofnanir, íþróttamannvirki, verslunarmiðstöðvar og víðar. Primedic er mest selda hjartastuðtækið í Noregi.

Nánari upplýsingar veitir Hrefna Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Eirberg

Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • sími 569 3100 • www.eirberg.is

**VISTAKSTUR** er talinn draga úr mengun og spara fé með því að brenna minna eldsneyti ásamt því að stuðla að öruggara aksturslagi. Ökuskólinn Vistakstur heldur slík námskeið en nánari upplýsingar um fyrirkomulag þeirra má finna á vefsíðunni www.vistakstur.is.




## Góðir lyftarar



Toyota 3 tonn dísil 2006
Verð: 2.900.000 án vsk.



Toyota 2,5 tonn rafmagns 2003
Verð: 1.350.000 án vsk.



Toyota 2,5 tonn rafmagns 1998
Verð: 565.000 án vsk.



Hyster 2,5 tonn dísil 2003
Verð: 1.150.000 án vsk.



Toyota 2,5 tonn rafmagns 1996
Verð: 150.000 án vsk.



TMH Ísland - Toyota vörulausnir
Vesturvör 30B
200 Kópavogur
S: 563 4500
tmh@tmh.is
tmh.is


# Volkswagen byggir í Bláfjöllum

**Von er á 1.500 fjölmiðlamönnum hingað til lands í tilefni af heimsfrumsýningu á sjöttu kynslóð af VW Golf. Hótel Radisson var tekið á leigu og sérstakur sýningarsalur byggður í Bláfjöllum af þessu tilefni.**

Kynningin mun standa yfir næstu þrjár vikurnar og verða allir helstu stjórnendur Volkswagen viðstaddir, auk um 1.500 fjölmiðlamanna. Talsmenn Heklu, umboðsfyrirtækis Volkswagen á Íslandi, segja umfang verkefnisins mun meira en gengur og gerist um svipaða viðburði sem áður hafa átt sér stað hér á landi.

Fyrstu hóparnir af fjölmiðlafólki komu til landsins um helgina til að reynsluaka nýjustu gerðinni af Golf og taka þátt í skipulagðri tveggja daga dagskrá. Ekkert verður til sparað til að gera dvöl gestanna sem ánægjulegasta. Ekki hefur farið fram hjá vegfarendum í miðbænum að Volkswagen hefur tekið Hótel Radisson SAS 1919 á leigu í heild sinni næstu þrjár vikurnar til að hýsa gesti og starfsfólk, enda er hótelið merkt VW í bak og fyrir. Einnig hefur sérstakt hús verið byggt í Eldborgargili í Bláfjöllum þar sem gestum gefst færi á að skoða bílinn ítarlega að innan sem utan, snæða veglegan kvöldverð og fara í reynsluakstur í tilkomumiklu nágrenninu, meðal annars að Gullfossi og Geysi og Kerinu.

Jón Trausti Ólafsson, markaðs- og kynningarstjóri hjá Heklu, segir Volkswagen hafa valið Ísland sem vettvang kynningarátaksins vegna einstakrar náttúrufegurðar landsins. Starfsmenn á vegum fyrirtækisins hafa ekki setið auðum höndum hér á landi síðustu vikur og mánuði, heldur tekið ógrynni ljós- og hreyfimynda af bílnum í íslensku umhverfi, sem gestir kynningarinnar verða fyrstir til að sjá áður en þeim verður komið í almenna dreifingu.

Jón Trausti segir að sjötta kynslóð af Volkswagen Golf muni að öllu leyti endurskilgreina þær kröfur sem gerðar séu til gæða og þæginda í þessum stærðarflokki á bíl, og væntanlegir kaupendur muni fá meira fyrir peningana en nokkru sinni fyrr. Meðal þess sem hann bjóði upp á sé aukin sparneytni og endurhannað innrými sem fari fram úr öllum viðmiðum. Viðbótartæknibúnaður inniheldur meðal annars myndavél sem sýnir ökumanni hvað á sér stað fyrir aftan bílinn þegar hann bakkar í stæði, aukna hljóðeinangrun og DSG, tvíkúplandi gírskiptingu, auk margs fleira.

Hekla ráðgerir að hefja sölu á nýja Golfinum hér á landi í janúar á næsta ári. *kjartan@frettabladid.is*



Allir meginhlutar nýja Golfsins hafa verið endurhannaðir. Walter de Silva, yfirhönnuður VW-samsteypunnar, segir Golf vera fyrirmynd alþjóðlegrar bílahönnunar og því hafi uppbygging og sjónrænar útlínur bílsins þurft að vera skýrar en um leið einstakar.



Húsið sem byggt var í Bláfjöllum sérstaklega fyrir kynninguna er 1.100 fermetrar að flatarmáli og átta metrar að hæð. Húsið verður tekið niður og flutt úr landi að þremur vikum liðnum, enda hætta á að það komi illa undan íslenskum frostavetri.


;ALLT TÍSKA
Alla fimmtudaga

Bremsuhlutir
í alla jeppa og pickupa
Diskar
Klossar
Dælur
Borðar



Ísetningarþjónusta
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF.

RÉTTIR BÍLAR
TJÓNASKOÐUN
RÉTTINGAR - SPRAUTUN
RÚÐUÍSETNINGAR
ALMENNAR VIÐGERÐIR
CAR-O-LINER RÉTTINGARBEKKUR
CABAS verkstæði
TM
vörður
SJÓVÁ
RÉTTIR BÍLAR EHF
SÍMI & FAX: 554-3044 • RETTIRBILAR@RETTIRBILAR.IS
VESTURVÖR 24 • 200, KÓPAVOGUR

Meirapróf









ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 17. september

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

## Fæðubótarefni

www.perform.is - Mesta úrval landsins af fæðubótarefnum.

## Nudd

Whole body massage Telepone 846 4768.

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Ekta Bodynudd,heilnudd. Tímapantanir í síma 848 6255 Svara ekki leyninr.

Glæsilegt heilsunudd. Uppl. í s. 662 0841.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**INTENSIVE ICELANDIC I-IV**
Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 15/9, 13/10, 3/11 Level II: 7 weeks; Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 13/10. Level III: 10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30 start 23/9, Level IV: 10 weeks; sat/sun 10-11:30 start: 27/9. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

Námskeið fyrir börn! Matreiðslunámskeið. Ratatouille þema og Poppstjörnunámskeið High School Musical þema fyrir 8-11 ára. stjornustelpur.is

## Kennsla

Píanókennsla fyrir byrjendur og lengra komna. Uppl. í s. 899 3787.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Vel með farið leður sófasett. V. 30 þús. Og eikar skenkur ásamt borði. V. 15 þús. S. 863 9404.

Ódýrt sófasett Leðursófasett 3+1+1 á 20 þ kr, einnig 2x90 rúm, sem nýtt á 10 þ kr. Uppl í 8639941 eftir kl 17.

## Dýrahald

6, 10 vikna kettlingur undan hálfpersneskri mömmu fást gefins. Ekki loðnir. Uppl. í s. 861 9559.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

## Fyrir veiðimenn



**Sjóstöng- Sjóstöng!**
Fyrirtæki,starfsmannafélög nú er tíminn að skella sér í veiði. Ísafold er eitt besta skipið fyrir stærri hópa í sjóstöng. Leitið tilboða og skoðið einnig síðuna okkar www.sjavarferdir.is Frábær skemmtun fyrir alla konur sem karla. Sjávarferðir - Ísafold s. 861 6062 & 861 5828.

**Góðir maðkar**
Til sölu! Silungs og Laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

## Hestamennska

Óska eftir hesthúsi til leigu í Hfj. í vetur. Einnig óskast hesthús í Hfj. til kaups. Er með ökutæki til skipta. Uppl. í síma 695 3744.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

husaleiga.is

Viltu leigja íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Free rent in September**
Grand opening special. Long term rent guesthouse. Tel. 824 4530.

**Opnunartilboð**
Frítt í september. Langtímaleiga á gistiheimili. Uppl. í s. 824 4530.

Til leigu 40 m2 stúdíó íbúð í Árbæ, með sér inngangi, 80 þús, s:820-4062

3. herb. 80 fm hæð í 107 Rvk. Nýl. uppgerð, m/húsg. ef vill. 150. þús/mán. 6934837 eða krm6@hi.is

Rúmgóð 2 herb. íbúð í Kóp. Laus strax! Leiga 110 þ. Einn mán. fyrirfarm. Allt innifalið. S. 897 2318.

Til leigu 3 herb. íbúð á jarðhæð í Salahverfi með góðum palli. Leiga 150.000. Upplýsingar í s. 693 1814, Ásdís.

**Íbúð á Akureyri**
90 fm 3 herb. íbúð nálægt Háskólanum til leigu. Tilvalið f. 2-3 manneskjur. Laus 1. okt. Uppl. í s. 820 3886.

Til leigu 2 herb. íbúð sv. 110 m húsgögnum inif. hiti og rafmagn. Leiga 115 þ. S. 865 2670.

4ja herb, björt og falleg 93m2 íbúð á Völlunum í Hfj. til leigu. Hafið samband í 8671078.

Studíóíbúð 101 miðbær, laus strax, leigist til 1 júní 2009. V. 100 þ. Uppl. í s. 899 1773.

## Húsnæði óskast

Studió eða 2 herb. íbúð óskast í Foldahverfi (Foldaskóli) í Grafarvogi. Greiðslug. 80-90þ. Uppl. í s. 691 5308.

2 herb. íbúð við Laugaveg. Leiga 105þ. 3 mán trygging. Laus strax. S. 866 1246.

Óska eftir 2-4 herb. íbúð með húsg., skammtímaleiga 7-12 mán. í lagi. Helst vesturbær, miðbær. Verðhugmynd 90 - 120.000 þ. S. 848 5253.

## Sumarbústaðir

Sumarbúst. óskast í nágr. Hvanneyrar. Seljandi fengi ca. 9000 fm, söluvæna sveitalóð m. sökkli, sem hluta- eða heildargreiðslu. 35 km frá Reykjavík. Lögheimili heimilt. Áhugasamir sendi uppl. um sumarhúsið á netfangið ask@simnet.is

## Atvinnuhúsnæði

Til sölu nýtt 104.6 fm. iðnaðarhúsnæði í Hfj., lofthæð 4 m., góð innkeyrsluhurð. Verð 19.9 millj., áhv. 10.8 millj., uppitaka á bíl eða öðrum eignum kemur til greina. Uppl. í s. 663 4736 & 663 4836.

Til leigu rúmlega 11m2 skrifstofuhúsnæði með aðgangi að eldhúsi, snyrtingu og setustofu á 3 hæð í Mjódd. Upplýsingar frá kl. 9-14 virka daga í síma 587 7171.

2herb. íbúð í Hlíðunum. leiga 115þ+rafm&hiti upplýsingar s:6604526. Laus 15sept

Stálgrindarhús. Flytjum inn stálgrindarhús frá Kína. Upplýsingar í s. 897 9161 -blikkgylfa@internet.is - Blikksmiðja Gylfa ehf.

## Geymsluhúsnæði




Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Búslóðageymsla Olivers, 100 kr. á dag fyrir Euro brettið. S. 567 4046 & 892 2074. www.buslodageymsla.iceware.net

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Nýstandsett og upphitað hús á Eyrarbakka. Stærstu: 11.875 Stórir: 9.875 Fellih: 7.375 á mánuði í 8 mánuði S. 564 6500.

Húsbíla og hjólhýsa geymsla. Upphitað rými. 1000 kr. fm. á mán. Uppl. í s. 822 1920, www.caravan.is

Gámur til sölu. Uppl. í s. 863 0162.

## Gisting

Rooms for rent. Long term from 25th august. Tel: 588 5588 or lobby@hotelvik.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Símstöðin
Láttu okkur sjá um símann

**Kvöld og helgarvinna**
Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til starfa! Ekki síður skemmtilegt fullorðið fólk. Hringdu núna í síma 575 1500 simstodin@simstodin.is www.simstodin.is

Handverk í hávegum haft
KORNIÐ

**Kornið**
Kornið óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu, annars vegar í fult starf og einnig frá 13:00-18:30 Uppl. í s. 864 1593 Ella fyrir kl. 18:00

PLAYERS KÓPAVOGUR
Players óskar eftir starfsfólki í sal, bar og dyravörslu. Góð vinna með skóla. Uppl. í s. 544 5514 eða joi@players.is

**Starf í leikskóla**
**Óskum eftir starfsmanni til starfa sem fyrst í 100 % stöðu. Viðkomandi þarf að vera góður í samskiptum, skipulagður og stundvís. Leikskólinn er staðsettur á Ártúnsholti.**
**Nánari upplýsingar veitir undirrituð í s. 557 7071 og 899 2056 Netpóstur: regnbogi@regnbogi.is Leikskólastjóri**

**Bakaríið Hagamel 67**
**Óskar eftir að ráða duglega og ábyrga manneskju til afgreiðslustarfa. Unnið er á vöktum eftir nánara samkomulagi.**
**Nánari uppl. veita Gunnar í s. 8978 101 og Steinar í s. 860 3147.**

**Devitos pizza**
**Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. Vaktavinna.**
**Uppl. í s. 697 8434**

Kaffitár

**Hefur þú áhuga á starfi kaffibarþjóns?**
Kaffitár leitar að öflugu starfsfólki sem er drífandi og áhugasamt um kaffi og allt sem því viðkemur. Óskum eftir starfsmönnum á kaffihús okkar í Reykjavík. Í boði eru heilsdagsstörf og helgar/hlutastörf. Umsóknir sendist á marta@kaffitar.is. Upplýsingar í síma 696-8832 milli 9-17.

**Garðabær Bakarí**
**Starfsfólk óskast til afgreiðslustarfa um helgar.**
**Upplýsingar í síma 565 8070 & 891 8258, Þóra.**

Domo

**Veitingastaðurinn Domo**
**Óskar eftir aðstoðar yfirkokki og matreiðslumönnum.**
**Upplýsingar gefur Viktor í s. 697 9069.**

Verkstæði Malarvinnslunnar á Egilsstöðum óskar eftir starfsmanni sem er: Glúrinn í bílarafmagni, hefur kunnáttu i ensku og er tölvuvanur. Í boði er: Áhugavert starf, góð laun, góð starfsaðstaða og einstaklega skemmtilegir vinnufélagar. Verkstæðið er aðallegn í vörubíla og vinnuvéla viðgerðum. Nánari upplýsingar veita: Hafliði Reynisson rekstrarstjóri verkstæðis 470 1506 haflidi@malarvinnslan.is

**Gröfumaður - Egilstaðir**
Vantar vanan gröfumann í 3 mánuði. Vinna við grunn og lagnir. Malarvinnslan. Uppl. í s. 860 0120.

**Vantar mann í hellulagnir og lóðafrágang. S. 698 0098.**

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki til starfa við úthringingar. Aukastarf með góðum tekjumöguleikum. Uppl. gefur Einar í síma 891 6091, Samúel 897 0948 & eli@tmi.is

**Starfsfólk óskast**
Í kaffiteríu Þjóðarbókhlöðu Íslands & Tæknigarðs. Aðeins starfsfólk með reynslu af þjónustu og kaffihúsum koma til greina. Vinnutími er eingöngu dagvinna. Einnig vantar fólk í seinnipart og helgarvinnu. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Meðmæli og íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 898 7070.

Starfsmaður í eldhús Tæknigarðs sem er staðsettur á Háskólasvæðnu óskast í 60-70% starf. Öll almenn eldhús og afgreiðslustörf. Uppl. í s. 898 7070.

Veitingastaðurinn Brons pósthússtræti 9 leitar að starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Í boði eru sveigjanlegar vaktir og samkeppnishæf laun. Nánari upplýsingar á staðnum eða í síma 690 2323.

**Pizzuverksmiðjan Lækjargötu 8**
óskar eftir að ráða pizzubakara í fullt starf og aukabakara um helgar í næturvinnu. Uppl. gefur Ólafur á staðnum eftir kl. 15:00 á miðvikudag og fimmtudag eða í s. 578 8555

Óska eftir mönnum í hellulagnir. Uppl. í s. 860 6500.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, meiraprófsbilstjórar, vélamenn, suðumenn, fiskvinnslufólk o.fl. S. 845 7158.

Vanur smiður óskar eftir verkefnum. Uppl. í s. 848 6904.

40 ára karlmaður óskar eftir vinnu á höfuðborgasvæðinum strax. S. 691 8572.

Ófaglærður maður á miðjum aldri vantar atvinnu. S. 848 5071.

Lögg. rafverktaki getur bætt við sig verkefnum - Föst vinna - Umsjón eða húsvarsla - Möguleiki á að leigja góða íbúð eða kaupa. S. 693 7141.

## Þjónusta

**Glæsilegt tilboð á Dong Fang Salon:**

**Allar vaxmeðferðir með 20% afslætti! Gildir til 1. október.**

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

東方 DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR

SNYRTISTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR
Opnunartími:
Mán/mið/fös. 9.00-18.00
Þri/fim 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00
Sími 444-4085 / 662-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIDIR

## Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**908 6666**
**Tvær nýjar byrjaðar og eru í góðum gír. Hver verður kærastan þín í kvöld ? Opið allan sólarhringinn, engin bið.**

**Stefnumót.is**
Nýr vefur: „Þar sem íslendingar kynnast“. Nýttu þér vandaðan vef fyrir fólk sem gerir kröfur! Vertu velkomin/n.

**Leitar þú að dansfélaga?**
Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast dansfélaga við hæfi. Stefnumót.is.

**Viltu eignast nýja vini?**
Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast nýju fólki á þínum forsendum. Stefnumót.is

**Leitar þú varanlegra kynna?**
Ertu í makaleit? Leitar þú að rómantík? Nýttu þér nýjan vef, www.stefnumót.is, til að kynnast fólki sem leitar þess sama og þú. Stefnumót.is.

**Yndislegar dömur**
Nú kólnar í veðri og þá hitnar hjá dömunum á Rauða Torginu, síbreytilegum hóp yndislegra kvenna. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símatorg) og 535 9999 (kreditkort). Nánar á www.raudatorgid.is

# ttan vegur ðbólguógnin

a. Seðlabankinn kynnir ákvörðun sína á fimmtudag. vörðun sína til að forða neikvæðum áhrifum á gengi duðu í byrjun vikunnar með skuggabankastjórninni.

hann hins vegar að verði að koma til mjög skjótt þegar verðbólga taki að ganga niður því sú þróun muni ganga afar hratt fyrir sig. „Og er þá mjög líklegt að fjölga verði vaxtaákvörðunardögum,“ segir hann, en Seðlabankinn hefur heimild til að breyta vöxtum hvenær sem hann sér tilefni til, utan fyrirfram ákveðinna vaxtaákvörðunardaga.

Ásgeir segir jafnframt að Seðlabanki Íslands hafi gefið mjög sterk skilaboð um mögulega hækkun og að erlendir greinendur spái flestir hækkun núna. „Þess vegna verður mjög erfitt að hefja lækkunarferli nema í tengslum við útgáfu Peningamála,“ segir hann.

### HÆTTAN Á KREPPU ER MEIRI EN VERÐBÓLGUHÆTTAN

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, vill hins vegar fremur horfa til hættunnar sem liggur í frekari samdrætti hér innanlands en áhættunnar af mögulegu frekara falli krónunnar. „Ég held að tímabært sé að hefja núna vaxtalækkunarferlið og legg til að vextirnir verði lækkaðir um 50 punkta.“

Við núverandi aðstæður og þær horfur sem blasa við segir Þórður skipta mestu máli að vega saman verðbólguhættuna annars vegar og kreppuhættuna hins vegar. „Að mínu mati verður verðbólgan á hröðu undanhaldi á næstu mánuðum, þótt stigin verði nú varfærnisleg skref í þá átt að lækka vexti.“ Hann bendir í því sambandi á reynsluna af fyrri hagsveiflum. „Þannig má til að mynda benda á samdráttarskeiðið 2001 til 2002. Verðbólgan náði hámarki í byrjun árs 2002 en fór síðan hratt lækkandi eftir því sem leið á árið. Vaxtalækkunarferlið hófst varfærnislega seint á árinu 2001, um það bil sem verðbólgan var að ná hámarki, og í framhaldi lækkuðu þeir hratt á fyrri hluta ársins 2002 samhliða hjöðnun verðbólgunnar. Að öllu samanlögðu tókst vel til á þessum tíma, lendingin varð mjúk eins og sagt er. Ég efast um skynsemi þess að beita nýjum og miklu harðari peningaaðgerðum nú í nafni baráttunnar við verðbólgu. Jafnframt orkar vart tvímælis að kreppuógnin nú er meiri en þá,“ segir hann og kveður vera sitt mat að afar lítil hætta sé á að verðbólgubálinu verði viðhaldið með lækkun núna.

„Veikleikinn í peningastjórn hér hjá okkur hefur hingað til ekki verið á niðurleið í hagsveiflunni. Niðursveiflan hefur yfirleitt gengið hratt og vel fyrir sig og menn fljótir að draga saman seglin. Veikleikinn í peningamálastjórninni hefur verið í uppsveiflunni og falist í að ekki hefur verið tekið nægilega skjótt í taumana. Með þetta í huga tel ég því rétt að taka varfærnislegt skref, sem vitanlega þarf að setja fram í réttu samhengi gagnvart útlendingum.” Þórður varar um leið við ofmati á viðkvæmni útlendinga gagnvart vaxtaákvörðunum hér. „Ég held að of mikið sé úr því gert að 50 punkta breyting hafi mikil áhrif. Í Bandaríkjunum eru vextir neikvæðir og í Evrópu hangir í því að vera raunvextir, verðbólga og vextir eru nokkurn veginn það sama. 50 punkta lækkun væri því í raun minni en 25 punkta breyting í hlutfallslegu tilliti miðað við vexti annars staðar.“ Þórður telur því að með tilliti til reynslunnar hér og eins því hvernig aðrar þjóðir hafi brugðist við kreppunni sé minni áhætta tekin með því að hefja vaxtalækkun nú þegar, en með því að fresta henni. „Og það er alveg örugglega ekki rétt ákvörðun að bíða með vaxtalækkun þar til við höfum séð lækkun verðbólgunnar nokkra mánuði í röð. Það passar að mínu viti ekki við nokkrar kenningar.“

### SAMDRÁTTUR DREGUR ÚR VERÐBÓLGUÞRÝSTINGI

„Mín skoðun er sú að Seðlabankinn ætti að hefja vaxtalækkunarferli sitt nú og lækka vexti um 0,5 prósentur, eða fimmtíu punkta,“ segir Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Glitnis. „Þó svo að verðbólgan sé há nú eru verðbólguhorfur góðar þegar horft er tólf til fjórtán mánuði fram í tímann.“ Hann segist því reikna með að verðbólgan hjaðni hratt á næstu mánuðum og að verðbólgumarkmiði Seðlabankans verði náð á þriðja fjórðungi næsta árs. „Í þessu háa vaxtaumhverfi og í ljósi þessarar verðbólguspár tel ég rétt að bankinn lækki vexti sína í nokkuð stórum stökkum á næstu mánuðum,“ bætir Ingólfur við.

Hann bendir á að þótt verðbólguvæntingar almennings og fyrirtækja hafi þróast heldur til verri vegar, hafi reynslan sýnt að hérlendis geri menn sér allvel grein fyrir áhrifum gengisbreytinga á verðbólgu og því sé líklegt að væntingarnar færist aftur í betra horf tiltölulega fljótt, lækki krónan ekki frekar eða styrkist jafnvel að nýju.

„Hratt dregur nú úr innlendri eftirspurn og samhliða dregur úr þeim þrýstingi sem mikil eftirspurn í hagkerfinu hefur verið á verðbólgu. Heimilin hafa brugðist við rýrnun kaupmáttar með því að skera niður útgjöld sín. Við sjáum það í veltutölum, innflutningstölum, nýskráningum bifreiða og fleiri stærðum. Fjárfestingar bæði heimila og fyrirtækja dragast nú saman, meðal annars vegna hækkunar fjármagnskostnaðar, erfiðara aðgengis að lánsfé, eignaverðs- og kaupmáttarþróunar. Væntingar neytenda hafa þá lækkað umtalsvert undanfarið.“

Ingólfur segir að þótt atvinnuleysi mælist enn lágt, sé vinnumarkaðurinn þegar farinn að sýna merki um að á honum sé að slakna. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi hafi aukist, en mikið hafi verið um að fyrirtæki bregðist nú við hækkun kostnaðar og samdrætti í eftirspurn með því að fækka starfsfólki. „Reikna má með því að atvinnuleysið aukist hratt á næstu mánuðum og að samhliða muni bæði draga úr kostnaðar- og eftirspurnarþrýstingi á verðbólgu. Þá teljum við að íbúðaverð muni lækka nokkuð á næstu misserum, sem bæði hefur bein áhrif til lækkunar á verðbólgumælingu og dregur líka úr eftirspurnarþrýstingi vegna neikvæðra eignaáhrifa á heimilin,“ segir hann.

Ingólfur víkur einnig tali sínu að krónunni, sem standi veik um þessar mundir og hafi veikst að undanförnu. „Verðbólguáhrif gengisfalls krónunnar síðustu mánuði hafa að mestu komið fram nú þegar. Líklegt er að vaxtamunurinn verði lítt virkur áhrifavaldur krónunnar á næstunni vegna erlendrar lánsfjárkrísu. Virkni peningastefnunnar hefur breyst af þessum sökum þannig að áhrif innlendra vaxta á innlenda eftirspurn eru meiri nú en verið hefur um langa hríð. Aðgerðir í peningamálum þurfa að taka mið af þessu.

Stjórnendur fyrirtækja hafa á undanförnum mánuðum gerst mun svartsýnni um stöðu efnahagsmála og hafa uppgjör fyrirtækja verið á flesta mælikvarða verri á fyrri helmingi þessa árs en á sama tímabili í fyrra. Ljóst er að ýmis fjármálafyrirtæki og fyrirtæki sem tengjast innlendri eftirspurn finna mikið fyrir samdrættinum nú ásamt hækkandi kostnaði. Draga mun hratt úr umsvifum þessara fyrirtækja á næstunni og mun það hafa áhrif á verðbólguþrýstinginn til lækkunar,“ segir Ingólfur Bender enn fremur.

ARINS

**FRIÐJÓNSSON**



## stefnir yri í óefni

ekist til í að ná fram mjúkri eftir samdrátt 2001 og 2002. hófst þá síðla árs 2001 áður en rki. „Ég tel rétt að hefja vaxtalegg til að vextir verði lækkaðir tefnir hraðbyri í óefni í hagkerfinu andi vaxtastig sé stærri skammtur erfinu hollur. Hættan á alvarlegri en hættan á viðvarandi verð-

MARKAÐURINN/STEFÁN

**STAÐA: LÆKKA TI UM 50 PUNKTA**

**INGÓLFUR BENDER**



## Vextir lækki í stórum stökkum

„Mín skoðun er sú að Seðlabankinn ætti að hefja vaxtalækkunarferli sitt nú og lækka vexti um 0,5 prósentur. Þó svo að verðbólgan sé há nú eru verðbólguhorfur góðar sé horft 12-24 mánuði fram í tímann. Við reiknum með því að verðbólgan muni hjaðna hratt á næstu mánuðum og að verðbólgumarkmiði Seðlabankans verði náð á þriðja ársfjórðungi næsta árs. Í þessu háa vaxtaumhverfi og í ljósi þessarar verðbólguspár tel ég rétt að bankinn lækki vexti sína í nokkuð stórum stökkum á næstu mánuðum.“

MARKAÐURINN/STEFÁN

**NIÐURSTAÐA: LÆKKA STÝRIVEXTI UM 50 PUNKTA**


**Ert þú í vandræðum?**

Er þitt fyritæki í fjárhagslegum vandræðum eða á barmi gjaldþrota. Þá getum við aðstoðað þig við að losna undan því. Skoðum öll fyrirtæki stór sem smá.

Upplýsingar:
fjarfesting@internet.is






**ÚTFLUTNINGSAUKNING OG HAGVÖXTUR**
NÝTT VERKEFNI HEFST Í OKTÓBER

**Útflutningsaukning og hagvöxtur,** ÚH, er verkefni á vegum Útflutningsráðs Íslands sem miðar að því að auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á alþjóðavísu. ÚH-verkefnið hefur verið árlega síðan **1990** og hafa fulltrúar **170 fyrirtækja** hvaðanæva úr viðskiptalífinu tekið þátt.

**Verkefnið** er ætlað fyrirtækjum sem hafa áhuga á að hefja eða efla útflutning, eða afla meiri þekkingar og reynslu á sviði markaðssetningar. Þátttakendum er veitt ráðgjöf og aðstoð við að innleiða árangursrík vinnubrögð við markaðssetningu á vöru og þjónustu á erlendum mörkuðum.

- *Verkefnið hefst í byrjun október og stendur fram í lok maí.*
- *Tíu fyrirtæki úr hópi umsækjenda verða valin til þátttöku.*
- *Vinnufundir eru haldnir mánaðarlega auk þess sem hver þátttakandi vinnur með ráðgjafa einn dag í mánuði.*

**Þátttökugjald er 425.000 krónur.** Innfalið er ráðgjöf, fræðsla og þjálfun, námskeiðsgögn og gisting og uppihald á vinnufundum. Þátttakendur greiða sjálfir fyrir ferðir.

Nánari upplýsingar veitir Hermann Ottósson, forstöðumaður,
**hermann@utflutningsrad.is**

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • www.utflutningsrad.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Frekari aðgerða er hér þörf í efnahagsmálum. Kjark þarf til að breyta um kúrs hvað peningamál varðar.

# *Beðið eftir bununni*

**Óli Kristján Ármannsson**

Frammistöðukvíði getur víða komið fram og átt sér margvíslegar birtingarmyndir. Á útlenskunni nefnist þetta „performance anxiety“ og er gjarnan tengt óvissu manna um eigin getu í bólinu. Sömuleiðis getur kvíðinn birst í því að fólk á erfitt með að pissa nema í einrúmi og nefnist þá á útlenskunni „shy bladder syndrome“. Þá er kvíði af þessum toga gjarnan tengdur almennri tilhneigingu til að slá framkvæmdum eða aðgerðum á frest, af óskilgreindum ótta við það sem við tekur.

Í byrjun árs gáfu stjórnvöld endurskoðun á stjórn peningamála hér undir fótinn, en af þeim vettvangi hefur lítið heyrst. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði í sumar, þá starfandi forsætisráðherra, að ef til vill hefðu verið mistök að ráðast ekki í nauðsynlegar lagabreytingar á vorþinginu. Á Geir Haarde forsætisráðherra hefur hins vegar ekki verið að skilja að mikið knýi á um breytingarnar. Einhver kynni að spyrja hvað hefði breyst.

Hins vegar er rétt að gripið hefur verið til ákveðinna ráðstafana í efnahagsmálum, svo sem gjaldeyrisskiptasamningi við norræna seðlabanka sem kynntir voru í vor. Ef gripið er til líkingarinnar hér að ofan má segja sem svo að þá hafi menn stillt sér upp við pissuskálina á almenningssalerninu, en bunan látið á sér standa. Í byrjun þessa mánaðar kom þó smáspræna þegar forsætisráðherra kynnti rúmlega 300 milljóna evra lántöku til styrktar gjaldeyrisvaraforðanum. Til þess að koma forðanum í þá stærð sem kallað hefur verið eftir til að vera fjármálakerfinu nauðsynlegt bakland hefði lántakan líkast til þurft að vera nær milljarði evra.

Tilfellið er að kosta þarf gríðarmiklu til ef við ætlum að halda hér sjálfstæðum gjaldmiðli og starfsumhverfi með krónu sem ber alþjóðlega fjármálastarfsemi. Horfast þarf í augu við þessa staðreynd.

Ef hins vegar er ekki vilji til þess að leggja í slíkan kostnað þarf að taka stefnuna á upptöku evru og þá um leið að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið. Sú aðgerð ein myndi gjörbreyta hér öllum rekstraraðstæðum og í sjálfu sér auka stöðugleika með breyttum væntingum alþjóðasamfélagsins, jafnvel þótt sjálft ferlið tæki mörg ár.

Þangað til línur hafa verið lagðar til lengri tíma og þjóðin gert upp við sig hvort hún vill borga með krónunni eða stíga inn í Evrópusamstarfið þarf að stýra skútunni þannig að áföll verði sem minnst. Núna á fimmtudag er stýrivaxtaákvörðun hjá Seðlabanka Íslands. Flestir virðast gera ráð fyrir að bankinn haldi sig við hart aðhald áfram, sem væri í takt við fyrri yfirlýsingar. Skuggabankastjórn Markaðarins, sem fjallað er um í blaði dagsins, bendir hins vegar á líkindi við fyrri niðursveiflur sem siglt hafi verið farsællega í gegnum. Ef litið er til fyrri reynslu ætti nú að vera lag að hefja lækkunarferli stýrivaxta. Að öðrum kosti gæti kæfandi hávaxtastig komið í bakið á Seðlabankanum þegar undan tekur að láta í atvinnulífinu. Gjaldþrot fyrirtækja geta ýtt undir vantraust á krónunni, sem aftur myndi auka verðbólguþrýsting.

bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

# Leiðrétting er ekki alslæm

Að búa í eigin húsnæði er Íslendingum mikilvægt. Hér búa fleiri í eigin húsnæði en í öllum hinum OECD-löndunum, það er hlutfallslega. Þetta eru ef til vill leifar af íslenska bændasamfélaginu.

ORÐ Í BELG

**Þóra Helgadóttir**
hagfræðingur

Í dag byggjum við okkur einbýlishús í staðinn fyrir býli og fjárhús og horfum stolt á tveggja hæða steypuverkið og 10 fermetra trépallinn á meðan afar okkar og ömmur dáðust af vel rökuðum túnunum og nýja fjárhúsinu. Að leigja húsnæði er yfirleitt einhvers konar millibilsástand í hugum Íslendinga. Af þessum sökum snertir húsnæðisverð okkur öll og öll höfum við skoðun á þróun þess.

### HÆKKUN SLÆM....

Fyrir tveimur til þremur árum var litið á hraða og mikla hækkun húsnæðisverðs sem böl íslensks hagkerfi. Hækkunin leiddi til þess að mæld verðbólga fór upp úr öllu valdi og auðsáhrif ýttu undir neyslu á sama tíma og mikill uppgangur var í hagkerfinu. Þróun á fasteignamarkaði gerði stjórn efnahagsmála þrautinni þyngri. Hækkun stýrivaxta var beitt til þess að draga úr eftirspurn í hagkerfinu og ekki síst til að hægja á fasteignamarkaðnum sem Seðlabanki Íslands hefur margoft bent á sem lykilþátt í að ná niður verðbólgu og draga úr þenslu.

Umræður um að hækkun húsnæðisverðs væri að sliga ungu kynslóðina voru algengar og flestir voru nú á því að þessi hækkun gæti ekki varað að eilífu og að leiðrétting væri nauðsynleg. Frá árinu 2005 hefur fasteignaverð hækkað um 55% að nafnverði eða um 34% að raunvirði samkvæmt Fasteignamati ríksins.

### ... EÐA ER LÆKKUN ENN VERRI?

Skjótt skipast veður í lofti og á síðustu mánuðum hafa fréttir af lækkun eða raunlækkun fasteignaverðs vakið ugg meðal landsmanna að minnsta kosti ef marka má umfjöllun í fjölmiðlum.

Margir hafa talað um frost á fasteignamarkaði enda ljóst að velta hefur dregist verulega saman. Eitthvað hefur þó farið lítið fyrir lækkuninni í mældum tölum en samkvæmt Fasteignamati ríksins er fasteignaverð nú að raunvirði svipað og í byrjun árs 2007 og að nafnverði svipað og í lok síðasta árs. Ríkisstjórn Ísland mat stöðuna hins vegar svo að mikilvægt væri að fara í sértækar aðgerðir til að mæta kólnun á fasteignamarkaði. En ef hækkun var svona slæm fyrir tveimur árum af hverju er lækkun þá ennþá verri í dag? Var ekki þörf á leiðréttingu?

### ATVINNULEYSI ER ÁHYGGJUEFNI

Þegar við kaupum húsnæði á Íslandi festum við greiðsluflæði eða afborganir að raunvirði til lengri tíma, yfirleitt 25 til 40 ára, ólíkt því sem gengur og gerist hjá nágrannaþjóðum okkar þar sem samið er til 3 til 5 ára í senn.

Hækkandi eða lækkandi stýrivextir hafa því engin áhrif á greiðslubyrði eldri íbúðalána. Verðtryggingin gerir það hins vegar að verkum að afborganir hækka með verðbólgunni en þó aldrei í það stórum stökkum að það íþyngi heimilum um of, þar sem verðtryggingin dreifist yfir lánstímann. Sveiflur í húsnæðisverði hafa því adeins óbein áhrif á fjárhagsstöðu heimila. Okkur finnst við vera ríkari en ella þegar við heyrum fréttir af hækkun húsnæðisverðs. Það sem skiptir höfuðmáli er að við getum borgað af lánunum okkar.

Helsta hættan er því langvarandi atvinnuleysi þar sem einstaklingar gætu þá lent í greiðsluerfiðleikum og þurft að selja eign fyrir minna en skuldir og jafnvel orðið gjaldþrota. Mikið og langvarandi atvinnuleysi er nánast óþekkt fyrirbæri á Íslandi og hefur löngum mælst með því lægsta innan OECD. Með snögghemlun hagkerfisins nú er útlit fyrir að atvinnuleysi muni aukast á næstu misserum. Það er lykilatriði fyrir land og þjóð að sú þróun fari ekki úr böndunum enda hefur skuldasöfnun heimila verið með mesta móti á síðustu misserum.

### VERÐLÆKKUN – LÆGRI VEXTIR

Auðvitað er ekki gaman að heyra að eignir landsmanna séu að lækka í verði en hins vegar eru rök fyrir því að lækkun eða öðru nafni leiðrétting fasteignaverðs sé langt frá því að vera alslæm fyrir hagkerfið. Fasteignaverð er stór hluti af vísitölu neysluverðs og gæti því virkað sem akkeri á móti hækkun matvæla- og eldsneytisverðs og þar með hjálpað til við að ná mældri verðbólgu niður. Lækkun verðbólgu hlýtur að vera forgangsatriði nú um stundir. Takist að koma böndum á hana er Seðlabanki Íslands líklegri en ella til að lækka vexti.

Engum blöðum er um það að fletta að fjármagnskostnaður er að sliga mörg fyrirtæki þessa dagana sem oftar en ekki hafa þurft að grípa til uppsagna til að ná endum saman. Vaxtalækkun ætti samkvæmt því að ýta við hjólum atvinnulífsins og draga úr líkum á langvarandi atvinnuleysi og þar með greiðsluerfiðleikum heimila. Auk þess er vert að hafa í huga að um helmingur þjóðarinnar er yngri en 35 ára og því ættu margir að taka leiðréttingu á fasteignaverði fagnandi hendi. Næst þegar fyrirsagnir um lækkun húsnæðisverðs birtast á öldum ljósvakans er því ekki endilega tilefni til að örvænta eða ástæða til að grípa til aðgerða.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.



YFIRBURÐIR
Í ERLENDRI MYNT

**Peningamarkaðssjóðir Glitnis** í erlendri mynt hafa sýnt frábæra ávöxtun á árinu 2008 og hafa náð mun betri árangri en sambærilegir peningamarkaðssjóðir samkeppnisaðilanna. Við getum því óhikað mælt með því að þeir sem þurfa að ávaxta lausafé í erlendri mynt hugi að þessum fjárfestingakosti. Enginn kostnaður er við kaup og sölu í peningamarkaðssjóðunum okkar og inneign er ávallt laus til útborgunar samdægurs.

| Peningamarkaðssjóður EUR* | Peningamarkaðssjóður EUR | | Peningamarkaðssjóður USD* | Peningamarkaðssjóður USD | |
|---|---|---|---|---|---|
| 4,99% | Ávöxtun síðustu 12 mán. | | 4,80% | Ávöxtun síðustu 12 mán. | |
| | **Glitnir** | **4,99%** | | **Glitnir** | **4,80%** |
| | Landsbankinn | 4,15% | | Landsbankinn | 3,73% |
| | Kaupþing | -0,23% | | Kaupþing | -0,88% |

*Ávöxtun er reiknuð út frá gengi ofangreindra sjóða í Bloomberg fyrir tímabilið 31. ágúst 2007 til 29.águst 2008 og er ávöxtun sýnd á ársgrundvelli. Peningamarkaðssjóðir Glitnis eru fjárfestingasjóðir samkvæmt lögum um verðbréfa- og fjárfestingasjóði nr. 30/2003. Rekstrarfélag sjóðanna er Glitnir Sjóðir hf. Athygli er vakin á því að fjárfestingasjóðir hafa rýmri heimildir til fjárfestinga en verðbréfasjóðir, skv. lögum. Allar nánari upplýsingar um sjóðina og útboðslýsingar þeirra má nálgast á www.glitnir.is/sjodir.

**KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.GLITNIR.IS/SJODIR**
**EÐA HJÁ EIGNASTÝRINGU GLITNIS Í SÍMA 440 4900**

GLITNIR

# Gler & Brautir

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA – 5 ÁRA ÁBYRGÐ

# COVER

## Svalalokanir & Sólstofur



***Cover** er póstalaust gler-brautarkerfi, sérhannað fyrir svalalokanir, sólstof-ur og önnur opin rými.*

***Cover** glerbrautarkerfið er eina kerfið sem rennur á hjólum jafnstórum að ofan og neðan. Það útilokar glamur og stirðleika og getur ráðið við 12mm hert gler.*

















**COVER** öruggt og sterkt glerkerfi fyrir íslenskar aðstæður - 95% opnanlegt - Þrif einstaklega auðveld innan og utan - 98% lokun - PVC plastlistar milli glerja - Minna hitatap - Vandaður frágangur - Betri hljóðeinangrun, 10 db - Alltaf logn og hreinar svalir - Falleg hönnun - Nánast engin útlitsbreyting - Auðvelt og fljótlegt í uppsetningu - Íslensk framleiðsla - 5 ára ábyrgð

## COVER handriðakerfið loksins á Íslandi!





**COVER** handriðakerfið er létt og einfalt í uppsetningu, ekki þörf á krana. Framleitt úr áli með innbrenndri húð, hægt að fá í hvaða lit sem er. Ekkert ryð, engin tæring. Passar beint við **COVER** glerkerfið. Traust og öruggt, þolir vindálag við íslenskar aðstæður.

Hönnun: Guðjón Smári, s. 898 4337.

# Gler & Brautir

Gler & Brautir ehf. – Dalshraun 10 – 220 hafnarfjörður

Sími 517 1417 – Netfang: covercover.is – www.cover.is

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**4,25** er prósentustig óbreyttra stýrivaxta Seðlabanka Evrópu en hann kynnti ákvörðun sína undir lok síðustu viku.

**6,1** prósents atvinnuleysi mældist í Bandaríkjunum í síðasta mánuði, samkvæmt nýjustu tölum vestanhafs.

**500** þúsund Vaio-fartölvur hafa verið innkallaðar hjá Sony vegna meintrar íkveikihættu.

BANKAHÓLFIÐ

## Skakkt skóverð veldur usla

Sænska hagstofan hefur birt endurskoðaðar verðbólgutölur fyrir júlí sem sýna að verðbólga var 0,3 prósentum lægri en áður var talið. Um leið voru verðbólgutölur fyrir maí og júní lækkaðar um 0,1 prósent.

Samkvæmt tilkynningu hagstofunnar er um leiðréttingu að ræða, því stofnunin hafði ofreiknað verðhækkanir á skófatnaði. Ranglega var áætlað að skótau hefði hækkað um 30 prósent frá áramótum, sem birtist sem 0,3 prósenta hækkun neysluverðs í júlí.



## Ástæða vaxtahækkunarinnar?

Yfirmaður greiningardeildar SEB, Henrik Mitelman, segir í samtali við Dagens Industri að þessi mistök kunni að hafa ráðið úrslitum þegar sænski seðlabankinn ákvað að hækka stýrivexti sína í 4,75 prósent fyrr í mánuðinum og í blaðinu er þessum mistökum lýst sem hneyksli. Vaxtaráð seðlabankans var klofið í afstöðu sinni til vaxtahækkunar og vaxtahækkunin hefur mælst afar illa fyrir meðal sænskra bankamanna. Seðlabankinn hafði vænst þess að verðbólga yrði 4,3 prósent og þegar verðbólga mældist 4,4 prósent var það tekið til marks um að hún væri að fara úr böndunum. Hið sanna er að verðbólga var 4,1 prósent.

Þjóðhagtölur sænsku hagstofunnar eru yfirleitt taldar með þeim bestu í heimi og Svíar mjög framarlega í gerð þjóðhagtalna.

## Grill í haust?

Menn hafa ekki deilt um það hvenær sumarið endar og Vetur konungur tekur við. Gráa svæðið frá upphafi og endi hausts og vors hefur hins vegar lengi staðið í mönnum. Margra frétta er að vænta þegar sól lækkar á lofti og farfuglarnir flognir til hlýrri staða í suðri. Í lok maí boðuðu stjórnir og eigendur verkfræðistofanna Línuhönnunar með Verkfræðistofu Suðurlands, Rafteknistofunnar og Verkfræðistofunnar Afls sameiningu undir nýju nafni með haustinu. Lítið bólar á því en kunnugir segja málið á réttu róli. Svo er bara vonandi – fyrir starfsmenn og maka – að verkfræðingar skilgreini haust ekki það tímabil ársins þegar kuldinn bítur af krafti í helbláar kinnar – og blási til grillveislu.

Office1 Superstore

Úrval af skólavörum
60-80% afsláttur




Office1 Superstore
Skeifan 550-4110, Smáralind 550-4140, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

Hvers vegna PwC?
*connectedthinking
Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.
● Endurskoðun ● Fyrirtækjaráðgjöf ● Skatta- og lögfræðiráðgjöf
Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær www.pwc.com/is
PRICEWATERHOUSECOOPERS

## Til sölu

**Gul-Mótaborð, - Dregarabitar**
Eigum gul mótaborð, 50x300 á góðu verði.
Verðdæmi kr. 1240.-/ lm
Einnig dregarabita, H-20 í flestum lengdum
meðalverð kr. 1410.-/ lm
**Þýsk gæðavara.**
**ASETA ehf Tunguháls 17-19 s. 5331600**

## Til sölu

**Sýslumaðurinn á Húsavík**

# UPPBOÐ

Eftirtaldar bifreiðir og/eða önnur ökutæki verða boðnar upp við lögreglustöðina á Húsavík, miðvikudaginn 17. september 2008 kl. 14.00 :

AD-108 AT-917 DO-379
ML-246 NM-147 NN-136
SX-256

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík
9. september 2008.

## Atvinna

# Smiðir
Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616
**Kraftafl ehf**

# Múrarar
Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.
Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

# KRANAMAÐUR
Erum með á skrá öflugan kranamann sem getur hafið störf strax.
**Kraftafl ehf s. 840 1616**

# MÁLMIÐNAÐARMENN OG JÁRNSMIÐIR
Erum með vana málmiðnaðarmenn og járnsmiði sem óska eftir mikilli vinnu.
**Upplýsingar í s. 840 1616**
**Kraftafl ehf**

## GOTT STARF HJÁ TACO BELL© ÁRTÚNSHÖFÐA

Taco Bell opnar glæsilegan stað í Nesti Ártúnshöfða í lok mánaðarins. Okkur vantar fólk í eldhús og afgreiðslu.

Tekið er við umsóknum á staðnum miðvikudaginn 10. sept. og fimmtudaginn 11. sept. á milli kl. 14.00 og 18.00.

TACO BELL® Nesti



PIPAR • SÍA

„...fyrst á visir.is“

VISIR.IS ...ég sá það á visir.is

**Fasteignablaðið**
Sími:
512 5469
694 4103
Ruth Bergs
ruth@365.is

## Fasteignir

# GARÐATORG EIGNAMIÐLUN
**Opið hús í dag ( miðvikudag ) kl 20.00- 21.00**
**SUNNUBRAUT 6 - SJÁVARLÓÐ**



Sérlega glæsilegt og vandað einbýli við sjávarsíðuna í Kópavogi á móti suðri og í skjóli fyrir norðanátt. Frábært útsýni. Húsið er samtals 219 m², þar af 25,6 m², bílskúr. Mjög flott einbýlishús á frábærum stað. Verð 110 milj. Sjá myndir og upplýsingar á www.gardatorg.is
**Nánari upplýsingar veitir Sigurður (sími: 898-3708).**

# heimili FASTEIGNASALA
**Finnbogi Hilmarsson • Einar Guðmundsson • Bogi Pétursson löggiltir fasteignasalar**

## Engjasel -5 herbergja





Vönduð og vel skipulögð 110 fm íbúð á 3. hæð og stæði í bílskýli. Fjögur stór svefnherbergi, vestursvalir. Parket og flísar á gólfi. Nýlegt baðherbergi og eldhús. Stigagangur nýlega endurbættur og húsið klætt að utan. Auðveld kaup og hagstætt verð. **23,9 m.**

**Nánari upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson fasteignasali**

**Síðumúli 13 • Sími: 530 6500**
**www.heimili.is**

**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**



**Bóas**
Sölufulltrúi
**699 6165**
boas@remax.is



**Þórarinn Jónsson**
Löggiltur fasteignasali, Hdl

RE/MAX Lind






# Hörðukór 3
203 Kópavogur - 4ra herbergja íbúðir

## 90% LÁN Í BOÐI
**EKKERT UPPGREIÐSLUGJALD**

- Áhvílandi á öllum íbúðum 20 millj. frá íbúðarlánasjóði.
- Glæsilegt útsýni og stutt í alla þjónustu
- Fallegar innréttingar frá HTH
- Parket í "Gulllínunni" frá Harðviðarval fylgir öllum íbúðum

## Verð frá 29.000.000.-

**Sjá allar nánari upplýsingar á www.hordukor.is**

RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • Sími: 520 9500



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sjöfn Óskarsdóttir**
Vestursíðu 8b, Akureyri,

lést 3. september. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 12. september kl. 14.00.

**Guðmundur Örn Njálsson**
**Guðrún Birna Jóhannsdóttir**
**Hafdís Njálsdóttir**
**Agnar Á. Geirfinnsson**
**Guðný Sif Njálsdóttir**
**Jóhannes Steingrímsson**
**Haukur Njálsson**
**Ása Björk Finnsdóttir**
**Hulda Marín Njálsdóttir**
**Stefán Garðar Níelsson**
**Bergþóra Njálsdóttir**
**Fróði Ólafsson**
**ömmu og langömmubörn.**

**LEIKARINN COLIN FIRTH ER 48 ÁRA Í DAG.**

*„Það er allsendis stórfurðulegt að mér bjóðist ítrekað hlutverk hjartaknúsara. Í raun og veru hef ég aldrei talist kvennagull og hafði aðeins átt tvær ástkonur áður en ég kynntist eiginkonu minni, þá hálffertugur."*

***Breski leikarinn Colin Firth hefur stolið hjörtum kvenna frá því hann sló í gegn sem herra Darcy í þáttunum Hroki og hleypidómar árið 1995.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 10. SEPTEMBER 1942

## *Fiskibátar í skothríð*

Þýsk sprengjuflugvél skaut á tvo sveitabæi á Breiðdalsvík og að fimm vélbátum úti fyrir Austurlandi á þessum degi fyrir 46 árum.

Þjóðverjar höfðu lýst yfir að þeir teldu sér heimilt að ráðast að íslenskum skipum því þau væru í þjónustu Bandamanna, þar sem Ísland væri hersetið af þeim.

Að morgni 10. september birtist sprengjuflugvél yfir fimm litlum vélbátum sem voru að veiðum úti fyrir Austurlandi og réðst umsvifalaust að þeim með vélbyssuskothríð. Einn bátanna varð fyrir sex skotum og urðu nokkrar skemmdir um borð en menn sakaði ekki. Þá reyndi þýska vélin að varpa sprengju á einn vélbátanna, en hitti ekki og hvarf þá á braut.



Þýskar sprengjuflugvélar héldu áfram árásum á íslensk skip þetta ár, án þess að þær hefðu hernaðarlega þýðingu. Tugir íslenskra sjómanna fórust á stríðsárunum í árásum Þjóðverja.



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ólöf (Lóa) Helgadóttir**
Kríuási 7, Hafnarfirði,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi, miðvikudaginn 3. september. Útför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, föstudaginn 12. september kl. 13.00.

**Örn Friðriksson**
**Róbert Þór Gunnarsson**
**Hildur Kristjánsdóttir**
**Guðrún Valdís Arnardóttir**
**Gunnar Svavarsson**
**Tinna Arnardóttir**
**Árni Þór Hlynsson**
**og barnabörn.**




LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S. HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


SÉRA ÞÓRHALLUR HEIMISSON: GREGORÍSKAR MORGUNMESSUR

# Dulúð í morgunmessu

Fyrsta gregoríska morgunmessan fer fram í Hafnarfjarðarkirkju klukkan 8 í dag. Miðvikudagsmorgna fram að jólum verður þema íhugunarinnar Tíu leiðir til að lifa lífinu lifandi, byggðar á vinsælum hjónanámskeiðum séra Þórhalls Heimissonar.

„Snemma morguns er sá tími þegar nútímafólk getur gefið sér stund fyrir algjöra ró áður en áreiti dagsins hefst af fullum þunga. Við gleymum oft hvað lífið er skemmtilegt og að lífsins gleði þarf ekkert að kosta. Friður, kyrrð og ró er hverri manneskju nauðsyn og að fara inn í dulúð messunnar gefur aukinn styrk fyrir daginn," segir séra Þórhallur um messurnar sem eru öllum opnar.

„Öll verðum við þreytt og þörfnumst hjálpar og handleiðslu. Við förum alltof oft á fætur til verkefna sem við göngum til af mismikilli gleði. Hvarvetna mæta okkur kröfur sem við reynum að uppfylla, en gleymum okkur sjálfum í annríkinu; að gefa okkur þá gjöf að staldra við til að lifa lífinu sem við fengum," segir Þórhallur sem unnið hefur handbók um leiðirnar tíu til að lifa lífinu lifandi. „Það kemur öllum á óvart hversu lítið viðfangsefnið kemur á óvart. Þetta eru allt hlutir sem við höfum ekki hugsað út í lengi, en höfum í okkur og þurfum að rifja upp til að eiga gott líf og samskipti við okkar samferðafólk. Í þjóðfélaginu finnst margt gott, en líka margt sem er fjölskyldu- og mannfjandsamlegt. Yfir því þurfum við að vera vakandi og ekki láta það taka yfirhöndina í tilveru okkar. Leiðirnar tíu kosta ekki annað en vilja og hugsun, ásamt persónulegri ákvörðun um að taka skref til bættra samskipta og bæta líðan okkar sjálfra."



**LÍFIÐ ER SKEMMTILEGT** Séra Þórhallur Heimisson í Hafnarfjarðarkirkju þjónar fyrir altari í gregorískum morgunmessum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**thordis@frettabladid.is**



*Ástkær eiginmaður minn,*

**Magnús Ingiberg Jóhannsson**
leigubílstjóri og kafari,
Hringbraut 104, Keflavík,

lést á heimili sínu þann 7. september síðastliðinn. Jarðarför auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Hrafnhildur Guðbrandsdóttir.**



*Ástkær eiginmaður minn,*

**Friðrik Ketilsson**
Rauðumýri 10, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar sunnudaginn 7. september. Útförin verður auglýst síðar.

**Laufey Árnadóttir.**



*Ástkær bróðir okkar og mágur,*

**Sveinn Guðbjarnason**
frá Ívarshúsum, Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

sem andaðist að Höfða fimmtudaginn 4. september, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju föstudaginn 12. september kl. 14.00.

**Fjóla Guðbjarnadóttir**
**Vigdís Guðbjarnadóttir**
**Erna Guðbjarnadóttir**
**Sigmundur Guðbjarnason**
**Margrét Þorvaldsdóttir**
**Sveinbjörn Guðbjarnason**
**Sigríður Magnúsdóttir**
**Sturla Guðbjarnason**
**Diljá Sjöfn Pálsdóttir**
**Hannesína Guðbjarnadóttir**
**Eggert Þór Steinþórsson**
**Jón Hallgrímsson.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Kjartan Brynjólfsson**

lést á Landspítalanum 2. september síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, á morgun fimmtudaginn 11. september kl. 13.

**Einar Sigurðsson**
**Jarþrúður Guðnadóttir**
**Auður G. Sigurðardóttir**
**Frosti Richardsson**
**og barnabörn.**



**Margrét Möller**
til heimilis á Túngötu 15,

andaðist á heimili sínu mánudaginn 1. september. Henni verður sungin sálumessa fimmtudaginn 11. september í Kristskirkju í Landakoti kl. 13.00.

**Aðstandendur og vinir.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Valdimar Einarsson**
Greinibyggð 6, Mosfellsbæ,

lést 21. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin fór fram frá Lágafellskirkju 2. september síðastliðinn í kyrrþey að ósk hins látna. Öllum þeim sem veittu okkur ástúð og stuðning þökkum við af heilum hug.

**Þórdís Richter**
**Einar Finnur Valdimarsson**
**Eva Gunnarsdóttir**
**Valdimar Ragnar Valdimarsson**
**Helga Sigurlína Halldórsdóttir**
**Margrét Valdimarsdóttir**
**Sigurður Hrafn Kristjánsson**
**Eva Dís, Gunnar Hrafn, Ylfa Rós og Freyja Dís**
**Einar Páll Einarsson og Hildur Einarsdóttir.**


Legsteinar
í miklu úrvali



REIN

Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is




*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Margrét Sigurðardóttir**
Langholti 11, Akureyri,

lést aðfaranótt 5. september síðastliðinn á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð. Útför fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð langveikra barna.

**Sigurður Arnar Styrmisson**
**Arnfríður Ólafsdóttir**
**Birgir Rafn Styrmisson**
**Brynhildur Bára Ingjaldsdóttir**
**Margrét Sigríður Styrmisdóttir**
**Jón Ólafsson**
**Sigurlína Hólmfríður Styrmisdóttir**
**Björgvin Árnason**
**Sigvaldi Már Guðmundsson**
**Agnes Jósavinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# EGG FLYTUR

ALLT AÐ **90%** AFSLÁTTUR

## NÝ SENDING AF LAGER
## ALLT Á AÐ SELJAST!!

**60-90%** AFSLÁTTUR AF LÍN DESIGN

**Amica** háfar í úrvali
Allt að **40%** afsláttur

**50-80%** AFSLÁTTUR AF HÚSGÖGNUM

Leðursófi
Hvítur, 3ja sæta
79.900 ~~169.900~~

ENN MEIRA ÚRVAL!
**50-90%** AFSLÁTTUR AF GJAFAVÖRUM OG BÚSÁHÖLDUM

ALLT AÐ **80%** AFSLÁTTUR AF FLÍSUM
*TAKMARKAÐ MAGN Í HVERRI TEGUND

Eldhússtóll
Hvítur, stálfætur
5.490 ~~10.900~~

**50%** AFSLÁTTUR AF SKEMLUM

HREINLÆTIS-TÆKJADEILD
**50%** AFSLÁTTUR AF SÝNINGAREINTÖKUM

DESIGNA INNRÉTTINGAR
**ENN MEIRI** AFSLÁTTUR AF SÝNINGAREINTÖKUM

Hornsófi
Grár, L 290 sm, tunga 180 sm
99.950

Innréttingar | Húsgögn | Hreinlætistæki | Parket | Flísar | Ljós | Raftæki | Gjafavara | Heimilistæki | Búsáhöld | Hurðir

OPIÐ VIRKA DAGA 12 - 18
LAUGARDAGA 11 - 18
SUNNUDAGA 12 - 17

EGG SMÁRATORGI

EGG Smáratorgi Sími 525 3400











NOKKUR ORÐ
Sunna Dís Másdóttir

# Augnablikabanki – góður sparnaður

Ég les stundum blogg hjá erlendri stúlku sem virðist lifa í ævintýraheimi. Hún gerir það ekki, það veit ég. Það sem hún hefur hins vegar, sem svo marga aðra skortir, er listin að taka eftir litlu augnablikunum sem geta verið svo óendanlega falleg í öllum sínum einfaldleika. Hún fangar þau í orð eða á mynd og birtir, okkur lesendunum til yndisauka.

Ég hef í gegnum árin safnað í eigin gagnabanka, tekið nokkurs konar huglægar ljósmyndir af augnablikum sem ég vil alls ekki gleyma. Þar er líka að finna önnur minni og hversdagslegri augnablik, sem ylja mér samt alltaf um hjartaræturnar.

Í bankanum mínum kennir ýmissa grasa – þar er meðal annars að finna mynd af blómstrandi magnólíutré, brosandi, lítinn, smámæltan strák sem kallar mig Þunnu, lyktina af nýmöluðu kaffi, brakið í sumarbústað og glitrið í augunum á gömlum manni sem biður mig kankvís að smygla smá rommi inn á spítalann til sín og skellihlær svo.



Ég þarf, eins og svo til allir aðrir, stundum að minna mig á það að lífið samanstendur af langri röð augnablika. Stundum virðast þau týnast í vinnunni, í matvöruversluninni, á meðan maður eldar eða þrífur. Ég ætla að hafa það að markmiði mínu að reyna að taka eftir hverju og einu, þó ég viti líka að ég eigi eftir að verja dágóðum hluta þeirra í að pirra mig á hinu og þessu eða stara út í loftið. En eitt fallegt augnablik á dag í bankann ætti að vera mögulegt. Alveg eins og maður getur lagt til hliðar 100 krónur á dag. Það er sparnaður sem á eftir að veita heilmikinn yl, líka á meðan á honum stendur.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**NÝTT ATRIÐI** Burlesque-danshópurinn sýnir listir sínar. MYND/SVEINBI



**DULBÚAST** Nadia og Þurý Björk Björgvinsdóttir slá upp fögnuði í kringum tískusýningu Kiss. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Kabarett-þema á tískusýningu

Verslunin Kiss stendur fyrir partíi og tískusýningu á Apótekinu 13. september næstkomandi. Svokallað „Vegas Show Girl“ þema verður í teitinu auk ýmissa skemmtiatriða til að hafa ofan af fyrir gestum.

„Það verður smá kabarett-þema, fjaðrir og glimmer og svona. Burlesque-danshópurinn opnar kvöldið með söng og dans og svo verður hljómsveitin Sometime að spila. DJ Casanova heldur tónlistinni gangandi um kvöldið og yfir tískusýningunni. Svo verða fordrykkir og bara glimmer og glans. Við hlökkum rosalega til,“ segir Nadia Tamimi, verslunarstjóri Kiss.

Kjólar og skart verða í fyrirrúmi. „Þetta verða svona fimmtán innkomur með allra heitasta stöffinu. Make-up Store sér um förðun og hárið verður í höndum Bödda frá Paul Mitchell.“ En hvernig er hausttískan? „Það er ekkert eitt sem virkar en fjólublái og svarti liturinn kemur sterkur inn.“

Aðgangur er ókeypis, en húsið opnar klukkan níu. „Svo ætlum við, miðvikudaginn eftir sýninguna, að hafa opið um kvöldið og þar verður hægt að kaupa allt sem verður á sýningunni.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kiss býður til fagnaðar. „Við höfum gert þetta áður en það er svo langt síðan, nú erum við bara að rífa þetta upp aftur. Nú verða endalausar sýningar og svona opin kvöld í Kiss.“ - kbs

# Mills sögð lygasjúk



**ÓVINSÆL** Heather Mills virðist ætla að brenna flestar brýr að baki sér.

Vinsældir Heather Mills fara dvínandi með hverjum degi. Nú hefur komið í ljós að hún hefur gengið á bak orða sinna um að láta stærstan hluta fjárins sem henni hlotnaðist við skilnað hennar og Paul McCartney renna til góðgerðasamtakanna Adopt-A-Minefield. Heather er verndari samtakanna, sem sjá um að grafa upp jarðsprengjur á fyrrverandi stríðssvæðum um allan heim, en mikill skaði hlýst af þeim á ári hverju.

Heather fékk í sinn hlut 24,3 milljónir punda við skilnaðinn, og hafði lofað því opinberlega árið 2006 að láta stærstan hluta þess renna til samtakanna. Það hefði þá í það minnsta verið rúmar 12 milljónir punda. Mills bætti því sjálf við í sjónvarpsviðtali árið 2007 að „áttatíu prósent peninganna minna renna til góðgerðasamtaka“.

„Þau hafa beðið og beðið eftir milljónunum. Hún hefur haft nægan tíma, en því miður er þetta bara önnur lygi frá drottningu lyganna,“ segir einn heimildarmaður, því samtökin hafa enn ekki séð krónu.

Það er ekki eina gagnrýnin á Mills þessa dagana, því fyrrum talskona hennar, Michele Elyzabeth, hefur nú leyst frá skjóðunni og segir Heather Mills ljúga um allt og ekkert. Hún heldur því fram að Mills hafi hlerað samtöl McCartneys við dóttur hans, Stellu, og gefið sig út fyrir að vera blönk. „Hún er útsmoginn, sjúklegur lygari og mesta tæfa á plánetunni,“ sagði Michele um fyrrum skjólstæðing sinn.



**LÍKAR SPORTIÐ** Carmelo Anthony gæti hugsað sér að spila handbolta.

# Ólympíusilfrið góð kynning

Íslenska handboltalandsliðið hefur vakið áhuga margra á íþróttinni. Carmelo Anthony, leikmaður Denver Nuggets og ólympíu-gullverðlaunahafi í körfubolta, er einn þeirra sem hafa hrifist af liðinu. Eftir að hafa séð Ísland vinna Spán í undanúrslitum Ólympíuleikanna segist hann vilja spila handbolta.

Í viðtali við Rocky Mountain News, aðspurður að því hvort hann gæti hugsað sér að leika nokkra aðra íþrótt en körfubolta, svarar hann: „Mig langar að spila handbolta maður. Bandaríkin þurfa að koma sér upp handboltaliði. Ég er nokkuð viss um að við getum fengið einhverja gaura til að byrja að spila handbolta.“

Handbolti er ekki þekktur í Bandaríkjunum en NBA-stjarnan Carmelo er orðinn aðdáandi og gæti hann því aukið áhuga manna þar í landi á íþróttinni ef hann vildi. En ætli hann einbeiti sér ekki frekar að því að auka enn frekar frama sinn í hörðustu körfuboltadeild heims. -kbs

# Undrandi á Youtube

**Hljómsveitin Sigur Rós er afar undrandi á því að myndband hennar við lagið Gobbledigook hafi verið bannað á síðunni Youtube.com. „Það er undarlegt vegna þess að þarna geturðu örugglega horft á fólk verða fyrir bílum eða gamla konu lamda úti á götu en þegar nokkrar naktar manneskjur hlaupa um er það bannað,“ segir bassaleikarinn Georg Holm í viðtali á heimasíðu The Sunday Times. Hann er einnig undrandi á því hvernig umslagi plötunnar Með suð í eyrum við spilum endalaust var breytt í Bandaríkjunum. „Þeir settu límmiða yfir rassana á fólkinu á myndinni. Fáránlegt,“ segir hann.**




# Ford leikur

450.000 | 300.000 | 260.000 | 200.000

**Ford** Explorer
XLT Sport 4,0i 210 hö sjálfsk. 5 d.
**Ford-afsláttur 450.000 kr.**
Septemberverð 4.990.000 kr.*

**Ford** Escape
XLS AWD 2,3i 153 hö sjálfsk. 5 d.
**Ford-afsláttur 300.000 kr.**
Septemberverð 3.870.000 kr.*

**Ford** Focus
Trend 1,6i 100 hö 5 gíra 5 d.
**Ford-afsláttur 260.000 kr.**
Septemberverð 2.590.000 kr.*

**Ford** Fiesta
Trend 1,4i 80 hö 5 gíra 5 d.
**Ford-afsláttur 200.000 kr.**
Septemberverð 1.930.000 kr.*



Berðu líka saman Mondeo og Avensis, Ka og Aygo, Expedition og LC 200. Komdu í Brimborg í dag.

## Septemberlandsleikur Ford

# Ford skora

Ford skorar aftur á Toyota í spennandi september-landsleik. Ford býður sérstök septemberverð og kastar boltanum yfir til Toyota. Markmiðið er að sigra þennan leik og slá Toyota við aftur í september eins og í ágúst. Ford virkjar nú keppnisanda allra Ford-aðdáenda. Vertu með í Ford-liðinu. Komdu í Brimborg í dag – taktu heim nokkra sigra.

Tólf mánuðum ársins í bílasölu má, með jákvæðu hugarfari, líkja við tólf landsleiki í handbolta þar sem bílakaupendur eru leikmennirnir. Að fella Toyota úr fyrsta sæti á lista yfir söluhæstu bíla mánaðarins er stór áskorun. Það tókst núna í ágúst. Ford endur-heimti sæti ofar en Toyota á lista yfir söluhæstu bíla mánaðarins í fyrsta sinn í mörg ár. Gullið stefnir á Ford og það hefur oft munað mjóu á árinu.

**Ford skorar með þrusugóðum Ford-afsláttum í september.**
**Að auki: Kaupir þú fyrir 17. september þá færðu gæðavetrardekk í aukaverðlaun.**
**Spennandi áskorun í kreppunni. Þú græðir. Veldu Ford í dag.**

visthæf skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Sumir þeirra bíla sem í boði eru, eru búnir aukabúnaði umfram staðalbúnað viðkomandi gerðar. Septemberverð er nettóverð með afslætti. Á sumum myndum í þessari auglýsingu

# gegn Toyota

Nýtt tákn um gæði

**Toyota** Yaris

**Toyota** Auris

**Toyota** Rav4

**Toyota** Land Cruiser

**Farðu á toyota.is og gerðu samanburð. Komdu síðan í Brimborg og semdu um þinn Ford. Ford-liðið er í keppnisstuði. Svaka stuði.**

# ar á Toyota

Ford skorar með þrusugóðum Ford-afsláttum í september. Að auki: Kaupir þú Ford fyrir 17. sept. þá færðu gæðavetrardekk í aukaverðlaun. Spennandi áskorun í kreppunni. Þú græðir. Veldu Ford í dag.

**Landsleikur Ford - Toyota**

## Stefndu á gullið. Komdu í Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

er sýndur aukabúnaður sem ekki er innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DEATH RACE | kl. 5:50D - 8D - 10:20D | 16 |
| DEATH RACE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| TROPIC THUNDER | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| STAR WARS | kl. 5:50 | L |
| THE MUMMY 3 | kl. 8 | 12 |
| DARK KNIGHT | kl. 5:40 - 8:30 - 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| DEATH RACE | kl. 8:10D - 10:30D | 16 |
| GET SMART | kl. 5:50D - 8D - 10:10 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 10:10 | 12 |
| WALL-E m/ísl. tali | kl. 6D | L |
| WALL-E m/ensku tali | kl. 5:50 - 8 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| DEATH RACE | kl. 10:10 | 7 |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| THE ROCKER | kl. 10:10 | 7 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| DEATH RACE | kl. 8 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 8 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| DEATH RACE | kl. 10:10 | 16 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 8 | L |
| TROPIC THUNDER | kl. 10:10 | 16 |
| MAMMA MÍA | kl. 8 | L |

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| STEP BROTHERS LÚXUS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MAKE IT HAPPEN | kl. 4 - 6 - 8 - 10.10 | L |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 4 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 5.45 – 8 – 10.15 | L |
| SKRAPP ÚT | kl. 8 - 10 | 12 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 6 | |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MAKE IT HAPPEN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| THE ROCKER | kl. 8 - 10.20 | 7 |
| X - FILES | kl. 5.40 - 8 | 16 |
| SKRAPP ÚT | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE STRANGERS | kl. 10.20 | 16 |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 6 | L |

allar myndir - allar sýningar - alla daga

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| STEP BROTHERS | kl. 8 - 10 | 7 |
| TROPIC THUNDER | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 6 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| STEP BROTHERS | kl. 6, 8 og 10.15 | 7 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5.45 og 10.15 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 9 | L |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM


# Greiða fyrir kaffið með sokk

Gallerí 1og8 hefur staðið fyrir ýmsum myndlistarviðburðum í Reykjanesbæ síðustu árin en nú skal bryddað upp á þeirri nýbreytni að bjóða upp á kaffi. Og ef ekki áttu aurinn þá borgarðu bara með sokknum þínum.

„Ég var að hugsa um að bæta hérna inn nokkrum húsgögnum og reka þetta þannig að ég sé að bjóða fólki inn í kaffi. Þannig að þetta er ekki kaffihús beint. Þetta verður bara svona heimilisleg kósí sokkastemning,“ segir Guðmundur R. Lúðvíksson, eigandi 1og8.

En hvernig virkar þetta með sokkana? „Þá fara menn bara úr öðrum sokknum, láta mig hafa hann og hann er tekinn upp í sem greiðsla. Menn geta líka bara komið með sokk og borgað þannig kaffið og kleinuna. Og út á þetta gengur sokkakaffi. Hugmyndin er reyndar aðeins dýpri. Þetta verður eins og í gamla daga, mjólkin verður sett á borð í flöskum með ullarsokk utan á og svo ætlar kona að prjóna líka utan um boll- ana fyrir mig. Þetta verður voða heimilislegt og skemmtilegt.“

Svo rímar sokka við mokka. „Mokkakaffi í Reykjavík er náttúrulega heilög stofnun. Sennilega fallegasta og skemmtilegasta kaffihús fyrir norðan miðbaug. Sokkakaffi og Mokkakaffi, mér finnst það hljóma fallega saman. Þetta verður svona Sokkamokka,“ segir Guðmundur. **- kbs**



**KAFFI FYRIR SOKKA** Guðmundur bætir við Gallerí 1og8.
MYND/ELLERT GRÉTARSSON

# Rokkabillybandið 20 ára

**20 ára afmæli Rokkabillybandsins er fagnað með langþráðri plötu.**



**SPILA ÚT UM ALLT LAND** Rokkabillyband Reykjavíkur fagnar stórafmæli.

„Það var alltaf pæling að gefa út plötu og við ákváðum loksins að kýla á það,“ segir Tómas Tómasson, söng- og gítarleikari Rokkabillybands Reykjavíkur, um nýútkomna plötu sveitarinnar, Reykjavík, en sveitin fagnar jafnframt tuttugu ára starfsafmæli sínu um þessar mundir.

„Fyrsta giggið okkar var vorið 1988 og eftir það vorum við að í fimm ár stanslaust, eða til 1993. Þá flutti einn meðlimur hljómsveitarinnar af landi brott og við tók langt hlé,“ útskýrir Tómas sem fylgir nú plötunni eftir með tónleikaferðalagi um Ísland. „Við erum búnir að spila fyrir vestan og á Austfjörðum, en næst er stefnan tekin norður á Sauðárkrók, Akureyri og Húsavík, auk fleiri staða á Suðurlandi. Við vorum búnir að bóka Organ, en það fór sem fór þegar staðurinn lokaði nýverið, svo við erum að skoða hvert við færum okkur.“

Spurður hvað taki við að tónleikaferðalagi loknu segir Tómas vera hug á að koma nýju efni bandsins yfir á ensku. „Það er mikil rokkabillyvakning úti um allan heim og mikið af tónlistarhátíðum sem við viljum spila á í framhaldinu, svo við ætlum jafnvel á túr í Skandinavíu í vor og þreifa á útgáfu erlendis í kjölfarið, en fyrst þarf að koma efninu yfir á ensku. Við ætlum samt ekki að gera þetta í rosalegum hasar heldur vinna í þessu jafn og þétt.“ **- ag**


Í dag frá kl. 19-21

OPIÐ HÚS Í TOPSHOP KRINGLUNNI

15% afsláttur
af öllum vörum*

Óvæntur glaðningur
fylgir kaupum yfir 10.000 kr.

Heppinn viðskiptavinur fær
10.000 kr. úttekt

*gegn framvísun skólaskírteinis

TOPSHOP




# MENNING, SJÁLFSRÆKT OG TUNGUMÁL

## - fjölbreytt og áhugaverð námskeið við allra hæfi

Kínverska fyrir byrjendur
**hefst 15. september**

Samskipti foreldra og barna
**hefst 16. september**

Kvikmyndirnar og lífið
**hefst 18. september**

Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur
**hefst 23. september**

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
**hefst 24. september**

Bækurnar í bústaðinn
**hefst 30. september**

Farsælt líf – réttlátt samfélag
**hefst 1. október**

Stóru spurningarnar – um tilvistarspurningar barna
**hefst 2. október**

Berlín – hin nýja miðja Evrópu
**hefst 6. október**

Eyrbyggja saga
**hefst 7. október (hópur 1)**
**hefst 9. október (hópur 2)**

Fundir í félögum
**hefst 9. október**

Danska – þjálfun i talmáli á léttum nótum
**hefst 13. október**

Ísland og ímyndir Norðursins
**hefst 16. október**

Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson
**hefst 20. október (einnig í fjarfundi)**

New York í sögu og samtíð
**hefst 21. október**

Heilög heimsmynd fornaldar
**hefst 21. október**

Silkileiðin
**hefst 28. október**

Vönduð íslenska – framhaldsnámskeið
**hefst 29. október**

Tjáning og tilvist: expressionismi
í myndlist og tilvistarstefnu
**hefst 30. október**

Eðli siðskiptanna
**hefst 3. nóvember**

Lög og réttur fyrir 50+
**hefst 6. nóvember**

Schubert og Schumann – Meistarar ljóðasöngsins
**hefst 12. nóvember**

Bóleró og mambó og allt þar á mili
– kúbönsk tónlist á tuttugustu öld
**hefst 17. nóvember**

Leiðavísir að Sturlungu
**hefst 2. desember**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

## > Algjörir yfirburðir Valsstúlkna

Valsstúlkur héldu uppteknum hætti í riðlakeppni Evrópukeppninnar þegar þær rúlluðu yfir Holon frá Ísrael, 9-0, í lokaleik sínum í Slóvakíu í gærmorgun. Yfirburðir Valsstúlkna voru algjörir í riðlakeppninni en þær burstuðu alla þrjá leiki sína með samanlögðu markatölunni 23-3 og komust því örugglega áfram í milliriðilinn sem fram fer annaðhvort á Ítalíu eða í Svíþjóð í október næstkomandi. Þar mætir Valur vitanlega talsvert sterkari andstæðingum á borð við sænska félagið Umeå sem hin brasilíska Marta, knattspyrnukona ársins hjá Alþjóða knattspyrnusambandinu FIFA, leikur meðal annarra með.



**sport**

sport@frettabladid.is

LANDSLIÐSÞJÁLFARINN SIGURÐUR INGIMUNDARSON: MIKILVÆGT AÐ BYRJA B-DEILD EVRÓPUKEPPNINNAR VEL

# *Frábært ef við myndum fá fulla Laugardalshöll*

Karlalandslið Íslands í körfubolta hefur leik í B-deild Evrópukeppninnar þegar liðið mætir Danmörku í Laugardalshöll kl. 20.45 í kvöld. Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ingimundarson er ánægður með undirbúning liðsins og telur ekkert því til fyrirstöðu að menn mæti fullir sjálfstrausts í leikinn gegn Dönum.

„Undirbúningurinn er búinn að ganga vel í sumar og mér finnst liðið vera á fínum stað núna, en það snýst náttúrulega allt um að líta svo vel út í fyrsta leiknum og ég vona að það gangi eftir. Ég tel annars jákvætt að mæta Dönum í fyrsta leik og það var sennilega besti leikurinn sem við hefðum getað fengið til þess að byrja riðilinn á,“ segir Sigurður.

Fyrri umferð riðilsins er spiluð mjög þétt en fjórir leikir fara nú fram á tíu dögum en seinni umferðin er svo leikin með svipuðum hætti haustið 2009. Ísland er sem sagt í riðli með Danmörku, Hollandi, Svartfjallalandi og Austurríki og telur Sigurður verkefnið vera erfitt en jafnframt spennandi.

„Fyrstu mótherjar okkar Danir eru nýkomnir niður úr A-deildinni og fengu mikla reynslu af því að spila þar og liðið er í þokkabót búið að spila lengi saman. Leikmenn þess eru ekki að reyna neinar kúnstir eða sýna mikla snilldartakta en eru aftur á móti mjög agaðir, spila skynsamlega og eru líkamlega sterkir. Við verðum því að vera klárir í slaginn gegn þeim og það er gríðarlega mikilvægt að byrja vel í þessum riðli, ekki síst vegna þess hversu þétt er spilað. Ég tel Svartfellinga annars vera með sterkasta liðið og Hollendingar koma þar næst á eftir. Okkur hefur annars gengið ágætlega með Hollendingana en það þýðir ekki að við séum betri en þeir. Við vorum svo með Austurríkismönnum í riðli í fyrra og þekkjum þá vel og á góðum degi eigum við að geta unnið þá, það er bara svoleiðis,“ segir Sigurður sem vonast til þess að fólk mæti í höllina og styðji við bakið á íslensku strákunum.

„Það yrði náttúrulega frábært ef við myndum fá fulla Laugardalshöll og ná upp góðri stemningu og ég sé ekkert af hverju það ætti ekki að vera fyrir hendi. Það hefur líka sýnt sig að með góðum stuðningi er allt hægt í íþróttum.“





**BALDUR ÆVAR** Stóð vel fyrir sínu í Peking. MYND/JBÓ

Ólympíuleikar fatlaðra:

## Baldur jafnaði Íslandsmetið

**ÓL FATLAÐRA** Langstökkvarinn Baldur Ævar Baldursson stóð sig geysivel í Fuglshreiðrinu í gær þegar hann tók þátt í langstökkskeppni í grenjandi rigningu.

Baldur stökk eina 5,42 metra og jafnaði þar með eigið Íslandsmet sem hann setti í Kópavogi árið 2007.

Stökkið kom Baldri í sjöunda sæti af þrettán keppendum en keppt var sameiginlega í tveimur fötlunarflokkum.

Heimsmet var sett í flokki Baldurs en það setti Kínverjinn Ma Yuxi en hann gerði sér lítið fyrir og stökk 6,19 metra. Í hinum fötlunarflokknum var ótrúleg keppni þar sem tveir keppendur stukku sömu lengd sem þess utan var heimsmet. - hbg

# Skotar mun sterkari en Norðmenn

**Karlalandslið Íslands í fótbolta þarf toppleik þegar það mætir Skotlandi í undankeppni HM 2010 á Laugardalsvelli í kvöld til þess að fá eitthvað út úr leiknum, að mati landsliðsþjálfarans Ólafs Jóhannessonar.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið vonast til þess að fylgja eftir góðu jafntefli á útivelli gegn Noregi þegar liðið mætir Skotlandi í undankeppni HM 2010 á Laugardalsvelli kl. 18.30 í kvöld. Að mati landsliðsþjálfarans Ólafs Jóhannessonar eru Skotar hins vegar enn sterkari mótherjar en Norðmenn.

„Noregsleikurinn hjálpaði okkur vissulega upp á sjálfstraust og annað að gera en nú er sá leikur að baki. Skotarnir eru að mínu mati mun sterkari en Norðmenn og við eigum ekki eftir að fá sama tíma á boltanum og við fengum í Noregi. Þeir eru fljótari og pressa okkur eflaust hærra á vellinum,“ segir Ólafur.

Ólafur kemur til með að leggja leikinn svipað upp og hann hefur verið að gera undanfarið með landsliðinu; með þéttum og stöðugum varnarleik og reyna að nýta sóknarfærin þegar þau gefast.

Skotar hafa enn ekki unnið leik undir stjórn landsliðsþjálfarans George Burley, sem tók við liðinu í janúar og hefur verið gagnrýndur talsvert í skoskum fjölmiðlum eftir tapið gegn Makedóníu í fyrsta leik liðsins í undankeppninni. Ólafur segir það litlu breyta um leikinn í kvöld.

„Ég veit ekki um marga þjálfara sem eru ekki undir pressu og ég held að það vinni ekkert frekar með okkur en á móti að þeir séu búnir að vera í einhverju basli. Við vitum heldur ekkert hvað er að marka þessar meiðslafregnir úr þeirra herbúðum en að öðru leyti teljum við okkur vera með nokkuð góða lýsingu á Skotunum. Við verðum bara að mæta tilbúnir til leiks og ef við gerum það, þá erum við til alls líklegir,“ segir Ólafur.



**MÆTUM TILBÚNIR** Landsliðsþjálfarinn Ólafur Jóhannesson telur að allt sé hægt gegn Skotum svo framarlega sem íslenska liðið mæti tilbúið til leiks og landsliðsfyrirliðinn Hermann Hreiðarsson tekur undir það. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landsliðsfyrirliðinn Hermann Hreiðarsson telur mikilvægt fyrir íslenska liðið að láta jafnteflið gegn Noregi skipta máli með góðum úrslitum gegn Skotum í kvöld.

„Við þurfum náttúrulega að spila eins og menn gegn Skotum til þess að fá eitthvað út úr leiknum og við verðum líka að sýna það á okkar heimavelli að þegar allir eru samstiga getum við náð góðum úrslitum,“ segir Hermann.

Hermann telur allt öðruvísi ógn stafa af sóknarmönnum Skota en íslensku varnarmennirnir glímdu við gegn Norðmönnum.

„Sóknarmenn Skota eru talsvert fljótari, tæknilega betri og vilja hafa boltann við lappirnar frekar en að vera með einhverjar kýlingar eins og Norðmennirnir,“ segir Hermann.

Hermann sló á létta strengi í viðtali við netútgáfu norska dagblaðsins Aftenposten eftir Noregsleikinn um helgina þar sem hann endaði á skilaboðum til Kjetils, norsks mágs síns: „Kjetil, now you shut the fuck up.“

Hermann segir umræddan Kjetil hafa tekið kveðjunni fagnandi.

„Hann hló víst dátt þegar hann sá þetta og fannst þetta mjög sniðugt,“ segir Hermann hlæjandi.

omar@frettabladid.is



**GEORGE BURLEY** Skosku blaðamennirnir reyndu að þjarma að Burley í gær sem svaraði öllum spurningum með bros á vör. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

George Burley óttast ekki um starf sitt og á von á erfiðum leik gegn Íslandi:

## Höfum ekki efni á að tapa leiknum

**FÓTBOLTI** George Burley, landsliðsþjálfari Skota, var borubrattur þegar hann mætti á blaðamannafund á Laugardalsvelli. Mikil pressa er á Burley fyrir leik Íslands og Skotlands í kvöld og talið að kallað verði eftir afsögn hans tapist leikurinn. Sú umræða kemur Burley á óvart.

„Ég er frekar svekktur með þessa fjölmiðlaumfjöllun. Ég er aðeins búinn að stýra liðinu í einum alvöru leik og menn strax farnir að tala um að reka mig. Hvar annars staðar myndi slík umræða eiga sér stað í fjölmiðlum,“ sagði Burley forviða en hann gerir sér fyllilega grein fyrir mikilvægi leiksins engu að síður.

„Við höfum ekki efni á að tapa þessum leik og ljóst að erfitt verður að komast á HM ef við töpum. Við ætlum okkur líka meira en eitt stig í þessum leik. Leikurinn verður ekki auðveldur, það er klárt mál. Ísland er með gott lið.

Ég þekki Hermann vel og þar fer sannur fagmaður. Mjög hæfileikaríkur leikmaður. Eiður Smári er síðan heimsklassaspilari og getur skapað mikinn usla. Svo má ekki gleyma mönnum á borð við Heiðar Helguson,“ sagði Burley.

Það var mjög heitt í Skopje á laugardag er Skotar töpuðu þar. Burley gat ekki neitað því að honum líkaði betur við aðstæður á Íslandi sem væru mjög skoskar.

„Þetta eru allt aðrar aðstæður sem henta okkur betur. Ég býst annars við mjög breskum leik á vellinum.

Þetta verður baráttuleikur þar sem ekkert verður gefið eftir. Ég á von á átökum og við verðum að vera tilbúnir í slaginn,“ sagði Burley og var rokinn á æfingu með sína menn. - hbg




U-21 árs liðið lauk keppni í undankeppni EM 2009:

## Jafntefli í lokaleiknum

**FÓTBOLTI** U-21 árs lið karla lék lokaleik sinn í undankeppni EM 2009 á Víkingsvelli í gær. Mótherjinn var Slóvakía og lyktaði leiknum með jafntefli, 1-1.

Gylfi Þór Sigurðsson kom Íslandi yfir á 23. mínútu en Slóvakar jöfnuðu með marki úr vítaspyrnu skömmu fyrir hlé. Vítið var dæmt er Eggert Gunnþór Jónsson varði boltann með hendi á línunni. Eggert fékk rautt spjald fyrir vikið.

Íslenska liðið hafnaði þar með í næstneðsta sæti riðilsins með stigi meira en Kýpur. Leikur liðsins í undankeppninni olli oftar en ekki miklum vonbrigðum og sex mörk í átta leikjum segja sína sögu. - hbg



**KOMNIR Á LEIÐARENDA?** Spurning hvort Lúkas og Magnús fái að halda áfram eftir lélegt gengi liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BMW

www.bmw.is

Sheer
Driving Pleasure

# BMW Xpo 2008

## Upplifðu BMW






### BMW 318i

Málmlakk, 16" álfelgur, sjálfskipting, leðurklætt sportstýri, sensatec leðurlíki, rafstýrt léttstýri og 143 hestöfl.

**Xpo verð:**
**72.900** á mánuði



### BMW 320 Executive

Málmlakk, 17" álfelgur, sjálfskipting, leðurinnrétting, hiti í framsætum, leðurklætt sportstýri, aðgerðarstýri, fjarlægðarvari að aftan, geymslupakki, skriðstillir, regnskynjari, þokuljós, professional útvarp, rafstýrt léttstýri og 170 hestöfl.

**Xpo verð:**
**84.900** á mánuði



### BMW 320i Sport

Málmlakk, 17" M-álfelgur, sjálfskipting, geymslupakki, hiti í framsætum, M-leðurstýri, burstaðir állistar, sportsæti, M-vindklúfasett, M-sportfjöðrun, satin chrome gluggalistar, Alcantara innrétting, svört loftklæðning, rafstýrt léttstýri og 170 hestöfl.

**Xpo verð:**
**83.900** á mánuði

## Hvað er BMW Xpo upplifun?

**Nú kynna BMW og B&L nýja leið til að kynnast þessum þýsku lúxusbifreiðum.** Áratugareynsla BMW í sölu lúxusbíla sýnir að breyttar aðstæður í efnahagslífi kalla á breyttar fjármögnunarleiðir. Því þróaði BMW í Þýskalandi hið svokallaða Xpo úrræði og býður upp á það, á ákveðnum svæðum í heiminum. Til að viðhalda þeirri velgengni sem BMW hefur notið hér á landi undanfarin ár, hefur BMW tekið ákvörðun um að taka Ísland inn í Xpo-kerfið.

**Langur reynsluakstur.** BMW Xpo miðar að því að auðvelda sem flestum að aka um á BMW. Notaðir verða lagerbílar frá B&L og þeir niðurgreiddir með tímabundinni fjármögnun sem gerir fólki kleift að taka BMW til reynslu fyrir afar lága mánaðargreiðslu í skamman tíma.

**Engin áhætta.** Íslenska útgáfa Xpo-kerfisins byggir á 24 mánaða reynslu-samningi. Það þýðir að þú færð nýjan BMW í allt að 24 mánuði, en getur endurskoðað hug þinn eftir 12 mánuði. Einnig getur þú valið að eignast bílinn á sérstökum Xpo-kjörum samkvæmt nánara samkomulagi. **Hafðu samband við sölufulltrúa strax í dag!**

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200 - bmw@bmw.is - www.bmw.is

*Riftun samnings eftir 12 mánuði þarf að berast til sölufulltrúa B&L mánuði áður en samningur rennur út eða á 11. mánuði.

Með bílinn handa þér



> **Jennifer Esposito**

„Ég er ítölsk en fjölskylda mín fellur ekki undir hina stöðluðu ímynd af ítölskum fjölskyldum. Ég á til dæmis bara eina systur og við rífumst aldrei eða hendum pasta í hvor aðra. Mamma á ekki einu sinni leynilega sósuuppskrift.“ Esposito leikur í þættinum Hvaða Samantha? sem sýndur er í Sjónvarpinu í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SÉR STUNDUM FRÉTTIR

## *Hvað er það sem má ekki sjá?*

Ljósmyndari mætir í myndver danska fréttaskýringarþáttarins Utlandet. Hann á að baki nokkrar ferðir til Íraks og hefur sérhæft sig í áhættusömum ferðum með innrásarhernum á þessum tuttugu klukkustunda törnum sem sendur vaktina þar í landi. Hann hefur skilað myndum frá ferðum sínum samviskusamlega á fréttastofurnar og allar eru þær eins eðlis: þetta eru ljótar myndir. Sunday Times birti nokkrar þeirra fyrir tíu dögum.

Stærsta myndin var af hendi á götunni – tekin af um úlnlið. Það heyrir til undantekninga ef ljósmyndir hans birtast – þær þola ekki birtingu á kjörtíma sjónvarpsstöðvanna, ekki má heldur kaupa þær í blöðin.



Sameiginlegur hernaðarleiðangur Vesturlanda til að tryggja olíufélögum og viðskiptavinum þeirra óheftan aðgang að olíunámum Persíu kostar að örlög leiðangursmanna sem tættir eru í sundur í leynisprengjum mega ekki taka á sig mynd, jafnvel ættingjar fá ekki að sjá líkamsleifar sona sinna og bræðra.

Stríðið í Írak er þaggaðasta stríð á öld ljósmyndarinnar. Og sú þöggun er sameiginleg niðurstaða þeirra sem annars gapa mikið um frelsi fjölmiðla, fjórða valdið og þess háttar.

Enda má álykta að færu þessar hryllingsmyndir að sjást víða, væri stríðsreksturinn búinn – yrði stöðvaður. Þó hagsmunir okkar séu ríkir.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.10** Flensburg - Gummersbach, beint — STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Kitchen Nightmares — SKJÁREINN



▶ **20.30** Special Unit 2 — STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.05** Hotel Babylon — STÖÐ 2



▶ **21.35** Hvaða Samantha? (Samantha Who?) — SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Út og suður** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**
**17.50 Gurra grís**
**18.00 Fréttir**
**18.15 Veður**
**18.20 Landsleikur í fótbolta** Bein útsending frá leik karlaliða Íslands og Skotlands á Laugardalsvelli í undanriðli HM 2010. Flautað er til leiks kl. 18.30.
**20.35 Víkingalottó**
**20.45 Afríka heillar** (Wild at Heart II) (5:10) Breskur myndaflokkur um hjón sem búa ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. Meðal leikenda eru Stephen Tompkinson, Amanda Holden, Lucy-Jo Hudson, Luke Ward-Wilkinson, Deon Stewardson, Rafaella Hutchinson og Nomsa Xaba.
▶**21.35 Hvaða Samantha?** (Samantha Who?) (6:15) Bandarísk gamanþáttaröð um unga konu sem þjáist af minnisleysi og neyðist til að komast að því hver hún í rauninni er. Meðal leikenda eru Christina Applegate, Jean Smart, Jennifer Esposito, Kevin Dunn, Barry Watson, Melissa McCarthy og Tim Russ.
**22.00 Tíufréttir**
**22.30 Karajan og fegurðin** (Karajan or Beauty as I See It) Þýsk heimildamynd um hljómsveitarstjórann Herbert von Karajan. Höfundur myndarinnar er Robert Dornhelm.
**00.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Pelle Politibil**
**10.00 New Suit**
**12.00 Night at the Museum**
**14.00 The Pink Panther**
**16.00 Pelle Politibil**
**18.00 New Suit**
**20.00 Night at the Museum** Larry tekur að sér starf næturvarðar á náttúrugripasafni. Þegar hann er orðinn einn eftir í safninu, rekur hann í rogastans þegar munirnir á safninu vakna til lífsins.
**22.00 The Exorcism of Emily Rose**
**00.00 Back in the Day**
**02.00 Dog Soldiers**
**04.00 The Exorcism of Emily Rose**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Draugasögur Scooby-Doo og Kalli kanína og félagar.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (145:300)
**10.15 Flipping Out** (5:7)
**11.10 60 minutes**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.35 Neighbours**
**13.00 Sisters** (6:28)
**13.45 Grey's Anatomy** (34:36)
**14.30 E.R.** .
**16.05 Skrímslaspilið**
**16.28 BeyBlade**
**16.53 Tommi og Jenni**
**17.18 Tracey McBean**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.15 Víkingalottó**
**19.20 Veður**
**19.30 The Simpsons** (25:25)
**19.55 Friends 3** (3:25)
**20.20 Project Runway** (2:15)
▶**21.05 Hotel Babylon** (5:8) Þættir sem gerast á hóteli fína og fræga fólksins í London. Charlie Edwards er þar hótelstjóri og sér til þess að starfsfólkið hafi hugann við það sem mestu máli skiptir.
**22.00 Ghost Whisperer** (43:44) Melinda á erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf stöðugt að takast á við drauga sem birtast henni.
**22.45 The Complete Guide To Parenting** (4:6)
**23.10 Grey's Anatomy** (35:36)
**23.55 The Tudors** (6:10)
**00.45 E.R.**
**02.10 Women's Murder Club** (12:13)
**02.55 Moonlight** (16:16)
**03.40 Crossing Jordan** (11:21)
**04.25 Pushing Daisies** (2:9)
**05.10 The Complete Guide To Parenting** (4:6)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.05 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst bak við tjöldin.
**16.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi. Að þessu sinni verður BMW Championship-mótinu gerð góð skil.
**17.30 Þýski handboltinn - Hápunktar**
▶**18.10 Þýski handboltinn** Bein útsending frá stórleik Flensburgar og Gummersbach í þýska handboltanum en með liðunum leika þeir Alexander Petterson og Róbert Gunnarsson.
**19.45 Football Rivalries** Í þessum þætti verður fjallað um ríg spænsku stórveldanna Barcelona og Real Madrid.
**20.40 Undankeppni HM** Útsending frá stórleik Króatíu og Englendinga.
**22.20 10 Bestu - Sigurður Jónsson** Fimmti þátturinn af tíu í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.
**23.15 Þýski handboltinn** Útsending frá leik Flensborgar og Gummersbach.
**00.40 Undankeppni HM 2010** Bein útsending frá leik Brasilíu og Bólivíu í undankeppni HM.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Enska úrvalsdeildin** Middlesbrough - Stoke.
**18.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.
**18.30 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað.
**19.00 English Premier League**
**19.55 Masters Football** UK Masters cup er vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.
**22.10 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**23.30 PL Classic Matches** Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
**18.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.20 Design Star** (e)
▶**20.10 Kitchen Nightmares** (3:10) Seascape er einn sögufrægasti veitingastaðurinn á Long Island en núna er staðurinn í niðurníðslu og mæðginin sem eiga staðinn eru alltaf að rífast. Yfirkokkurinn er hrokafullur, aðstoðarkokkinum stendur á sama, gengilbeinurnar eru óskipulagðar og eldhúsið er það ógeðslegasta sem Gordon Ramsey hefur augum litið.
**21.00 Britain's Next Top Model** (10:12) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Það eru aðeins fjórar stúlkur eftir og þær sýna hvað í þær er spunnið fyrir tískuhönnuðina Sadie Frost og Jemima French. Síðan fara þær í forsíðumyndatöku fyrir tímaritið Company en ósætti milli stúlknanna heldur áfram að setja strik í reikninginn.
**21.50 Sexual Healing** (8:9) Í þessari þáttaröð fá áhorfendur að fylgjast með dr. Lauru Berman hjálpa pörum sem komin eru í kynlífskrísu. Þátttakendurnir kynnast dýpri og innilegri samskiptum en áður. Í hverjum þætti kynnumst við þremur pörum og fylgst er með þeim í ráðgjöfinni.
**22.50 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.40 Eureka** (e)
**00.30 Trailer Park Boys**
**01.20 Vörutorg**
**02.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl 12.15 daginn eftir
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


KKÍ
ÍSLAND · DANMÖRK
EVRÓPUKEPPNI KARLA Í KÖRFUBOLTA
Skeljungur
Iceland Express með ánægju
JAKO www.jakosport.is
Í dag, miðvikudaginn 10. september
kl 20:45 í Laugardalshöll
Miðasala á midi.is og við hurð fyrir leik




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

### Project Runway

Vinsælasti og besti tískuraunveruleikaþáttur í Bandaríkjunum. Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni þar sem markmiðið er að uppgötva næsta stóra nafnið í heimi hátískunnar. Í upphafi keppninnar mæta tólf ungir og upprennandi fatahönnuðir til leiks og takast á við fjölbreyttar áskoranir þar til aðeins einn stendur eftir og sigrar.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Ísland - Skotland, beint

### Sjónvarpið kl. 18.30

Ísland mætir Skotum á Laugardalsvelli í kvöld. Þetta er annar leikur Íslands í undankeppni HM 2010 en sá fyrsti endaði með jafntefli við Norðmenn. Skotar töpuðu fyrsta leik sínum í undankeppninni fyrir Makedóníumönnum og mega því alls ekki við því að tapa öðrum leiknum í röð.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Heimur óperunnar
**15.03** Útvarpssagan: Dyr standa opnar
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Þýtt, skráð og skáldað
**23.10** Heimsmynd á Húsavík
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (12:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (13:260)
**17.00 Seinfeld** (15:24)
**17.30 Special Unit 2** (15:19)
**18.15 Skins** (2:10)
**19.00 Hollyoaks** (12:260)
**19.30 Hollyoaks** (13:260)
**20.00 Seinfeld** (15:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
▶**20.30 Special Unit 2** (15:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir.
**21.15 Skins** (2:10) Önnur þáttaröð þessara geysivinsælu en átakanlegu bresku þátta um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
**22.00 Chuck** (2:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur nörd sem lifir afar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst sem matar hann af öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.
**22.45 Moonlight** (16:16)
**23.30 Twenty Four 3** (16:24)
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir.
**21.00 Vigtarráðgjafarnir 2. þáttur** Umsjón: Kristín V. Óladóttir.
**21.30 Hvað ertu að hugsa?** Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Kristján Viðar Haraldsson, framkvæmdastjóri New Vision.

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Kontant **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet 2. del **11.25** Grøn glæde **11.50** Ha' det godt **12.20** Hammerslag **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.35** Pigebandet Frank **14.00** Hjerteflimmer. Pigerne mod drengene **14.30** Hannah Montana **14.55** Svampebob Firkant **15.20** Grumme historier om grusomme børn **15.30** Skæg med tal **15.55** Gurli Gris **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Tæt på. Pigen med fire arme og fire ben **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.15** Onsdags Lotto **21.20** OBS **21.25** Seinfeld **21.50** Den menneskelige zoo

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Niklas' mat **12.35** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Utfordringen **13.30** Dracula junior **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Edgar og Ellen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Uventet besøk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Rupert Bjørn **16.10** Ugler i mosen **16.35** Lure Lucy **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Tingenes tilstand **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Paralympics i Beijing **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket live. **21.55** The Wire **22.50** Plutselig rik **23.20** Kulturnytt **23.30** Du skal høre mye jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Bostad sökes **11.25** Death to Smoochy **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Mega **15.00** Charlie och Lola **15.15** Dra mig baklänges **15.30** Den itusågade kaninen **15.40** Hemska Henry **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Plus **19.30** Paralympics 2008 **20.00** Tell me you love me **20.50** Kulturnyheterna **21.05** Mitt huvud är en motorväg **22.05** Sleeper cell **23.05** Sändningar från SVT24




## GAMLA MYNDIN



*„Sumir fá létt áfall þegar þeir sjá gamlar myndir af sér og hugsa með sér: Æ, ef ég væri nú orðinn svona grannur og sléttur aftur! Ég þakka guði aftur á móti fyrir þessi ár, því að sumir fá ekki að lifa svona lengi og markmiðið ætti að vera að þakka fyrir hvern dag.“*

Bergþór Pálsson óperusöngvari.

Myndin var tekin í október 1991.

# Popparar moka upp laxinum

„Það hefur verið óvenju gjöfult í laxveiðinni í ár,“ segir Óttar Felix Hauksson. Hann og Birgir Hrafnsson, félagi hans í Pops, hafa hreinlega verið að moka laxinum upp í sumar. „Við áttum besta holl sumarsins í Grímsá í Borgarfirði. Fengum 188 laxa í þriggja daga holli. Í gær og á mánudaginn vorum við í Eystri-Rangá og fengum yfir hundrað,“ segir Óttar.

Oft stækkar hópurinn og í síðustu viku voru Óttar og Birgir í sjö manna hópi sem tók þriggja daga holl í Laxá í Aðaldal. Páll Magnússon sjónvarpsstjóri og Björgvin Halldórsson voru meðal þeirra sem bættust við en Jafet Ólafsson fékk stærsta laxinn í ferðinni, 22 punda hæng. „Ég setti reyndar í mun stærri fisk,“ fullyrðir Óttar. „Hann kom á í Höfðahyl en þar fékk einmitt Jakob Hafstein úr MA-kvartettinum stærsta flugufisk Íslandssögunnar, 36 punda lax, árið 1942. Það er skjöldur á steini þarna til minningar um afrek hans og ég var farinn að sjá fyrir mér að nú þyrfti að búa til nýjan skjöld. Því miður tókst fiskinum að rífa sig lausan.“

Nú þegar laxveiðitímabilinu fer að ljúka segir Óttar að Pops muni vakna til lífsins. „Við spilum eitthvað í haust og vetur. Við þurfum bara að heyra í Eika Hauks til að sjá hvenær hann er laus.“

Pops spilaði í Norræna húsinu á dögunum, sem Óttar segir hafa verið nýbreytni í. „Fyrst lásu Sigurður Pálsson og Þórarinn Eldjárn upp í klukkutíma og svo komum við og rokkuðum. Þetta er blanda sem menn ættu að huga betur að.“ - drg



**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON** Veiddi með góðum mönnum í Laxá í Aðaldal.



**NÝJASTA LIÐSSKIPAN POPS** Birgir Hrafnsson (annar frá vinstri) og Óttar Felix (lengst til hægri) hafa verið að moka upp laxi í sumar. Aðrir í bandinu eru Jón Ólafsson, Eiríkur Hauksson og Sigurgeir Sigmundsson.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** gróft orð, **6.** frá, **8.** rjúka, **9.** lík, **11.** golfáhald, **12.** ofreyna, **14.** átölur, **16.** tveir eins, **17.** löng, **18.** í viðbót, **20.** frú, **21.** murra.

**LÓÐRÉTT**
**1.** djæf, **3.** kusk, **4.** ástir, **5.** mánuður, **7.** fáskiptinn, **10.** pili, **13.** fugl, **15.** innyfla, **16.** vefnaðarvara, **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** klám, **6.** af, **8.** ósa, **9.** nár, **11.** tí, **12.** sliga, **14.** ámæli, **16.** tt, **17.** síð, **18.** auk, **20.** fr, **21.** urra.

**LÓÐRÉTT: 1.** dans, **3.** ló, **4.** ástalíf, **5.** maí, **7.** fálátur, **10.** rim, **13.** gæs, **15.** iðra, **16.** tau, **19.** kr.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Slaven Bilic og Roberto Donadoni.
2. Britney Spears.
3. Samak Sundaravej.

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

SIGURJÓN KJARTANSSON: FÆR LOKSINS AÐ VERA MEÐ Í ÁRAMÓTASKAUPI

# Silja leikstýrir skaupinu

Silja Hauksdóttir mun leikstýra áramótaskaupinu í ár. Hún skrifar jafnframt handritið ásamt þeim Sigurjóni Kjartanssyni, Hjálmari Hjálmarssyni og Ilmi Kristjánsdóttur.

„Þetta verður svakalegt,“ segir Sigurjón sem kemur að handriti skaupsins í fyrsta sinn. „Ég var orðinn hálfkrumpaður yfir því að skaupsíminn hringdi aldrei þannig að ég gat ekki skorast undan þessari ábyrgð.“

Sigurjón játar að þetta ár sé mjög gott til að búa til skaup og gerir sér grein fyrir því að erfitt verður að toppa fréttaannálana sem munu vafalítið fjalla vel og vandlega um borgarstjórnarmálin. „Reyndar er annállinn á RÚV mun dauflegri en á Stöð 2 en ég hef engar áhyggjur af þessu. Þarna verður rjóminn af vinsælustu grínistum landsins í dag,“ segir hann.

Hjálmar Hjálmarsson segir að framsetning skaupsins verði öðruvísi en verið hefur en málefni líðandi stundar verði þó áfram í fyrirrúmi. „Það voru vörubílstjórar og ísbirnir í brennidepli og svo náttúrulega borgarpólitíkin. Svo er það náttúrulega kreppan. Það er ýmislegt sem liggur í augum uppi og spurning hvernig verður tekið á því,“ segir hann.

Þórhallur Gunnarsson, yfirmaður dagskrárdeildar Rúv, er hæstánægður með Silju í leikstjórastólnum. „Hún er efnilegur leikstjóri og það er gaman að gefa nýjum leikstjórum tækifæri til að spreyta sig á skaupinu,“ segir Þórhallur. „Þetta er einstakt tækifæri fyrir leikstjóra að glíma við og líka handritshöfunda og hún er búin að sýna að hún er fullfær um að sinna svona verðugu verkefni.“ Silja leikstýrir um þessar mundir þáttunum Ríkið sem eru sýndir á Stöð 2 og skrifar jafnframt handritið ásamt einmitt Sigurjóni Kjartanssyni og fleirum.

Þórhallur segir að þjóðin skipti ist nánast alltaf í tvær fylkingar þegar kemur að skaupinu og á ekki von á að það breytist í ár. „Það er alltaf erfitt að fara í þessi fótspor. Þau sem búa til skaupið eru með þrjú hundruð þúsund áhorfendur sem ætlast til mikils og þess vegna held ég að pressan sé meiri á þessu en flestu öðru. Þau eiga samt ekkert að hugsa um það heldur reyna að búa til það sem þau telja að geri árinu best skil,“ segir hann.

freyr@frettabladid.is



**EINSTAKT TÆKIFÆRI FYRIR UNGAN LEIKSTJÓRA** Silja Hauksdóttir leikstýrir áramótaskaupinu þetta árið. Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri segir hana hafa sannað að hún sé fullfær í svo stórt verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Koma **Magnúsar Geirs Þórðarsonar** í Borgarleikhúsið virðist hafa verið mikil lyftistöng fyrir húsið. Óvenju mikið hefur selst af áskriftarkortum leikhússins þetta haustið. Magnús Geir sagði í viðtali við Fréttablaðið í síðustu viku að á tveimur vikum hefðu selst fleiri kort en allt árið í fyrra. Alls munu um tvö þúsund kort þegar vera seld og vonast Magnús eftir að þau verði enn fleiri. Enn á hann þó nokkuð í land með að jafna met **Sigurðar Hróarssonar** sem seldi þrjú þúsund og fimm hundruð áskriftarkort árið 1991.



Leikkonan **Aníta Briem** er nú stödd á Íslandi til að vera viðstödd frumsýningu stórmyndarinnar Journey to the Center of the Earth. Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur myndin notið mikilla vinsælda erlendis og Aníta hefur fengið ágætis dóma fyrir leik sinn. Myndform, sem er dreifingaraðili myndarinnar, bauð Anítu sérstaklega til landsins til að vera viðstödd sýninguna.



**Ragnar Bragason** hefur tekið upp nýtt myndband við lag hljómsveitarinnar Bang Gang, I Know You Sleep. Myndbandið er í anda ítalskrar hryllingsmyndar frá sjöunda áratugnum og fóru tökur fram í Reykjavík, meðal annars í Öskjuhlíðinni. Ragnar hefur áður leikstýrt fyrir **Barða Jóhannsson** og Bang Gang og vann til að mynda verðlaun í Frakklandi fyrir myndband við lagið So Alone. Einnig var hann tilefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir myndband við lagið Stop in the Name of Love.



-hdm, fb

af Alliance Française í Reykjavík
Bonjour!
FRÖNSKUNÁMSKEIÐ
Frá 15. september til 11. desember 2008
www.af.is - alliance@af.is
LÆRÐU AÐ TALA FRÖNSKU
Innritun hafin í síma 552 3870

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# Uppboðssíður í hár saman

Þórir Valgarðsson, sem rekur uppboðssíðuna Seldu.is, íhugar að höfða mál gegn eigendum síðunnar Selt.is sem er af svipuðum toga. Selt.is er glæný síða, eins og kom fram í Fréttablaðinu á mánudag, en síða Þóris hefur verið opin frá því í janúar.

„Síðan á alveg rétt á sér en ekki nafnið því þetta er í raun og veru stolið nafn frá mér,“ segir Þórir um Selt.is. Hann útilokar ekki að leita réttar síns vegna málsins. „Ég ætla að ráðfæra mig við menn áður en það verður farið lengra.“

Síða Þóris er bæði á ensku og íslensku, auk þess sem hann ætlar að þýða hana yfir á dönsku á næstunni. „Hún hefur gengið mjög misjafnlega. Það hafa ótrúlega margir komið og skoðað þó svo að það hafi ekki margir skráð sig á þessa síðu,“ segir hann og tekur fram að hún sé ennþá í vinnslu. „Ástæðan fyrir því að þetta hefur tekið svona langan tíma er að maður hefur ekkert rosalegan tíma.“

Þórir starfar sem bílstjóri hjá Flytjanda en hefur alla tíð verið mikill áhugamaður um netið og rak um hríð síðuna Seldu.com sem nú er lokuð. Einnig á hann nokkur lén í pokahorninu sem hann ætlar sér að nota þegar fram líða stundir.

Sindri Bergmann, einn af eigendum Selt.is, segist ekki hafa vitað af Seldu.is fyrr en þeirra síða fór í loftið. Hann segist fagna allri samkeppni en vill meina að um misskilning sé að ræða.

„Okkur var bent á þetta eftir að við opnuðum vefinn okkar. Við sjáum ekki að við séum að stela neinu eða brjóta nein lög. Ég held að hann hafi engan einkarétt á orðinu selt eða beygingarmyndum þess,“ segir Sindri. -fb.



**ÞÓRIR VALGARÐSSON** Þórir starfrækir síðuna Seldu.is þar sem fólk getur boðið upp hina ýmsu hluti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ótrúlegur verðmunur



## Sportbúðin og Veiðihornið - sérverslanir skotveiðimannsins

**Enn eitt haustið eru vinsælustu gervigæsirnar lentar. Enn og aftur er verðmunurinn ótrúlegur.**
**12 gervigæsir í kassa, 8 á beit, 2 tvær í hvíld og 2 á verði. Öll festijárn fylgja með.**
**Verð á kassanum er aðeins 12.980. Ef þú kaupir 2 kassa gefum við þér 5% afslátt og kaupir þú 3 karton eða fleiri gefum við þér 10% afslátt frá þessu frábæra verði. Gerðu verðsamanburð og sparaðu stórfé.**
**Einnig álftir, flotgæsir, endur, „foam"gæsir og „silúettur á frábæru verði".**



**Stoeger 2000 Synthetic**
hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi. 26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
**Aðeins 69.900. 10% staðgreiðsluafsláttur**
**eða vaxtalausar raðgreiðslur til 6 mánaða**



**Stoeger 2000 Standard**
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi. 26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
**Aðeins 75,900. 10% staðgreiðsluafsláttur**
**eða vaxtalausar raðgreiðslur til 6 mánaða**



**Stoeger 2000 Camo**
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi. 26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
**Aðeins 84,900. 10% staðgreiðsluaflsáttur**
**eða vaxtalausar raðgreiðslur til 6 mánaða**



**Stoeger P350 Camo**
Pumpa með snúningsboltanum frá Benelli. 26" hlaup, 3 þrengingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
**Aðeins 49.900. 10% staðgreiðsluafsláttur**
**eða vaxtalausar raðgreiðslur til 6 mánaða**



**Beretta ES Synthetic**
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa frá Beretta. 26" hlaup, 3 þrengingar, byssupoki.
**Aðeins 124.900. 10% staðgreiðsluafsláttur**
**eða vaxtalausar raðgreiðslur til 6 mánaða**



**Beretta ES Standards**
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa frá Beretta. 26" hlaup, 3 þrengingar, byssupoki.
**Aðeins 129,900. 10% staðgreiðsluafsláttur**
**eða vaxtalausar raðgreiðslur til 6 mánaða**

## Munið vinsælu gjafabréfin okkar



Krókháls 5 – Sími 517 8050
**Sportbudin.is**



Síðumúli 8 – Sími 568 8410
**Veidihornid.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
"...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**

Þórhildar Elínar Elínardóttur


## *Húsráð gegn grámósku tilverunnar*

Gulltrygg aðferð til að gefa sjálfum sér jákvæðar strokur er að kaupa fallega skó. Sumum kann að virðast þetta heldur þunnildisleg sálfræði en reynslan hefur margsannað að glæsilegt skótau getur þurrkað upp vægan lífsleiða í einu vetfangi. Þannig get ég léttilega fært fyrir því rök að skóbúðaferðir mínar hafi í raun og veru sparað heimilinu háar fjárhæðir sem annars hefðu farið í jóga og sjálfshjálparbækur. Vel heppnuð skókaup duga í marga hamingjudaga séu skórnir nógu sjúklega flottir.

**ANNAÐ** slagið ranka ég við mér og uppgötva að allt of langur tími hefur liðið síðan síðast og þá á grámóska tilverunnar sér strax skýringar. Því miður kemur gengisfall krónunnar nú illa við þá sem hafa unun af hollri dægradvöl, því skór sem áður kostuðu bara nóg til að kitlandi gæsahúð hríslaðist niður bakið eru nú orðnir svo dýrir að hárin rísa á höfðinu.

**ÞEGAR** guð útbýtti hagsýni og ráðdeild kom ég sennilega of seint því hann sleppti líka að splæsa á mig stundvísi. Því var það ekki meðfædd skynsemi sem um daginn kom í veg fyrir að ég keypti dásamlega en sérlega ópraktíska samkvæmisskó sem fóru mér ó! svo vel, heldur tilhugsunin um parið sem ég átti ennþá ónotað inni í skáp frá síðustu skóbúðarferð. Samkvæmislífið er greinilega í sorglegri rénun.

**UM** helgina hafði skókaupaþörfinni því ekki verið fullnægt þegar ég fékk SMS frá velunnara um ægilega skóútsölu í Perlunni. Öfugt við ferðalög í rándýrar skóbúðir eru útsölumarkaðir kvöl og pína. Skylduræknin rak mig samt af stað og með bæði litlu börnin undir handleggnum tróðst ég gegnum þvöguna í þeim göfuga tilgangi að gera góð kaup. Strax við innganginn svipti múgsefjunin mig hæfileikanum til að greina á milli góðs og ills og rúin dómgreind var ég fyrr en varði farin að máta slísí rauð lakkstígvél. Ekki fyrr en ég sá að fatafella úr hverfinu var að prófa sams konar skó laust þeirri hugmynd niður að þeir væru ekki mjög nytsamlegir minni jarðbundnu persónu.

**ÞANNIG** ráku fordómarnir okkur mæðgur upp í ísbúðina á fjórðu og þaðan á sögusýninguna þar sem svarti dauði og grimmdarlegir böðlar hræddu líftóruna úr blessuðum börnunum. Afraksturinn fokdýrir sandalar á fimm ára sem munu duga fínt í snjónum í vetur.

### GÓÐAN DAG!

Í dag er miðvikudagurinn 10. september, 254. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.37 | 13.25 | 20.10 |
| Akureyri | 6.18 | 13.09 | 19.58 |

Heimild: Almanak Háskólans


# FRYSTIKISTUR



ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

| Whirlpool frystikistur | Lítrar nettó | Hæð í sm | Breidd í sm | Dýpt í sm | Körfur | Skilrúm | Ljós | Frystig. 24 klst. | Orkufl. | FRÁBÆRT VERÐ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| AFG610MB | 103 | 85 | 53 | 58 | 1 | Nei | Nei | 7,5 kg | B | Kr. 44.995 |
| AFG6142B | 138 | 86,5 | 57 | 65 | 1 | Nei | Nei | 11 kg | B | Kr. 49.995 |
| AFG6222B | 212 | 86,5 | 81 | 65 | 1 | Nei | Nei | 14 kg | B | Kr. 54.995 |
| AFG6262B | 258 | 88,5 | 95 | 66 | 1 | Nei | Já | 18 kg | B | Kr. 59.995 |
| AFG6323B | 320 | 88,5 | 112 | 66 | 1 | Nei | Nei | 24 kg | B | Kr. 64.995 |
| AFG6392B | 320 | 88,5 | 112 | 66 | 3 | Já | Já | 24 kg | B | Kr. 69.995 |
| AFG6492B | 400 | 88,5 | 134 | 66 | 4 | Já | Já | 25 kg | B | Kr. 79.995 |
| AFG6592B | 503 | 88,5 | 163 | 66 | 5 | Já | Já | 30 kg | B | Kr. 89.995 |

# ÞVOTTAVÉLAR

| Beko þvottavélar | Snúningar | Stærð: HxBxD | Þvottamagn | Ísl. leiðarv. | Ullarkerfi | Hraðkerfi | Þvotthæfni | Orkunýting | Vinduhæfni | FRÁBÆRT VERÐ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| WMD25100T | 1000 | 85/60/60 | 5 kg | Já | Já | Já | A | A | C | Kr. 59.995 |
| WMD26140T | 1400 | 85/60/60 | 6 kg | Já | Já | Já | A | A | B | Kr. 69.995 |

| Whirlpool þvottavélar | Snúningar | Stærð: HxBxD | Þvottamagn | Ísl. stjórnb. /leiðarv. | Ullarkerfi | Hraðkerfi | Þvotthæfni | Orkunýting | Vinduhæfni | FRÁBÆRT VERÐ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| AWOD4516 | 1200 | 85/60/60 | 6 kg | Já | Já | Já | A | A | B | Kr. 79.995 |
| AWOD4726 | 1400 | 85/60/60 | 6 kg | Já | Já | Já | A | A | B | Kr. 84.995 |
| AWOD6730* | 1400 | 85/60/60 | 6 kg | Já | Já | Já | A | A | B | Kr. 89.995 |

*AWOD6730 - **6th Sense með klukku -** tækni sem skynjar óhreinindi í vatninu og flýtir þvottatíma.

| Indesit þvottavél + þurrkari | Snúningar | Stærð: HxBxD | Þvotta-/þurrkmagn | Ísl. leiðarv. | Ullarkerfi | Hraðkerfi | Þvotthæfni | Orkunýting | Vinduhæfni | FRÁBÆRT VERÐ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| WIDL126 | 1200 | 85/60/60 | 5/3 | Já | Já | Nei | A | B | B | Kr. 99.995 |
| WIDLXXL146 | 1400 | 85/60/60 | 7/5 | Já | Já | Nei | A | B | B | Kr. 114.995 |

BEKO Whirlpool INDESIT

Heimilistæki
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 SÍMI 569 1500 | AKUREYRI GLERÁRGÖTU 36 460 3380 | HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A 464 1600 | SELFOSS EYRARVEGI 21 480 3700